



Verslunarráð Íslands



Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Hindranir við nýsköpunarstarf íslenskra fyrirtækja.

Höfundur: Þorvaldur Finnbjörnsson

EFNISYFIRLIT

<i>Inngangur framkvæmdastjóra Verslunarráðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins.....</i>	<i>3</i>
<i>Helstu niðurstöður skýrslunnar.....</i>	<i>3</i>
<i>Efnistöð skýrslunnar.....</i>	<i>7</i>
<i>Áhrif nýsköpunar á efnahagslíf.....</i>	<i>7</i>
<i>Umhverfi nýsköpunar.....</i>	<i>8</i>
<i>Forsenda skýrslunnar</i>	<i>8</i>
VIÐTÖL VIÐ AÐILA Í UMHVERFI NÝSKÖPUNAR OG STJÓRNENDUR FYRIRTÆKJA .10	
VIÐTÖL VIÐ AÐILA Í STUÐNINGSUMHVERFI NÝSKÖPUNAR.10	
LÖG, SKATTAR, EFTILIT OG OPINBERT UMHVERFI - STJÓRNUNARLEG LÖG OG REGLUR.....	10
Skattar almennt	11
Tekjuskattur	14
Eignarskattur.....	14
Skattaávilnanir	14
Almennt um opinbert kerfi	15
Stofnun fyrirtækja.....	16
Einkaleyfi	16
Eftirlitsiðnaður	18
MARKAÐS OG SAMKEPPNISUMHVERFI, YTRI ÞÆTTIR - EFNAHAGSLEG LÖG OG REGLUR.....	20
FJÁRMÁLAMARKAÐUR - FRAMBOÐ OG EFTIRSPURN FJÁRMAGNS.....	21
STUÐNINGSUMHVERFI - FRAMBOÐ OG EFTIRSPURN TÆKNILEGRAR AÐSTOÐAR.....	24
SAMSKIPTI AÐILA, FLUTNING Á ÞEKKINGU OG TÆKNI - NÝSKÖPUNARKERFIÐ	26
INNRI GETA FYRIRTÆKJA, MENNTUN OG ÖNNUR INNRI MÁL - INNRA UMHVERFI.....	28
VIÐTÖL VIÐ STJÓRNENDUR FYRIRTÆKJA.....30	
ÁHRIF SKATTA Á NÝSKÖPUN Í FYRIRTÆKJUM.	30
Tekjuskattur	30
Eignarskattur.....	32
Aðrir skattar og álögur.....	32
Skattaleg meðferð eignaraðildar starfsmanna	33
ÁHRIF BANNIS VIÐ FJÁRFESTINGU ERLENDRA AÐILA Á ÍSLANDI.	34
ÁHRIF SKATTAÁVILNANA SEM TENGJAST NÝSKÖPUN.....	35
ÁHRIF SKILYRÐA TIL UMSÓKNA UM EINKALEYFI Á FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA.	37
ÁHRIF EFTIRLITSIÐNAÐAR Á NÝSKÖPUN.	38
ÁHRIF HEFÐBUNDINNAR ATVINNUGREINASKIPTINGAR Á NÝSKÖPUN.....	40
ERU MARKMIÐ LAGASETNINGA MEÐ STEFNUMARKANDI SKÍRSKOTUN ALLTAF AUGLJÓS FYRIR LÖGGJAFVALDIÐ?	41
STUÐNINGUR HINS OPINBERA VIÐ NÝSKÖPUN. ÁHRIF STUÐNINGSPÁTTA.	43
ÁHRIF OPINBERRA STOFNANA, VIÐHORF OG ÞJÓNUSTA GAGNVART NÝSKÖPUN.	46
FYRSTU SKREF NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA ERU OFT ERFIÐUST.	47
ÞRÓUN FJÁRMÁLAMARKAÐAR Á ÍSLANDI OG ÁHRIF Á NÝSKÖPUN?.....	48
STUÐNINGSUMHVERFI NÝSKÖPUNAR, AÐSTOÐ VIÐ NÝSKÖPUN FYRIRTÆKJA.	51
ÞÖRF NÝSKÖPUNARFYRIRÆTKJA FYRIR MENNTAÐ STARFSFÓLK.	53
FYRIRTÆKIN SJÁLF OG SÁ REYNSLUHEIMUR SEM ÞAU ERU SPROTIN ÚR HAMLA OFT NÝSKÖPUN.....	55
SAGA OG MENNINGARHEIMUR ATVINNULÍFSINS MÓTAR NÝSKÖPUNARSTARF FYRIRTÆKJA	56
VIÐAUKI I: B-VÍSITALA TEKJUSKATTA Í NOKKRUM RÍKJUM OECD.58	
VIÐAUKI II: SKATTAR Á HAGNAÐ FYRIRTÆKJA, ARÐ OG FJÁRMAGNSTEKJUR Á ÍSLANDI OG Í NOKKRUM RÍKJUM EVRÓPU.....59	

Inngangur framkvæmdastjóra Verslunarráðs og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

-
-
-
-
-
-
-
-
-
-
-
-
-

Helstu niðurstöður skýrslunnar

Við undirbúning að viðtölum við aðila úr stuðningsumhverfi nýsköpunar og stjórnendur fyrirtækja var stuðst við skýrslur frá bæði innlendum og alþjóðlegum stofnunum. Viðtölin liggja hins vegar til grundvallar að helstu niðurstöðum um hindranir við nýsköpun og tillögur að lausnum. Á eftir hverjum kafla eru tilteknar nokkrar hindranir og tillögur en hér er stiklað á stóru og helstu þættir dregnir fram. Ekki er hægt að búast við því að hægt sé að bera kennsl á allar hindranir við nýsköpun í landinu, en töluverður fjöldi þeirra var þó nefndur í viðtölunum. Hér verður stiklað á stóru um þau atriði sem fram komu í viðtölunum. Nánari umfjöllun er í skýrslunni sjálfri.

Það er hlutverk yfirvalda að vinna að umhverfi nýsköpunar, hlú að vexti og viðgangi fyrirtækja og sjá um að mynda jákvætt rekstrarumhverfi fyrir þessi fyrirtæki. Hluti af þessu er að viðhalda almennum stöðugleika í efnahagslífinu.

Mikilvægt er að vanda til allra lagasetningar sem hefur áhrif á nýsköpun í landinu og kanna sérstaklega öll áhrif þessara lagasetninga á nýsköpun í landinu.

Mikilvægt er að hið opinbera leitist við að öðlast þekkingu á málefnum nýsköpunar með því að gera reglulega kannanir á umhverfi og forsendum nýsköpunar svo sem aðföngum, samstarfi, nýsköpunarkerfinu, áhrifum aðgerða, verðmæti nýsköpunarþátta ofl, sem lið í að byggja upp þekkingu á sviðinu sem liggja skal til grundvallar stefnumótun nýsköpunar. Um þetta þarf að vera samstarf við aðila nýsköpunarkerfis landsmanna og einnig fjölþjóðlegar stofnanir sem vinna á þessu sviði.

Yfirvöld skulu hlú að skipulagslegri nýsköpun í landinu svo sem á þeim sviðum sem fyrirtæki eru að sameina mismunandi tækni og starfsvið til að koma fram með ný starfssvið.

Jafna skal aðstöðumun hugbúnaðarfyrirtækja í landinu, sem í eðli sínu ganga þvert á allar atvinnugreinar, gagnvart hefðbundnu atvinnulífi í landinu. Einn liður í slíkri jöfnun er að bæta möguleika þeirra á lántökum.

Mikilvægt er að vinna að því að stofnanir yfirvalda svo sem skatta- og tollayfirvöld vinni með fyrirtækjum á jákvæðan hátt og láti af neikvæðum viðhorfum sínum gagnvart þeim.

Jafnvel þótt ýmiskonar skriffinnska og skýrslugerð hafi minnkað þá eru mjög mikill tími sem fyrirtæki verja í slíka starfsemi. Vissulega er mikilvægt að fyrirtæki haldi utan um rekstur sinn en leggja þarf áherslu á að þau séu ekki í óþarfa skýrslugerð fyrir aðra aðila hafi það ekki beint með rekstur þeirra sjálfra að gera.

Koma verður opinberu eftirliti með fyrirtækjum í horf sem í senn minnkar afskipti opinberra stofnana að rekstri fyrirtækja en eykur þátt þeirra sjálfra í eftirlitinu. Í þessu sambandi er rétt að skoða úttekt á kerfum fremur en einstökum þáttum. Hið opinbera haldi áfram eftirliti þar sem líf og heilsa þegnana getur verið í veði.

Hið opinbera ætti að vinna að enn meiri krafti að einkavæðingu opinberra stofnana og sjá til þess að hið opinbera sé ekki í samkeppni við einkarekin fyrirtæki. Þó þarf að fara varlega í alla einkavæðingu, þannig að mál skipist ekki þannig að opinber fyrirtæki verði í fákeppni eða með einokun að lokinni einkavæðingu.

Yfirvöld ættu að móta sérstaka nýsköpunarstefnu sem er innbyggð í efnahagsstefnu landsins. Taka þarf mið af öðrum þáttum efnahagslífsins og þjóðlífsins í heild sinni. Nýsköpunarstefna ætti að tryggja jákvæðan framgang nýsköpunar í landinu án árekstra við önnur stefnumál.

Ný lög um einkaleyfi eiga að einfalda umsóknir um leyfi. Þrátt fyrir þetta eru umsóknir hlutfallslega mjög fáar og veitt leyfi raunar örfá á hverju ári. Helsta hindrunin virðist vera sú að það vantar farveg fyrir umsóknir frá, sérstaklega minni fyrirækjum auk þess sem þetta ferli er dýrt. Því þarf að hlutast til um að hægt sé að koma á kerfi sem hvetur til einkaleyfa. Í þessu sambandi má benda á að háskólar og rannsóknastofnanir erlendis hafa verulegan ávinning af royalties af einkaleyfum. Áhersla hins opinbera um vöxt atvinnulífsins hefur gjarnan verið á þá leið að leitast hefur verið við að fá til landsins stóriðju sem væri stór kaupandi að orku. Þetta er góðra gjalda vert en ekki eru allir á sama máli um kosti þess að byggja upp fyrirtæki sem takmarkaður arður er af. Stuðningur við nýsköpun þar sem áherslan er meiri á hátækni og þekkingu er af mörgum talinn bera meiri arð og því lagt til að meiri áhersla verði lögð á að byggja upp grunngerð sem auðveldar stofnun fyrirtækja sem líklegt er að skili meiri arðsemi á hverja fjárfesta krónu en stóriðja gerir.

Leitast skal við að kanna áhrif þess að veita heimild í skattalögum til að veita skattaívilnanir vegna annarsvegar fjárfestingu í áhættusömum nýsköpunarfyrirtækjum og hinsvegar að heimila nýsköpunarfyrirtækjum sérstakan frádrátt vegna útgjalda við nýsköpun. Þá skal jafna aðstöðu íslenskra nýsköpunarfyrirtækja í skattalegu tiliti gagnvart samkeppnisaðilum í öðrum löndum.

Heimild skal veitt eigendum hugmynda að nýsköpun, frestun á skattgreiðslum þegar þeir leggja fram hugmynd, þekkingu eða önnur óefnisleg verðmæti inn í fyrirtæki sem stofnað er á grundvelli þessa.

Frumkvöðlar og rannsóknarfólk með áhugaverða hugmynd verða snemma á ferli hennar að stofna fyrirtæki um rekstur hennar. Stofnun fyrirtækja er of dýr í þessu landi enda er verið að skattleggja þessa starfsemi. Því þarf að einfalda allt kerfi og lækka kostnað við stofnun fyrirtækja, hugsanalega með því að bjóða út til einkaaðila alla skráningu og utanumhald fyrirtækja í landinu.

Heimila fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra að gera stock-option samninga og fresta skattlagningu á þeim viðskiptum til jafns við það sem gengur og gerist í þeim löndum þar sem þessi aðferð hefur verið reynd.

Eignarskattur er nánast sér íslenskt fyrirbæri sem getur í vissum tilfellum staðið nýsköpun fyrir þrifum. Dæmi eru um það að jafnvel ný fyrirtæki hafa staðið frammi fyrir því að þurfa að greiða eignarskatt af fé sem á að verja til nýsköpunarstarfs þess. Ísland er eitt fárra ríkja innan OECD sem enn leggur eignarskatt á fyrirtæki.

Skattareglur eru fremur hamlandi fyrir fyrirtæki sem hafa áhuga á fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum. Lagt er til að myndaður verði möguleiki stærri fjárfesta um að mynda samstarfsvettvang um fjárfestingar í nýsköpun í íslenskum fyrirtækjum. Þessi samstarfsvettvangur væri ekki skattfrjáls, heldur væru þátttakendur skattlagðir með tilliti til þess árangurs sem fjárfesting þeirra leiddi til.

Lagt er til að rýmkaðar séu reglur um afskriftir. Mismunandi er eftir greinum hvernig eignir þeirra eru settar saman. Í vissum tilfellum fjárfesta fyrirtæki í áþreifanlegum eignum og fá þá ákveðna möguleika á afskriftum. Í öðrum tilfellum eru eignir fyrirtækja að mestu leiti óefnislegar og því er forsenda þeirra til afskrifta allt önnur. Það þarf að skoða þetta náið þar sem óefnislegar eignir geta í sumum tilfellum þurft að afskrifa, jafnvel þótt þær hafi ekki verið skráðar á efnahagsreikning fyrirtækja. Þetta leiðir til þess að til þessa hefur mat á verðmætum fyrirtækja verið byggt á mati markaðarins þar sem efnislegar eignir eru aðeins hluti heildarverðmætis þeirra. Mikil verðmæti liggja hinsvegar í þekkingu starfsmanna, ferlum, starfsfólki, markaðskerfi og þekkt er á nokkrum stöðum í nágranalöndunum að til eru svæði þar sem ákveðnar skattareglur ríkja og eru þær oft hvetjandi til nýsköpunar. Dæmi um þetta er að á Írlandi hafa fyrirtæki fengið starfsaðstöðu á ákveðnum frísvæðum. Umræða um þessi mál hefur verið jákvæð og fyrir dyrum stendur að hrinda einhverjum slíkum áformum í framkvæmd. Lagt er til að reglur um slík frísvæði verði ekki of þröngar þannig að sem flest nýsköpunarfyrirtæki geti nýtt sér kosti þessa. ýmsum ferlum sem þau hafa komið sér upp.

Það þarf að opna fyrir fjárfestingu erlendra aðila í öllum fyrirtækjum í landinu. Bæði hefur þetta í för með sér flæði fjár inn í landið, auk þess sem þekking, reynsla og markaðsaðgangur fylgir venjulega í kjölfarið. Allar hindranir á fjárfestingu virka letjandi á erlenda fjárfesta um að starfa í landinu.

Mikilvægt er að vinna að því að almennur fjármálamarkaður í landinu nái að vaxa og dafna við sem best skilyrði. Þetta hefur í för með sér aukinn sparnað auk þess sem atvinnulíf nýtur góðs af. Reynsla síðustu ára á þessu sviði lofar góðu. Þarna geta yfirvöld myndað umgjörð sem fjárfestar og fyrirtæki geta nýtt sér til framdráttar. Fjármögnun á nýsköpun er vandamál sem leggja þarf meiri áherslu á. Í stuðningssumhverfinu er viðunandi á rannsókn- og þróunarstarfi en kostnaður við það er venjuleg einungis brot af þeim kostnaði sem til kemur við að koma afurð eða aðferð á markað. Nokkuð hefur borið á því að verðbréfasjóði hafi gefið þessum fyrirtækjum meiri gaum, en enn vantar nokkuð á. Því er lagt til að kannaðir verði kostir þess að setja á stofn lista sem á geta verið nýsköpunarfyrirtæki sem hafa náð vissum þroska. Auk þess að þetta geti leitt til aukins fjármagns til nýsköpunar ættu fjárfestar að sjá með þessu einfaldari útgöngu með hlutabréf sín.

Það mætti rýmka reglur stofnanafjárfesta sem heimila aðeins 10% af fjárfestingu í óskráðum verðbréfum. Þetta þarf þó að gera með öryggi fjármagnseigenda í huga. Nokkuð hefur vantað á að hægt sé að nota öll þessi 10% í fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.

Lagt er til að skoðaðir verði kostir þess að heimila útgáfu hlutabréfa þar sem mismikið atkvæðamagn fylgir þeim. Þetta gæti leitt til þess að frumkvöðlar og stofnendur fyrirtækja haldi áhrifum sínum í þeim þó þeir afli fjár með sölu hluta. Fjárfestar eru ekki í öllum tilfellum að sækjast eftir áhrifum heldur frekar arði af fjárfestingum sínum.

Hanna skal stuðningsumhverfi nýsköpunar þannig að frumkvöðlar og aðrir sem búa yfir áhugaverðum nýsköpunarhugmyndum eigi auðveldara með að hrinda þeim í

framkvæmd. Miða skal þann stuðning við þær aðferðir sem samkeppnisþjóðir okkar hafa notað og bæta við og aðlaga þær að þeim aðferðum sem þegar hafa viðgengist hér á landi.

Rannsóknastofnanir atvinnulífsins eru einn mikilvægasti kostur atvinnulífsins þegar til kemur nýsköpun í atvinnulífinu. Innan þessara stofnana er að finna einstaklinga með yfirgripsmikla þekkingu, sem þó nýtist ekki alltaf sem skildi. Vænta má að frá þessum stofnunum gætu komið bæði ný sprotafyrirtæki og umsóknir um einkaleyfi. Lítið hefur borið á þessu. Bæta þarf skilyrði þessara stofnana til að vera virkari þátttakendur í nýsköpunarstarfi landsmanna. Þetta má gera með samræmingu, samþættingu og sameiningu á starfsemi þeirra. Til að nálgast þær aðferðir sem best gætu gagnast væri að sjá til þess að fulltrúar atvinnulífsins kæmu að endurskoðun á starfssviði stofnanna. Opinber stuðning í ýmsu formi getur gagnast nýsköpunarstarfi íslenskra fyrirtækja verulega mikið. Mikilvægt í þessu sambandi er að yfirfara kerfi stuðnings í landinu og forðast allar endurtekningar. Enginn kostur ef af því að margir aðilar í umhverfinu séu að leitast við að veita sömu þjónustu, oft í samkeppni og án allrar samvinnu. Þá er einnig mikilvægt að byggja inn í allan stuðning, aðgang að þekkingu, kröfu um skilvirk og vel skilgreind vinnubrögð og áform um árangur af því starfi sem stutt er. Þá þarf að hanna kerfi sem hefur eftirlit með því að stuðningur skili árangri. Yfirfærsla á þekkingu til viðskiptalegra verðmæta er vandamál sem ekki hefur verið leyst á besta hátt hér á landi. Að koma fram með grunngerð (prótótýpu) er einungis eitt skref á veginum til vel heppnaðar nýsköpunar. Að uppfæra grunngerðina í fullan skala krefst þekkingar sem leggja þarf áherslu á að ná tökum á. Þetta gæti verið hlutverk rannsóknastofnana eða sérhæfðra fyrirtækja.

Opna fyrir virka samvinnu milli fyrirtækja og atvinnugreina í landinu og aðlaga stjórnsýslu og skipulag að aðstæðum sem kalla á opið samstarf. Hefðbundin atvinnugreinaskipting leiðir til þess að fyrirtæki og greinar geta einangrast sem í sjálfu sér getur verið banabiti þeirra.

Fram kom mikilvægi þess að íslensk fyrirtæki taki snemma þátt í erlendri samvinnu á sínu verksviði. Þetta er vissulega dýrara en að vinna einungis á heimamarkaði en tryggir um leið aðgang að mun stærra markaðssvæði. Vandamál íslenskra nýsköpunarfyrirtækja er lítil velta á litlum heimamarkaði og því erfitt á ná vissum "kítiskum massa" hvað varðar vöxt og arðsemi.

Fá ef nokkur fyrirtæki hér á landi hafa á að skipa allri þeirri þekkingu sem þau þarfnast til að rekstur þeirra gagni fullkomlega. Því þarf að hvetja fyrirtækin til að vinna skipulega saman að sameiginlegum lausnum. Myndun samstarfsneta eða klasa (clusters) er aðferð sem reynst hefur vel erlendis og er hlutverk yfirvalda að sjá til þess að þetta samstarf sé án hnökra í reglugerðar- og stuðningsumhverfi atvinnulífsins.

Ein helsta forsenda nýsköpunar er að fyrir hendi sé sú þekking sem atvinnulífið í landinu þarfnast. Menntun er því lykilatriði í þessu sambandi. Það verður því að vera fyrir hendi sú menntun í dag sem fyrirtækin þarfnast á morgun. Til þess að þetta gangi eftir þarf að mynda jafnvægi í framboði og eftirspurn eftir menntun. Misræmi þar á getur seinkað áhugaverðum fyrirtækjum eða atvinnugreinum að ná fótfestu.

Lagt er til að námslánakerfið sé endurskoðað í víðara samhengi. Það er rétt að sá sem nýtir sér þetta kerfi standi undir þeim framlögum sem hann fær. Í mörgum tilfellum greiða lánþegar ekki til baka allan þann stuðning sem þeir hafa fengi. Til getur komið aldur, fráfali eða annað sem veldur því að endurgreiðslum lýkur. Athuga má hvort ekki sé hægt frá upphafi að koma málum svo fyrir að hluti stuðnings sé í formi

styrkja. Þetta leiðir til þess að menntafólk verður fúsara til að taka áhættu en slíkt er forsenda þess að einstaklingar fari út í nýsköpun.

Þá má hvetja fjölmiðla til markvissrar umræðu um atvinnulíf. Oft koma fram misjafnvel undirbyggðar fréttir úr atvinnulífinu sem ekki er fylgt eftir. Þetta getur hæglega leitt til þess að fyrirtæki verða ranglega metin á markaði. Fjölmiðlaumræða um atvinnulíf er fremur tilviljanakennd og ómarkviss, með undantekningum þó.

Efnistöð skýrslunnar

Helsta hlutverk með gerð skýrslunnar er að taka saman helstu ytri og innri hindranir við nýsköpun á Íslandi og leggja til leiðir til að sporna við þeim.

Markmið með skýrslunni er að gera einskonar fyrstu talningu á hindrunum við nýsköpun með áherslu á reglugerðarumhverfið. Þetta er gert með því að greina frá niðurstöðum viðtala við aðila úr stuðningsumhverfi nýsköpunar og stjórnendur fyrirtækja þar sem fram koma viðhorf þeirra til fjölmargra þátta sem varðar hindranir við nýsköpun í landinu. Hindranir þessar eru flokkaðar og greindar og gerðar eru tillögur um leiðir til úrbóta.

Hindrunum var skipti í eftirfarandi flokka:

1. Lög, skattar, eftirlit og opinbert umhverfi - Stjórnunarleg lög og reglur
2. Markaðs og samkeppnisumhverfi, ytri þættir - Efnahagsleg lög og reglur
3. Fjármálamarkaður - Framboð og eftirspurn fjármagns
4. Stuðningsumhverfi - Framboð og eftirspurn tæknilegrar aðstoðar
5. Samskipti aðila, flutning á þekkingu og tækni - Nýsköpunarkerfið
6. Innri geta fyrirtækja, menntun og önnur innri mál - Innra umhverfi

Áhersla var lögð á upplýsingaöflun hjá þeim er vitað er að hafa þekkingu á nýsköpunarstarfi og eru líklegir til að hafa komið að hindrunum við nýsköpun. Engin áhersla er á að ná vægi milli atvinnugreina eða ofangreindra flokka, nema hvað áhersla var einna mest á reglugerðarumhverfið.

Við undirbúning að skipulagi starfsins hvað varðar efnistöð var leitað í því skrifaða efni sem til boða er varðandi erlendar rannsóknir á þessu sviði. Helstu aðilar sem leitað var til um efni eru: OECD, ESB, EUROSTAT og ýmsir rannsóknaraðilar í einstökum þjóðlöndum. Innlendir útgefendur efnis sem tengist hindrunum við nýsköpun eru fremst úr stuðningsumhverfi nýsköpunar.

Tekin voru viðtöl við aðila úr ýmsum geirum stuðningsumhverfis nýsköpunar og var aflað fanga um hvaða hindranir þeir hafa komið auga á í sínu starfi. Þá voru tekin viðtöl við stjórnendur fyrirtækja sem vitað er að hafa stundað nýsköpun og þekkja til þeirra hindrana sem slík starfsemi stendur frammi fyrir.

Áhrif nýsköpunar á efnahagslíf

Nýsköpun er talin vera helsti drifkraftur langtíma hagvaxtar og einn mikilvægasti grunnur samkeppni á markaðinum. Bætt framleiðni og útkoma úr rekstri fyrirtækja er að miklu leit háð þróun og dreifingu á tækni og þekkingu. Störf eru að breytast frá því að krefjast lítillar færni til þess að krefjast mikillar. Útflutningsaukning kemur til vegna þess að til verða hátækniapurðir og -þjónusta. Þýðingarmikið hefur verið að

leggja áherslu á vísindi og grunnrannsóknir á liðnum árum enda hafa flest vestræn ríki byggt upp mikilvægan vísindalegan grunn. Á sama tíma hefur gengið verr að yfirfæra vísindin að tæknilegum og viðskiptalegum tækifærum. Í ríkjum OECD er nokkuð mismunandi hvernig áherslu hafa komið fram. Mörg ríki, þ.m.t. Ísland hafa byggt upp vísindalegan grunn á meðan önnur ríki hafa lagt áherslu á tækniþróun á þess að sú þróun byggji á sterkum vísindalegum grunni.

Nýrra leiða er þörf til að umbreyta nýsköpun til hagvaxtar í síbreytilegu umhverfi. Atvinnulíf í hverju landi er helstu þátttakendur í nýsköpun en samskipti atvinnulífs og stofnana hafa sífellt meiri þýðingu. Þó fyrirtækin séu helsta uppspretta nýsköpunar þá er árangur þeirra háður hvötum úr hagkerfinu og reglugerðarumhverfinu en einnig samskiptum þeirra við aðila nýsköpunarkerfisins. Þá veldur alþjóðavæðing atvinnulífsins þrýstingi á fyrirtækin að stunda nýsköpun.

Í mörgum ríkjum OECD virðist áherslan á tækniþróun beinast að hátækni hluta framleiðsluiðnaðar á meðan ekki er hlúð nægilega vel að nýsköpun og tækniyfirfærslu um allt hagkerfið. Mikilvægt til að fremja nýsköpun er að koma á nýsköpunarmenningu (innovation culture) þar sem bæði lítil og stór fyrirtæki geta starfað í sameiningu. Víða er unnið að því að koma á netsamstarfi og klösum til að auka flæði þekkingar.

Umhverfi nýsköpunar

Hlutverk yfirvalda þegar þau hafa áhrif á tækniþróun er að sjá almenningi fyrir vörum og til að bregðast við markaðsrangfærslum t.d. með því að koma á eðlilegu flæði upplýsinga. Draga verður fram þá staðreynd að framkvæmdir sem tengjast tæknilegri þróun eru ekki aðeins háðar þeim aðilum sem vinna að þessari tækni (fyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskólar) heldur einnig hvernig samskiptum þeirra á milli er hagað, en þessir aðilar eru helstu byggingarsteinar nýsköpunarkerfisins í hverju landi. Betri og meiri samskiptin milli fyrirtækja, rannsóknastofnana, háskóla og sérfræðinga, eru í raun lykillinn af nýsköpunarferlinu þegar hugað er að afurðum, einkaleyfum og framleiðni. Vandamál sem geta staðið þessum samskiptum fyrir þrífum eru að þessir aðilar hafa mismunandi markmið og sá ávinningur sem þessir aðilar keppast að getur hæglega verið mjög mismunandi. Sem dæmi má taka fram að á meðan fyrirtæki keppa að betri samkeppnisstöðu og fjárhagslegum ábata geta stofnanir og skólar verið að stefna að ávinningi sem tengist velferð samfélagsins.

Netsamstarf fyrirtækja og klasar standa saman af fyrirtækjum með mismunandi þekkingu og bakgrunn. Nýsköpun þarfnast stöðugt samþáttunar fleiri og fleiri tæknisviða á meðan hækkunin er sífellt meira há mismunandi vísindalegri þekkingu. Þetta hefur í för með sér það vandamál að nánast engin fyrirtæki búa yfir allri þeirri vísindalegu og tæknilegu þekkingu sem til þarf til að geta árangursfullt komið á nýsköpun, heldur þurfa þau að leita til annarra fyrirtækja eða fyrirtækjahópa jafnvel í ólíkum greinum til að öðlast þá þekkingu á afurðum og ferlum sem til þarf. Þessi vandamál varðandi breytilegt umhverfi fyrir nýsköpun kalla á stefnu sem bæði leiðir til þess að styrkja grundvöll vísinda auk þróunar og dreifingar á tækni.

Forsenda skýrslunnar

Öll fyrirtæki sem stunda nýsköpun standa frammi fyrir einhverjum hindrunum við nýsköpunarstarf sitt. Þessar hindranir eru af ýmsu tagi og geta verið mis miklar og eru hindranirnar oft í tengslum við þá grein sem viðkomandi fyrirtæki vinnur í. Þróun atvinnugreina getur leitt til þess að fyrirtæki í viðkomandi grein mæta hindrunum sem eru í engu samræmi við raunveruleikann eins og hann er, heldur fremur eins og hann var áður. Bera þarf kennsl á hindranir með áherslu á þær sem standa í vegi fyrir

nýsköpun og geta skaðað samkeppnisstöðu fyrirtækja. Þessar hindranir þarf að greina og meta hvort, ef þeim er rutt úr vegi, skapist önnur vandamál. Þar sem hindranir eru óþarfar og takmarka eðlilega framþróun fyrirtækja þarf að finna valkosti til að eyða þeim. Þá skal einnig taka tillit til þess hvort hindranir, t.d. reglur sem settar eru af opinberum aðilum geta í sjálfu sér leitt til nýsköpunar. Dæmi um þetta getur verið takmörkun við mengun sem gæti leitt af sér lausnir sem hafa í för með sér minni mengun en áður var.

Hægt er að sjá sama vandamálið frá mörgum sjónarhornum. Hindranir á nýsköpun geta stjórnvöld séð sem fækkun atvinnutækifæra og minnkaðar skatttekjur. Launþegar geta séð hindranir við nýsköpun sem óöryggi varðandi störf sín. Fyrirtæki sem standa frammi fyrir hindrunum á nýsköpun sjá fyrir sér erfiða stöðu til að bæta samkeppnisstöðu sína. Það sjónarhorn sem hér var stuðst við er sjónarhorn fyrirtækja sem stunda eða vilja stunda nýsköpun. Ekki verður gerður greinarmunur á atvinnugreinum en frekar stuðst við mismunandi áhrif hindrana og umfang þeirra eftir því hvernig þær lenda á fyrirtækjum.

Þróun nýsköpunarumhverfis þarf af skoða óháð tíma. Ekki er raunhæft að bera kennsl á hindranir og leggja til lausnir við þeim til skamms tíma. Ekki er heldur hægt að miða slíkar aðgerðir við ástand efnahagslífsins eins og það er á hverjum tíma, þó eðlilega tækju aðgerðir til að bæta stöðu nýsköpunar mið af því ástandi í efnahagslífinu sem ræður á hverjum tíma.

Á tímum góðæris verður að skoða vandlega allar mælistikur sem gefa okkur mynd af ástandi efnahagslífsins eins og það er á hverjum tíma. Um þessar mundir stöndum við frammi fyrir því að vísbendingar benda til þess að ofþenslumerki séu þegar farin að sýna sig. Viðskiptahalli er í hærra lagi og þar með hefur gengið meira á gjaldeyrisforðann en hentugt er. Aukin innlend eftirspurn hefur leitt að sama marki. Íslendingar hafa fjárfest meira nú en alla jafnan áður, en á síðasta áratug og fram á þann tíunda þóttu fjárfestingar til atvinnulífsins fremur í lægri kantinum. Þá hefur innflutningur á neysluvörum aukist til muna. Mjög lítið atvinnuleysi er í landinu og hefur orðið vart við skort á vinnuafli í sumum greinum. Þetta hefur leitt til ákveðins launaskriðs í þessum greinum en laun hafa einnig hækkað verulega hjá stórum hópum fólks eins og hjá hinu opinbera og í bankakerfinu. Það er vissulega þörf á að hið opinbera haldi áfram að sýna aðgæslu í efnahagsmálum og við að hagræða í ríkisbúskapnum og forðast umfram allt að missa ekki úr böndunum þann stöðugleika sem náðst hefur. Nýsköpun í atvinnulífinu ætti að geta verið á fullu skriði við þessar aðstæður og er mikilvægt að hrinda úr vegi öllum hindrunum við nýsköpunarstarf fyrirtækja til að tryggja framlag þeirra til langtíma hagvaxtar.

Viðtöl við aðila í umhverfi nýsköpunar og stjórnendur fyrirtækja

Tekin voru viðtöl við á fjórða tug einstaklinga úr opinberu stuðningsumhverfi og úr ýmsum greinum atvinnulífsins. Markmið með þessum viðtölum var að frá fram viðhorf þessara einstaklinga til hindrana á nýsköpun í umhverfi fyrirtækja með áherslu á hið opinbera umhverfi einkum og sér í lagi hvað varðar reglugerðarmál. Farið var vítt og breitt yfir sviðið með aðilum úr stuðningsumhverfi nýsköpunar og voru niðurstöður þessara viðtala notaðar til að byggja upp á skipulegan hátt viðtöl við stjórnendur fyrirtækja sem vænta má að standi frammi fyrir hindrunum við nýsköpunarstarf fyrirtækja sinna.

Viðtöl við aðila í stuðningsumhverfi nýsköpunar.

Fyrst voru tekin viðtöl við aðila sem komu frá stuðningsumhverfi nýsköpunar. Með stuðningsumhverfi hér er átt við þau fyrirtæki og stofnanir sem á einhvern hátt koma að þróun nýsköpunar í landinu. Markmið með þessum viðtölum var bæði að fá fram viðhorf þessara einstaklinga til umhverfis fyrirtækja á sviði nýsköpunar og þeirra hindrana sem þar kunna að finnast. En einnig að undirbúa síðari viðtöl við stjórnendur fyrirtækja um hliðstæð mál.

Viðtölin voru opin og voru þessir aðilar beðnir um að koma með athugasemdir við hindranir á nýsköpun samkvæmt eftirfarandi lista:

Lög, skattar, eftilit og opinbert umhverfi - Stjórnunarleg lög og reglur
Markaðs og samkeppnisumhverfi, ytri þættir - Efnahagsleg lög og reglur
Fjármálamarkaður - Framboð og eftirspurn fjármagns
Stuðningsumhverfi - Framboð og eftirspurn tæknilegrar aðstoðar
Samskipti aðila, flutning á þekkingu og tækni - Nýsköpunarkerfið
Innri geta fyrirtækja, menntun og önnur innri mál - Innra umhverfi

Hópurinn sem rætt var við var valinn með það fyrir augum að fá fáa aðila til að gefa sem víðasta mynd af umhverfi nýsköpunar m.t.t. hindrana. Ekki var gerð nein tilraun til að gera tölfræðilega úrvinnslu úr svörum heldur einungis að draga saman viðhorf einstaklinganna í hópnum. Ljóst er að einstaklingar innan hópsins hefðu mismunandi skoðanir á hinum ólíku viðfangsefnum. Þetta endurspeglast í þeirri úrvinnslu á viðtölunum sem hér fer á eftir.

Lög, skattar, eftilit og opinbert umhverfi - Stjórnunarleg lög og reglur

Skattamál eru viðamikill málaflokkur hvað varðar hindranir við nýsköpun. Ýmsar fjölbjóðlegar stofnanir hafa gert tilraun til að meta áhrif skatta á nýsköpun. Má sem dæmi nefna s.k. B-vísitölu sem OECD hefur tekið saman og metur hve "vingjarnlegt" skattaumhverfi er í garð nýsköpunar. Tafla yfir B-vísitölu er að finna í viðauka I. Þá hefur verið gerður samanburður á skattlagningu hagnaðar fyrirtækja, arðs og fjármagnstekjum í nokkrum ríkjum Evrópu á vegum EVCA (European Ventur Capital Association) sjá viðauka II.

Skattar almennt

Hugarfar

Hlutverk yfirvalda er að sérstaklega á tímum mikilla breytinga að sjá til þess að frumkvöðlar eigi auðveldara með að koma starfsemi af stað og starfa í jákvæðu umhverfi. Dæmi eru til um að íslensk fyrirtæki hafi verið stofnað erlendis þar sem ekki hafi verið rekstrargrundvöllur fyrir þau hér á landi af skattalegum ástæðum.

Yfirvöld hafa oft látið skammtímahagsmuni um tekjuöflun ráða aðgerðum sínum í skattamálum. Það skortir festu í lagaumhverfið, og hefur borið of mikið á miklum og örum lagabreytingum á þessu sviði. Umþóttunartími í tengslum við breytingar á skattalögum er allt of stuttur. Þessi tími mætti að vera a.m.k. eitt ár en ekki fáeinar vikur eins og þegar lög um virðisaukaskatt komu til framkvæmda, með öllum þeim vandamálum sem það hafði í för með sér. Breytt hugarfar í skattamálum leiðir til meiri opnunar fyrir nýsköpun í landinu.

Skattaálögur virðast oft á tíðum geðþóttaákvarðanir. Skattayfirvöld hrósa sér gjarnan af sértækum aðgerðum sem leiða til aukinnar skattheimtu. Oft eru álögurnar síðan felldar niður eftir málaferli sem eru löng og dýr bæði fyrir fyrirtækin og hið opinbera, vegna þess að ekki voru viðhöfð nægileg vönduð vinnubrögð. Tími og peningar fara í málaferli og kraftar fyrirtækja nýtast því ekki til t.d. nýsköpunar eða skyldra þátta sem gætu bætt samkeppnisstöðu og afkomu.

Hér á landi hafa fyrirtæki í stóriðju notið sérstakra skilyrða, þó á endanum hafi starfsemi þeirra ekki endilega haft sérstaklega mikinn ávinning í för með sér. Almenna reglan hér á landi ætti að vera sú að allir búi við sömu skattameðferð.

Meðal viðmælenda var lítil þörf talin á að breyta tekjuskattsprósentu fyrirtækja vegna nýsköpunar. Þó var talið að breyta mætti innviðum skattakerfisins, þannig þó að sama heildarskattheimta komi til. Þá þarf að gera sérstakar kröfur varðandi öll frávík frá almennum skattareglum. Verði t.d. heimilaðar skattaívilnanir vegna útgjalda við rannsóknir og þróun (RoÐ), þurfa þessar aðgerðir að leiða til einhverra tekna í staðinn. Skattaívilnun í þessu tilfelli verður að valda aukningu á RoÐ starfsemi, til hagsbóta fyrir fyrirtækin, ekki aðeins að þau haldi í horfinu. Sértækar aðgerðir eru erfiðar og þarf að vanda vel til undirbúnings þeirra.

Umhverfi

Flestir viðmælenda töldu að skattaálögur væru ekki stórt vandamál hvað varðar nýsköpun þegar um er að ræða ný fyrirtæki sem ekki eru farin að mynda tekjur. Á þessu geta vissulega verið undantekningar. Vandamál með skatta sem hindrun við nýsköpun kemur síðar á ferli þeirra. Þó eru alvarlegar hindranir við nýsköpun tengdar skattalegum reglum fyrir hendi, sérstaklega við mat á framlagi frumkvöðla til nýsköpunarfyrirtækja í samvinnu við fjárfesta.

Vart hefur orðið við breytt hugarfar íslenskra stjórnvalda hvað varðar nauðsyn vaxtar í atvinnulífinu. Yfirvöld, stofnanir, bankar og stærri fyrirtæki eru í ríkara mæli að setja sér markmið með vöxt að leiðarljósi.

Borið hefur á að í farvatninu sé að gerast samruni milli ólíkra greina og gengur sá samruni fremur hratt fyrir sig. Fyrir dyrum stendur einnig ýmiskonar samruni

(convergion) fyrirtækja og verkefna, t.d. sími, tölvur, sjónvarp og skyld tækni rennur saman í eitt. Þetta á einnig við um atvinnustarfsemi af ýmsu tagi, ekki síst fjármálamarkað. Hefð var fyrir því áður var að bankar sæu um skammtíma fjármögnun en sjóðir um lagatíma fjármögnun og tryggingafélög sáu um tryggingar. Þetta er að breytast með samstarfi og samruna banka og tryggingafélaga. Tæknibreytingar knýja einnig á um samruna. Dæmi um slíkt er t.d. útgáfa, skemmtanageirinn, vídeo og kvikmyndir. Stórt fjölmiðlafyrirtæki hér á landi hefur keypt hluta í fyrirtækjum sem fást við internet, hugbúnað, vistun servera, tölvuleiki og kvikmyndir auk þess að eiga hlut í símafélagi. Slík skipulagsleg nýsköpun þarf frjálst skattaumhverfi til að geta orðið að verkuleika.

Menning íslendinga er sögð vera blanda af menningu Evrópu og Ameríku. Evrópsk menning leiðir menn til íhugunar á vandamálunum en sú Ameríska til þess skemmri íhugunartíma og skjótari aðgerða.

Fyrirtæki eru farin í ríkari mæli að keppa við önnur fyrirtæki sem ekki hafa verið talin samkeppnisaðili til þessa. Skýrt dæmi um þetta eru t.d. alfræðiorðabækur þar sem dreifingarkostnaður hefur verið mjög hár en slík starfsemi var helst í samkeppni við aðrar svipaðar bækur. Það var internetið sem kom þessari grein í mikinn vanda þar sem dreifingarkostnaður netsins er hverfandi. Það sem gildir fyrir íslenska nýsköpun er að sjá möguleikann sem alls ekki þarf að vera hindrun heldur jafnvel möguleiki nýrra fyrirtækja oft á kostnað þeirra eldri.

Hræringar í efnahagslegu umhverfi leiða til þess að ýmsir möguleikar koma til og þarf þá vissa sköpunargáfu til að koma auga á þá. Hugmyndir verða æ meira virði á meðan umhverfi fær minna vægi. Alþingi hefur "stundað nýsköpun" í lagasetningu, og hefur það leitt til að sett hafa verið of mikið af lögum á of skömmum tíma, sem flókið getur verið að fylgja eftir. Lagasetning er flókið ferli sem snertir marga þætti efnahagslífsins og er full þörf á að slík ferli séu hugsuð til enda. Það er ástæða til að huga að því að fækka lagasetningum en bæta gæði laga sem sett eru og gæta þess vandlega að sett séu markmið með nýjum lögum og að þau markmið séu höfð að leiðarljósi.

Stöðugleiki í umhverfi atvinnulífs er mjög mikilvægur. Á alþjóðavettvangi eru dæmi um að t.d. lyfjafyrirtækjum hafi verið valin staðsetning í löndum sem þekkt eru fyrir stöðuga efnahagsstjórn, svo sem í Bandaríkjunum, Bretlandi og Sviss. Slík hugsun er algeng þegar velja þarf stað fyrir starfsemi sem einkennist af dýrum þróunarkostnaði og háum kostnaði við verndun þekkingar.

Saga

Reynsla er samansafn af upplifun manna sem gerir þá færari um að vinna á vandamálum nútíðar og fortíðar. Reynslan nýtist þó ekki alltaf við algerlega nýjar aðstæður. Því er mikilvægt að nýta sér reynslu fyrri ára við hönnun skattalegra aðgerða og mat á áhrifum þeirra. Fyrr á árum var fjármagn bundið við þröngan markað og var því oft varið til fjárfestinga í steypu eða til neyslu. Mjög lítil tækifæri voru til að leita hagstæðari leiða. Þetta leiddi til þenslu og verðbólgu sem var viðvarandi á Íslandi í áratugi. Nú á tímum má færa fjármagn úr landi og leita bestu leiða við ávöxtun þess án þess að það leiði til þenslu. Á sama tíma eru valkostir við fjárfestingar mun fleiri.

Þennan áratug er nánast í engu hægt að bera saman við þróun fyrri ára. Svo miklar breytingar hafa orðið. Nánast allir þættir í atvinnulífi landsins eru nálgast það að verða eðlilegir miðað við það sem gengur og gerist hjá nágranna þjóðum okkar. Erlent samstarf hefur þvingað stjórnvöld til að laga aðstæður og afnema ýmsar hindranir sem hafa verið á vegi fyrirtækja sem stunda nýsköpun. Hindranir við nýsköpun eru því í mörgum tilfellum hlutlægar hjá fyrirtækjunum og ekki alltaf í umhverfi þeirra.

Enn eru þó vandamál varðandi nýsköpunarfyrirtæki t.d. í hugbúnaðargeiranum vegna skattamála. Opinberir aðilar hafa oft kosið að versla ekki við sjálfstæð hugbúnaðarfyrirtæki, heldur byggja upp eigin deildir í staðinn. Þessu veldur að viðskipti við hugbúnaðarfyrirtæki eru háð virðisaukaskatti. Þetta þarf að laga þar sem ört vaxandi nýsköpunargrein á í erfiðleikum með að eiga viðskipti við ríkisstofnanir en hið opinbera hefur í hendi sér að auðvelda nýjum greinum að vaxa, jafnvel eingöngu með því að beina viðskiptum sínum til þeirra.

Viðmælendurnir töldu flestir að íslenskt skattakerfi væri fremur vanþróað þó það sé í heild sinni byggt upp í þeim anda sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Vandamál er hvernig eigi að bregðast við nýjum skilyrðum eins og t.d. þegar starfsmönnum er boðin forkaupsréttur (stock-option) á hlutabréf á hagstæðu verði. Oft er erfitt að fá svör við spurningum frá skattayfirvöldum við knýjandi spurningum og því greinilegt að vantar skýrar reglur. Tilraunir til að ívilna starfsmönnum fyrirtækja með hagstæðum hlutafjárkaupum í fyrirtækjum sem þeir vinna hjá hafa leitt til skattlagningar og hafa álögur verið lagðar á þá.

Lítið hefur farið fyrir langtímahugsun hvað varðar þróun umhverfis fyrir nýsköpun hér á landi. Þó almennt sé talið að hið opinbera eigi að plægja akurinn fyrir nýsköpun og að fyrirtækin sjálf sjái um að sá og uppskera af þeim akri, þá hefur langtímahugsun ekki náð til þeirra sem móta eiga umhverfið. Danir settu t.d. af stað 50 ára áætlun þar sem hvatning var til að mynda tekjur af utanríkisviðskiptum. Starfsmenn sem vinna erlendis fá sérstök skattaleg kjör. Engar slíkar langtíma áætlanir eru til hér á landi sem gætu leitt til vaxtar útflutningsgreina, til hagsbóta fyrir þær og hið opinbera til langs tíma.

Ein mesta hindrun sem nýsköpun í landinu stendur frammi fyrir er hefðbundin skipting atvinnugreina. Mismunandi skilyrði mæta fyrirtækjum í mismunandi greinum og veldur það því oft að eitt fyrirtæki fær aðra meðhöndlun en annað. Forsenda nýsköpunarkerfisins í hverju landi er að óhindrað flæði upplýsinga, þekkingar og tækni, sé milli aðila í kerfinu. Fari þetta flæði á skjön myndast þar með hindrun. Flesti eru sammála um að skipting atvinnugreina sé ekki af hinu góða. Pólítískan vilja og kraft þarf til þess að brjóta niður vegg þessarar skiptingar. Það hefur þó ekki gengið til þessa. Skiptingin gengur í gegnum alla stjórnsýslu og efnahagslíf, allt frá stofnunum til ráðuneyta, en samkvæmt hefð fæst hvert ráðuneyti við sína greinina; fiskveiðar, landbúnaður og iðnaður.

Skattalög eru almennt of flókin í landinu og eru því sértækar skattaívilnanir ekki endilega til bóta. Líkur eru á því að slíkar ívilnanir geti verið misnotaðar. Hentugra gæti verið að mati sumra, að setja flatan tekjuskatt t.d. 20% sem mun gera ívilnanir óþarfar.

Tekjuskattur

Margir viðmælenda nefndu eftirfarandi dæmi um vandamál varðandi tekjuskatt sem hindrun við stofnun nýsköpunarfyrirtækja: Frumkvöðull sem ætlar að stofna fyrirtæki með fjárfestum leggur hugmynd sína fram sem hlutafé. Þetta hlutafé, sem í raun er hugmynd og úrvinnsla hennar, er verðlögð sem framlag frumkvöðulsins. Um leið og hugmyndin er orðin að hlutafé myndar hún skattstofn. Erfitt að telja fram raunhæft verðmæti hugmynda vegna skattamála. Þessar aðstæður kalla á það að fjárfestar og frumkvöðlar kjósa að fara krókaleiðir við stofnun nýsköpunarfyrirtækja.

Fólk getur ekki lagt fram ófnisleg verðmæti (hugmynd o.þ.h.) þar sem þau teljast til tekna og eru þær skattlagðar strax. Í þessu tilfelli þarf að dreifa skattbirgði á móti tekjuflæði, tíma og árangri. Þá eru vandamál tengd því að lítil hefð er fyrir mati á ófnislegum eignum. Þetta á raun við bæði um Ísland og flest önnur lönd. Það skortir aðferðir við mat á verðgildi ófnislegra eigna og skapar það ýmiss vandamál svo sem hvað varðar verðmæti hugmynda og vinnu sem lögð hefur verið fram innan fyrirtækja og í umhverfi þeirra.

Mikilvægt er frá sjónarhorni nýsköpunarfyrirtækja hvernig meðferð arðs af hlutabréfum er skattlagður. Arður er skattaður þar sem hann myndast. Skoða þarf samhengi arðs og vaxta, þar sem hið fyrri er umbun fjárfesta og frumkvöðla en hið síðara kostnaður við lánsfé sem veitt er án mikillar áhættu. Þetta þarf að meðhöndla þannig að hvatning sé að leggja fram fé í áhættuverkefni.

Eignarskattur

Á Íslandi greiða einungis fyrirtæki og einstaklingar eignaskatt. Eignaskattur getur verið hindrun fyrir nýsköpun. Dæmi var nefnt um fyrirtæki með góða viðskiptahugmynd og ætlar að stunda RoÐ starfsemi í 5 ár. Fyrirtækið selur hlutabréf að nafnvirði um 1.000 krónur á 10.000.- myndar mismun upp á kr. 9.000.- sem er metinn til eignaskatts, jafnvel þó eigi að nota hann til að standa straum af RoÐ kostnaði næstu 5 árin. Þetta gerir erfitt fyrir erlenda fjárfestingu í fyrirtækjum hér á landi og getur leitt til þess að fyrirtækið verður að flytja til útlanda.

Eignaskattur á fyrirtæki er 1,45%. Þriðjungur eigna í landinu eru í eigu einstaklinga og fyrirtækja sem greiða eignaskatt af þessum eignum. Tveir þriðju hluta eru í eigu "einhvers" (ríkið) eða "ekki neins" (t.d. ýmisskonar samtök), sem ekki borga eignaskatt. Sú staðreynd að í mjög fáum ríkjum OECD greiða fyrirtæki eignaskatt og að álagningu eignaskatts er misjafnt farið eftir því hver á eignirnar, hlýtur að benda til að þessi skattlagning sé óréttlát.

Skattaívilnanir

Í umræðunni eru fremst tvær tegundir skattaívilnana taldar koma til greina. Í fyrsta lagi ívilnanir vegna fjárfestinga í áhættusömum nýsköpunarfyrirtækjum og í öðru lagi lækkun skattstofns vegna útgjalda sem tengist nýsköpun. Skattaívilnanir eru þegar til fyrir einstaklinga sem fjárfesta í skráðum fyrirtækjum. Einstaklingarnir fá ívilnun frá álögðum sköttum eigi þeir hlutabréf sín í ákveðinn tíma. Þetta kerfi hefur bæði aukið framboð fjár til atvinnulífsins og leitt til sparnaðar í þjóðfélaginu. Næsta skref gæti verið skattaívilnanir vegna fjárfestinga í áhættufyrirtækjum og óskráðum

nýsköpunarfyrirtækjum. Þetta þarf vissulega að gera fram eftir ákveðnum og ströngum reglum.

Skattaívilnanir geta látið gott af sér leiða en þurfa að vera mjög vandlega útfærðar. Ekki má haga hlutum svo að fyrirtæki geri út á skattaívilnanir. Varast skal þó að formið sé þannig hannað að það nýtist ekki. Ekki er nauðsynlegt að kerfjast 100% árangurs í öllum tilfellum og ekki ætti að gera reglur of flóknar. Reikna þarf að með ákveðnum herkostnaði í þessu tilfelli.

Ýmsir fjársterkir einstaklingar, þar á meðal þeir sem hafa farið vel út úr kvótaviðskiptum og kalla mætti áhættusækna, beina fjárfestingum sínum í ríkara mæli að nýsköpunarfyrirtækjum, þar sem þeir telja ágóðavon meiri. Lítil hefð er þó komin á fyrir þessari tegund fjárfestinga á Íslandi en í nágrannaríkjunum, sérstaklega á Bretlandi, er fjöldi viðskiptaengla (business angles) starfandi. Það er rík ástæða til að skoða vandlega hvort ekki mætti hvetja til þessarar tegundar fjárfestinga fram yfir það sem þegar er.

Þá mætti einnig skoða möguleikann á skattaívilnunum vegna fjárfestinga í rannsóknnum, nýsköpun, umsóknnum um einkaleyfi, útrás fyrirtækja og öðrum óáþreifanlegum þáttum sem geta leitt til betri samkeppnisstöðu og arðsemi.

Almennt um opinbert kerfi

Efnahagleg - eða ytri skilyrði fyrirtækja eru grundvöllur þess að nýsköpun geti átt sér stað. Með þessu er átt við þætti eins og verðbólgu, vexti, viðskiptakjör ofl. Fyrsta skylda hvernar ríkisstjórnar er að skapa þjóðhagslegar aðstæður sem nýsköpun getur þrífist í.

Viðhorf stjórnvalda til borgarana er stundum óþarflega neikvætt og of miklum tíma er varið til að ná til þeirra sem talið er að séu að spila á kerfið. Víða eru stofnanir fastar í kerfinu og veldur það skorti á sjálfvirkni í samstarfi við fyrirtæki og einstaklinga. Í þessu sambandi eru sérstaklega oft nefnd embætti skattstjóra og tollayfirvöld. Stofnanir af þessu tagi hafa ekki þróast í takt við þarfir atvinnulífsins. Aðrar stofnanir, sérstaklega þjónustustofnanir hins opinbera töldu menn standa sig nokkuð betur hvað varðar þjónustu og viðhorf gagnvart fyrirtækjum.

Of stór hluti tíma fólks sem rekur lítil fyrirtæki fer í allskonar skriffinnsku fyrir hið opinbera. Í hverjum mánuði eru fylltar út ýmiskonar skýrslur og eru sumar þeirra í tengslum við starf í þágu hins opinbera á nokkurrar skírskotunar til starfsemi fyrirtækisins sjálfs. Dæmi um þetta er innheimta virðisaukaskatts. Það vantar þjónustuaðila fyrir þessi fyrirtæki, sem tekur að sér að fást við þá skriffinnsku sem þörf er á, þannig að frumkvöðlar geti sinnt sínu starfi.

Nýsköpunarstefna er hluti af mörgum stefnumálum ríkisstjórnarinnar, hvort um er að ræða iðnaðarstefna, sjávarútvegs- eða landbúnaðarstefna, menntastefna o.f.l. Ekki hefur verið gerð tilraun til að einangra sérstaka stefnu í nýsköpunarmálum. Þá er það mat manna að hið opinbera verji fjármunum freka til styrkja en til annarra stuðningstengdra aðgerða til að skapa tekjur.

Það má nýta enn betur opinbert fé sem varið er til rannsókna og þróunar. Áherslur eru ekki endilega réttar og þarf ákveðna uppstokkun í þessum málum. Breyta þarf t.d. áherslum í starfi rannsóknastofnana atvinnuveganna. Meðal þess sem þarf að gera er:

1. Samþætta, sameina skilda starfsemi, nýta aðstöðu, tæki og mannafla betur.
2. Rannsóknastofnun efnahagslífsins ætti að koma í stað atvinnuskiptra stofnana. Breyta áherslum, finna hagnýt not fyrir vísinda og tækniþekkingu. Þverfagleg þekkingarmiðstöð, mætti koma til, sem sinni öllu atvinnulífi. Auka þarf markvisst á verðmætasköpun atvinnulífsins með starfi þessara stofnana.
3. Skilja á milli opinbers hluta og samkeppnishluta rannsóknastofnana. Mæla þarf í hvað fer opinbert fé og hvort um sé að ræða réttar áherslu.

Stofnun fyrirtækja

Beinn skattur í formi hárra gjalda við stofnun fyrirtækja er lagður á nýsköpun. Hlutfé verður að vera hærra en 400 þúsund og skráningagjöld eru yfir 150 þúsund. Tekjur hins opinbera af skráningu eru um 50 milljónir á ári og er það langt umfram kostnað við skráninguna. Hlutfélagaskrá ætti að vera einkarekin fyrir sjálfsafrafé. Mjög tímafrekt er að stofna fyrirtæki og þarf að fara víða. Hafa ætti einn stað þar sem fara þarf til að stofna fyrirtæki. Óvön manneskja gæti hreinlega gefist upp við að stofna fyrirtæki.

Vandamál við stofnun fyrirtækja getur verið hindrun við nýsköpun. Aðstoð í tengslum við þessi mál er mjög takmörkuð nema hjá lögfræðingum og endurskoðendum eða öðrum dýrum sérfræðingum. Oft er því erfitt fyrir tilvonandi fyrirtækjastofnendur að finna réttu leiðina og getur það leitt til þess að góðar hugmyndir daga uppi. Skólakerfið býr fólk ekki nógu vel undir það að stofna fyrirtæki og ætti að taka strax á því. Auk þess er mikið reglugerðarmál að stofna fyrirtæki, og er það lítil hvatning.

Einkaleyfi

Verndun einkaréttar er öll vernd á hugverkum og þekkingu og má nefna m.a. einkaleyfi, einkarétt, vörumerki og hönnunarvernd sem dæmi um slíka vernd. Kostnaður vegna einkaleyfa er tvímælalaust hindrun við nýsköpun. Það ætti að vera hægt að fá kostun á frumkostnaði við einkaréttarvernd eins og víða er gert erlendis. Það kostar lítið að koma slíkum málum í farveg. Þá vantar fjölbreytt stuðningssumhverfi um verndun eignarréttar. Það þarf að útfæra slíka hugmynd vel og taka sérstakt tillit til hvort sérhvert einkaleyfi eða önnur tegund verndunar, getur haft í för með sér tekjumyndun.

Hentug leið fyrir þá sem hyggjast verja þekkingu sína er að sækja um alþjóðleg einkaleyfi. Þessi aðferð leyfir frestun á stórum hluta kostnaðar í a.m.k. 30 mánuði. Hefðbundin umsókn kostar í byrjun um 200 þús og gildir í eitt ár. Því næst er valin alþjóðlega leiðin sem gildir í um 18 mánuði til viðbótar. Málinu er því hægt að halda opnu í 30 mánuði en að þeim tíma má búast við að meiri vitneskja sé um hvort halda eigi áfram með málið. Eftir þessa 30 mánuði er sótt um í löndum sem hentugt þykir. Þá er hægt að sækja um EPO (Evrópu) vernd sem er gild í a. m. k. 12 löndum í Evrópu. Viðbótarleyfi má svo afla í öðrum löndum þar sem talið er að leyfi sé nauðsynlegt. Kostnaður um 2-400 þús í hverju landi og svæði. Hvetja mætti fyrirtæki sem vinna að þróun við að nýta þetta kerfi. Nokkuð er um umsóknir um einkaleyfi

sem sjá má fyrir tiltölulega snemma að aldrei verði af leyfum. Eftirfarnadi mynd sýnir þetta ferli

I-----	II-----	III-----	IV----
0 mán	12 mán.	19 mán.	30 mán.
Innlögð umsókn	Alþjóða-umsókn	Rannsókn	Önnur lönd
kostnaður þús. kr.			
2-400	3-400	100	400 X fjöldi landa


Skipulegar aðferði um samstarf og rétt vantar milli vinnuveitenda og uppfinningamanna sem hjá þeim starfa varðandi verndun þekkingar. Þó má nefna að tilraun um starfsmannasamninga á þessu sviði hefur verið reynd hjá einhverjum stofnunum þar sem stundaðar eru rannsóknir. Það þarf að búa til umhverfi þar sem launþegi fær sanngjarna þóknun, þegar hann kemur fram með leyfishæfa hugmynd úr umhverfi fyrirtækis hans eða stofnunar. Umhugsunarverð er sú staðreynd að um 1,5 leyfi er veitt til innlendra aðila í Íslandi að meðaltali.

Áherslu þarf að leggja á við verndun eiganarréttar, að um nýjung þarf að vera að ræða, þ.e.a.s. gera þarf greinarmun á uppfinningu á einhverju nýju og uppgötvun á einhverju sem þegar er þekkt. Samfélagið veitir eiganda uppfinningar rétt til að nota hana í 20 ár og fá þar með greiddan kostnað við hana auk þess sem hann kann að hafa af henni arð. Eftir það tilheyrir uppfinningin "tækisjóði" samfélagsins. Þetta er til þess að menn stingi ekki hentugum uppfinningum undir stól ef þeir hafa ekki tök á að nýta hana og hafa tekjur af framleiðslu eða notkun hennar.

Engar skattaávilnanir eru heimilaðar vegna öflunar einkaleyfa. Ef leyft væri t.d. að reikna kostnað við einkaleyfi margfaldað með 1,5 væri kominn ákveðinn hvati til umsókna. Kostur væri að fyrirtæki eða einstaklingar gætu sótt um styrki til umsókna á einkaleyfum, án þess að fara of djúpt í lýsingu á þeim til viðkomandi styrkaðila.

Lög um einkaleyfi hafa verið stórbætt en þau hafa ekki myndað neinn hvata. Koma þarf á virkum tengslum milli stofnana og fyrirtækja um þetta mál. Byggja þarf upp þekkingu á öllu ferli umsókna og kostur væri að koma upp miðstöð eða s.k. "one-stop-shop" fyrir aðila sem búa að hugmyndum en þekkja ekki ferli umsókna.

Verndun eignarréttar getur tæplega staðið beinlínis í vegi fyrir nýsköpun. Spurning er hvort hægt sé að breyta kostnaði og tæknilega flóknu ferli við öflun einkaleyfa. Umsóknargjöld sem hið opinbera innheimtir vega létt af heildar kostnaði við öflun leyfisins. Þjónustukostnaður sem einkaaðilar og ráðgjafafyrirtæki innheimta fyrir þjónustu á þessu sviði, er margfalt hærri en þó er tæplega hægt að lækka þann kostnað. Frekar mætti huga að því að hanna kerfi sem allir sem þurfa geta notað. Sett verði á stofn miðstöð sem aðstoðar við gerð einkaleyfa og fer í gegnum allt ferlið. Sú miðstöð eignast um leið hlut í leyfinu. Eigandi hugmyndar á hlut og sá sem síðan hugsanlega kaupir leyfið á hlut. Með þessu er hægt að dreifa bæði kostnaði og áhættu við leyfið en um leið fá fleiri hlutu í þeim arði sem kann að verða af því.



Umsóknir um einkaleyfi koma fremst úr þremur áttum: frá einstaklingum = flest, frá fyrirtækjum = nokkur og frá stofnunum = (nánast) engin. Þetta er talið breytast ef eða þegar útflutningur eykst, þ.e. fyrirtæki sem flytja út hátækni afurðir sína verða neydd til að vernda sig fyrir keppinautum sínum. Það er talið að það muni verða hægt að sjá aukningu í verndunarmálum hjá hugbúnaðarframleiðendum. Starfsmenn rannsóknastofnana og háskóla hafa þó enn lítinn hvata til að sækja um einkaleyfi.

Eftirlitsiðnaður

Gæðastjórnun og umbætur eru tengdar hugtakinu eftirlitsiðnaður. Fyrirtæki eru hvött til innra eftirlits og gæðastjórnunar auk framleiðslustýringar sem tryggir viðskiptavinum þeirra öryggi. Þetta gæti að miklu leiti komið í staðinn fyrir ytra eftirlit hins opinbera.

Kostnaður við eftirlit í sjávarútvegi er talinn vera um 3 milljarðar á ári. Úgjöld af þessu tagi kalla á skipuleg og fagmannleg vinnubrögð. Fyrir kemur að eftirlitsgjald er innheimt af fyrirtækjum sem ekki eru í þeirri grein sem eftirlitið nær til og heimsóknir eftirlitsmanna ekki fyrir hendi. Eftirlit eykur vinnu fyrirtækja sem etv. þyrfti ekki ef reglur væru sveigjanlegri. Eftirlit skapar flókið kerfi og er á því takmörkuð þekking í fyrirtækjum. Fyrirtækin þurfa því oft að ráða sérfræðinga fyrir hvert það svið sem eftirlit nær til þar sem þekking á öllu sviðinu er tæplega til hjá einum aðila. Miklar breytingar hafa orðið á forsendum eftirlits. Talið er að innri breytingar hafi leitt til þess að úrtakseftirlit ætti að nægja í stað fulls eftirlits. Þrjú ráðuneyti, dómsmála, iðnaðar og sjávarútvegs, standa öðrum ráðuneytum framar um að draga úr þörf fyrir opinberu eftirliti.

Hindranir

1. Yfirvöld eru hvött til að láta langtímhagsmuni ráða við lagasetningu.
2. Forðast skal illa undirbúnar aðgerðir að hálfu skattayfirvalda. Þetta leiðir venjulega til þess að fyrirtæki þurfa að leggja í umfangsmikið starf við að leiðrétta rangar álögur skattayfirvalda.
3. Leitast skal við að miða tekjuskattsprósentu við það sem gengur og gerist í nágrenni okkar. Hins vegar er lagt til að tekjuskattskerfið verði skoðað í kjölinn og að leitast verði við að hagræða í kerfinu innbyrðis, án þess að hið opinbera tapi við það tekjum. Miða skal álagningu tekjuskatts við viðleitni atvinnulífs til vaxtar.
4. Forðast skal að beita sértækum aðgerðum í skattamálum, nema að vel athugðu máli. Viðmiðunin skal vera sú að allir sitji við sama borð. Vanda skal sérstaklega við hönnun sértækra aðgerða, þegar

þeim er beitt, þannig að gallar við aðgerðirnar skyggi ekki á kostina. Þó má skoða ívilnanir á sköttum í sérstökum tilfellum, eins og gert hefur verið í sambandi við erlendan affreyingariðnað.

5. Yfirvöld ættu að leggja sérstaklega áherslu á að skapa möguleika sem leiða geta til vaxtar atvinnulífs á Íslandi, bæði hvað varðar einstök fyrirtæki og greinar. Ekki skal grípa til aðgerða til að lyfta fram einni tegund fyrirtækja á kostnað annarra.
6. Hið opinbera ætti að vera sérstaklega á verði hvað varðar samruna bæði ýmisskonar tækni en eins fyrirtækja. Mikilvægt er að hlúa að þeim sprotum sem spretta fram við það að skild starfsemi rennur saman í eina.
7. Samkeppnisumhverfi er að breytast hröðum skerfum og fyrirtæki sem áður þóttu sterk geta verið að missa samkeppnisforskot til nýrra fyrirtækja sem bjóða upp á nýjar lausnir. Varast skal að miða umhverfi atvinnulífsins og mikið við þekktu starfsemi á kostnað nýrrar.
8. Yfirvöld skulu leggja allt kapp á að viðhalda stöðugleika í efnahaglífi landsins. Stöðugt efnahagslíf leiðir til framfara en fyrirtæki forðast óstöðugt efnahagslíf. Í þessu samhengi er mikilvægt að gæta þess að þróa skattkerfið þannig að tekið sé mið af þeirri þróun sem atvinnulífið býr við.
9. Leita skal leiða til að gera húgbúnaðarfyrirtækjum mögulegt að taka þátt í opiberum útboðum. Til þess að svo geti orðið þarf að leita leiða til að fella niður virðisaukaskatt af þeirri þjónustu sem húgbúnaðarfyrirtæki veita hinu opinbera.
10. Hefðbundin atvinnugreina skipting í sínu víðasta formi hefur sýnt sig hafa fá kosti. Vart hefur orðið við að fyrirtæki njóti ólíkra kosta eftir því í hvaða atvinnugrein þau tilheyra. Lagt er til að horfið verði frá hinni hefðbundnu atvinnuvega skiptingu á öllum stjórnstigum hins opinbera og hvatt er til samruna meðal hagsmunasamtaka einstakra atvinnugreina. Hverfa skal frá því að atvinnuvegaráðuneyti annist málefni ákveðinna atvinnugreina í samkeppni við aðrar.
11. Mikið hefur áunnist í sambandi við meðferð skattlangninga á arði af hlutabréfum. Fara þarf yfir álagningu á fjármagnstekjur og gjöld í tengslum við skattlagningu arðs. Þá skal gera söluhagnað af hlutabréfum þannig úr garði að áhugi landsmanna minnki ekki á fjárfestingum.
12. Heimila í skattalögum þeim frumkvöðli sem leggur fram hugmynd sem hlutafé að fersta skatti af tekjum hans fyrir en fyrirtækið fer að bera tekjur eða þegar hlutur hans er seldur.
13. Yfirvöld eru hvött til að leggja niður eignarskatt fyrirtækja, enda slíkt að verða einsdæmi í þeim ríkjum sem Íslendingar keppa mest við. Niðurfelling eignarskatts getur þýtt að fyrirtæki sem byggja á þekkingu eiga betra með að verða stofnuð á Íslandi með erlendu fé.
14. Halda áfram skattaívilnunum vegna fjárfesta í atvinnulífinu. Þó slíkar fjárfestingar komi atvinnulífinu ekki beint til góða eykur það sparnað í landinu. Setja á stofn nýtt þrep fyrir þá sem kjósa að fjárfesta í nýsköpun og óskræðum fyrirtækjum, þar sem ívilnanir verða í hlutfalli við þá áhættu sem fjárfestar taka. Setja þarf um þetta seinna þrep ákvæðnar reglur. Á sama tíma skal heimila fyrirtækjum sem fjárfesta í áhættusömum óáþreifanlegum verkefnum sérstakar skattaívilnanir sem minnka áhættu við slíka fjárfestingu og hvetja til hennar. Dæmi um slíkar fjárfestingar eru rannsóknir og þróun, einkaleyfum, útrás fyrirtækja, frummarkaðskonunum.
15. Yfirvöld og stofnanir þeirra ættu að vinna skipulega og af fullri alvöru að því að breyta viðhorfi sínu til borgaranna. Samskipti yfirvalda og einstaklinga eða fyrirtækja verða að byggja á gagnkvæmu trausti. Stofnanir eru ekki taldar þróast í takt við atvinnulífið og verður að taka sérstaklega á því að þær fylgist með.
16. Of mikill tími einstaklinga og sérstaklega minni fyrirtækja fer í að fást við ýmskonar skriffinnsku fyrir hið opinbera. Þessa skriffinnsku þarf að minnka eða flytja til þeirra sem ráða við hana.
17. Hið opinbera og stofnanir þess ættu að marka opinbera stefnu í nýsköpunarmálum þar sem stefna á sviði atvinnulífs, iðnaðar, rannsókna, fjármála, skipulagsmála og önnur þau stefnumið sem snerta nýsköpun eru til hliðsjónar. Varast skal í því sambandi að marka stefnu of þröngt þannig að

atvinnulífið missi möguleika á að þróast í þá átt sem best hentar. Opinber nýsköpunarstefna verði umgjörð um þessa þróun.

18. Gera skal kröfu um að opinbert fé sem rennur til nýsköpunar, hvort um er að ræða rannsóknir eða önnur mál tengd nýsköpun, nýtist á hagkvæmastann hátt. Meðal þess sem þarf að gera er sð skoða starfsemi stofnana, sameina það sem hentugt er, skoða áherslur í starfi þeirra, finna hagnýt not fyrir þekkingu sem verður til, vinna þverfaglegt og skilja á milli þeirrar starfsemi sem ætti að reka með opinberu fé og þeirrar starfsemi sem vinnur í samkeppni við atvinnulífið.
19. Kostnaður og vinnuferli við stofnun nýrra fyrirtækja þarf að minnka. Lækka kröfur um lágmarkshlutfé, kostnaður við stofnun fyrirtækja verði raunkostnaður en ekki tekjumyndun fyrir hið opinbera og stofnun fyrirtækja fari fram á einum stað, helst í fyrirtæki sem tekur að sér þessa skráningu samkvæmt útboði. Stofnun fyrirtækja skuli kennd í framhaldsskólum landsins.
20. Leita skal leiða við að lækka kostnað við öflun einkaleyfa. Meðal þess sem hægt er að gera í því sambandi er að heimila í skattalögum frádrátt af tekjuskattsstofni sem nemur hærri upphæð en kostnaður við öflun einkaleyfa.
21. Einn helsti vandi þeirra sem hafa áhuga á að verja þekkingu sína með einkaleyfum er skortur á aðstoð við ferlið. Því ætti að koma á einskönar einkaleyfamíðstöð sem tekur að sér að meta hvort hugmynd sé einkaleyfishæf, sækir um leyfi og jafnvel tekur að sér að selja leyfið.
22. Koma á samningum milli einstaklinga við rannsóknastofnanir og háskóla þar sem viðkomandi stofnun tekur þátt í öflun einkaleyfa, t. d. í samvinnu við einkaleyfamíðstöð.
23. Endurskoða þarf allan eftirlitsiðnað í landinu með það fyrir augum að einfald ferli og lækka kostnað atvinnulífsins. Ekki er ástæða til að gera minni kröfur til öryggismála en hingað til heldur að hvetja til þess að fyrirtækin sjálf byggji eftirlit inn í eigin gæðakerfi. Þá er hvatt til þess að koma á fót sérstökum skoðunarstöðvum til að sjá um það eftirlit sem fyrirtækin ekki geta sjálf og skal markmiðið vera að ekki sé skörun hjá eftirlitsaðilum og að þeir séu eins fáir og unnt er.

Markaðs og samkeppnisumhverfi, ytri þættir - Efnahagsleg lög og reglur

Opinber rekstur er talinn standa fyrir of háu hlutfalli af öllum rekstri í þjóðfélaginu. Til dæmis eru öll orkumál á opinberri hendi og þar er ekki um neina samkeppni að ræða. Leyfi þarf til orkuframleiðslu umfram visst magn. Spyrja má hvers vegna ekki sé mögulegt að kaupa orku annars staðar en hjá hinu opinbera. Þá er áleytin spurning hve stór hluti atvinnulífs í landinu sé undir stjórn einstaklinga og fyrirtækja.

Einokun á fjármálamarkaði er talin lítil og ekki stórt áhyggjuefni hvað varðar nýsköpun. Þó má raunar segja að lífeyrissjóðir, sem eru mjög sterkir núna, valdi ójafnri aðstöðu í samkeppni.

Skoða þarf sérstaklega hvernig ákveðnir málaflokkar eru að verða sterkari nú á tímum. Dæmi um þetta eru skipulagsmál sem eru yfirsterkari öðrum málaflokkum eins og alloft hefur komið fram.

Mörg fyrirtæki eru andstæð nýsköpun, sérstaklega stór fyrirtæki, sem hafa komið sér fyrir á markaðinum og myndað hafa eigin menningu.

Áherslu ætti að leggja á samkeppni á öllum stöðum efnahagslífsins. Skilja þarf endanlega á milli ríkis- og samkeppnisrekstrar. Það þarf því að nýta þarf þá staðreynd að fiskveiðar og vinnsla njóta alþjóðlegra viðurkenningar. Í því liggja mörg

sóknarfæri og mikilvægt að þau fari ekki forgörðum við of mikla áherslu á hátæknigreinar eingöngu.

Styrkja þarf enn betur þátt Iðntæknistofnunar sem útungunarstöð (incubation centre) fyrir ný fyrirtæki í öllum greinum en sérstaklega í hátækni þar sem búast má við mikilli framlegð. Þetta þarf að gera í samstarfi við aðila með þekkingu á þessu sviði. Forgangsraða þarf áherslum vegna breyting á þörf fyrir slíka þjónustu í landinu. Áður fyrr höfðu fyrirtæki litla burði til að stunda eigin rannsóknir og þróunarstarfsemi. Með stöðugra efnahagslífi og betri skilyrðum til nýsköpunar sækja fyrirtæki mikið á í þessum efnum.

Mikla áherslu þarf að leggja á sveigjanleika í starfsemi hins opinbera. Stuðningur við nýsköpun þarf að vera í takt við nútímann. Mótstaða við breytingar er vissulega fyrir hendi en er ekki eins sterk og áður. Ekki þarf endilega að brjóta niður alla veggi milli atvinnugreina, heldur þarf að opna dyr fyrir þá sem þess óska.

Ekki er talið heppilegt að vernda atvinnugreinar landsins gagnvart utnaðkomandi áhrifum, en á meðan aðrar þjóðir gera það er lítið hægt að gera annað en að svara í sömu mynt. Ein þjóð sem hættir með tæknilegar hindranir vinnur ekkert á ef aðrar þjóðir gera ekki slíkt hið sama. Hér er á ferð þversögn sem erfitt er að eiga við.

Erlendar fjárfestingar á Íslandi eru sérstaklega áhugaverður málaflokkur og getur flýtt þróun atvinnulífs um mörg ár. Ekki er rétt að takmarka slíkar fjárfestingar en taka þarf til greina öryggismál landsins til dæmis á ófirðartímum eða við önnur óvænt skilyrði ef upp kæmi sú staða að höfuðatvinnugrein landsmanna kæmist í eigu erlendra aðila. Reynslan sýnir að lítil hættu er á að erlendir aðilar verði allsráðandi á vissum sviðum þrátt fyrir rýmri reglur um eignaraðild þeirra á íslenskum fyrirtækjum.

Hugarfar íslendinga er að breytast, þeir treysta meira eigin hugmyndum en áður var og eru frekar tilbúnir að vinna úr þeim. Það tók um hálfa öld ár að vinna landsmenn út úr vanmáttarkennd gagnvart útlendinum en slíku er tæplega fyrir að fara í dag. Það tekur tíma að móta hefð um málefni nýsköpunar sem um önnur mál, en nú er hefðin að mótast.

Hindranir

1. Leitast skal við að auka samkeppni á sem flestum sviðum atvinnulífsins á sama tíma og hið opinbera dregur sig úr rekstri fyrirtækja, hvort sem þau eru í beinni samkeppni á markaði eða ekki. Orkumál eru svið sem ætti að leggja rækt við að opna sem mest og opna þar með möguleika á því að orkukaupendur getir keypt þá orku sem þeir sjálfi kjósa.
2. Fjármálamarkaður er orðinn mjög opin fyrir samkeppni miðað við það sem áður var. Þó skal skoða sérstaklega stöðu lífeyrissjóða á fjármálamarkaði, en vegna stærðar sinnar geta þeir valdið ójafnir aðstöðu.
3. Draga skal úr öllum hömlum á fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Allar hömlur draga úr áhuga erlendra aðila í landinu, jafnvel á þeim sviðum þar sem engar hömlur eru. Í þessu sambandi má skoða kosti og galla við að flokka athvæðavægi hlutabréfa.

Fjármálamarkaður - Framboð og eftirspurn fjármagns

Aðgangur að fjármagni er ekki án takamarkanna. Góð verkefni leiða oft til þess að fjárfestar lenda í samkeppnu um að taka þátt í þróun þeirra. Snemma á ferli fjárfestinga spyrja fjárfestar þeirrar spurningar, hvar leiðin sé út úr viðkomandi fjárfestingu. Frumkvöðlar telja hinsvegar að það vanti fjármagn í verkefni, en þeir hafa oft ekki kynnt sér hvernig verkefni eru metin af fjárfestum og eiga því erfitt með að kynna hugmyndir sínar fyrir þeim, enda tala þeir annað mál. Frumkvöðlar eru ekki vanir gagnríni og forðast venjulega nákvæma skoðun á hugmyndum. Slík vinnubrögð eru ekki til að brúa bilið á milli tækni og fjármagns en mikil þörf er á að það sé gert. Fjármagn til nýsköpun fæst ekki án nákvæmrar skoðunar.

Fjárhagslega sterk fyrirtæki eiga ekki í sömu vandræðum með að stunda nýsköpun og þau sem nýlega hafa verið stofnuð um tiltekna viðskiptahugmynd. Hin fyrrnefndu verða hinsvegar að varast á að setja öll egg í eina körfu, þegar ákvarðanir eru teknar sem hafa í för með sér áhættu. Stærri fyrirtæki þurfa að koma á formlegu vinnuferli sem í sjálfu sér er andstætt nýsköpun. Nýsköpun krefst ákveðinnar sköpunargáfu sem sjaldan er hægt að staðla.

Fjármálamarkaður í landinu er lítill, og fremur fá tækifæri til fjárfestinga og því lítill möguleiki á áhættudreifingu. Útgönguleiðir fyrir fjárfesta eru fjarri því slíkar sem gengur og gerist erlendis. Með þetta í huga þarf að þróa íslenskan fjármálamarkað með vaxandi fyrirtæki í huga. Vaxtalistinn á Verðbréfaþingi Íslands er tilraun sem enn er ekki komin reynsla á en þó er ekki líklegt að nýsköpunarfyrirtæki fái skráningu á þeim markaði nægilega snemma til að nýta sér þá kosti sem almenn fjármögnun býður upp á. Hér á landi eru fáir fagfjárfestar en það sem vantar eru fjársterkir einstaklingar sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum. Þó hefur orðið vart við kvótapeninga á þessum markaði.

Skortur á áhættufé hamlar nýsköpun að sögn þeirra viðmælenda sem ekki komu úr fjármálaumhverfi. Vandamál er hve markaðurinn er lítill og því má vænta takmarkaðrar þekkingar á einstaka viðskiptatækifærum meðal fjárfesta. Það þarf því að velja áherslur og vinna eftir þeim fram í tímann. Þá er Nýsköpunarsjóður mjög jákvætt framtak, ekki einvörðungu vegna aukins fjár til nýsköpunar heldur ekki síður til að skapa tengsl á milli atvinnugreina og tengsl milli hugarheima tækni og fjármagns. Það er mikilvægt að hafa til taks aðila sem hafa þekkingu til að skoða og meta verkefnishugmyndir meðal þeirra sem veita fé til verkefna. Þessi þekking mun með tímanum vaxa fram hjá þeim sjóðum sem fjármagna nýsköpunarverkefni. Þó þarf að hraða matsferli nýrra verkefna. Umsækjendur hafa mjög litla þolinmæði og mjög lítið þol til að bíða. Áhættusjóðir verða einnig að hafa bolmagn til að leggja fram fé, hugsanlega í samvinnu við aðra, til að koma einkaleyfum á framfæri. Síðan má skipta hagnaði milli þeirra sem að verkefnunum standa.

Hlutfjármarkaður er enn sem komið er ekki kominn á það þróunarstig sem vænta má í framtíðinni en á þeim vettvangi er lítið gert ráð fyrir fjárfestingum í nýsköpunarfyrirtækjum, vegna þess að hætta er á að fjárfestir komist ekki út úr slíkir fjárfestingu. Fram til þessa hafa félög verið fremur lokuð almennum fjárfestum, en nú er farið að koma auga á kosti utnaðkomandi eignaraðildar. Takmarkaður áhugi fjárfesta hefur verið á að leggja fé í fyrirtæki sem gefa takmarkaðan arð, nema ef áhuginn stafar af því að ná áhrifum í viðkomandi fyrirtæki, eða til að bæta ákveðinni starfsemi við þá starfsemi sem fyrir er. Enn er staðan þannig að fjárfestingar eru

fremur takmarkaðar á áhættumeiri endanum. Þau fyrirtæki sem eru rétt að komast á framleiðslustig eru enn ekki talin áhugaverður fjárfestingakostur.

Það kann að virka sem þversögn að arðsemi hafi verið betri í fyrirtækjum þar sem áhættan er minni. En þetta er þó staðreynd. Almenn er talið að samband sé á milli afkomu og áhættu en þetta er ekki endilega svo einfalt. Til dæmis gefur fjárfesting í Eimskip hf og spariskýrteinum ríkissjóðs meira af sér en fjárfesting í nýsköpunarfyrirtækjum, að mati maargra fjárfesta. Tilraunir til áhættumeiri fjárfestingar fyrir fáum árum færðust yfir í fjárfestingar í minni áhættu þar sem mjög oft var halli á slíkum fjárfestingum. Sem dæmi um það hefur Þróunarfélagið hætt að fjárfesta í þróunarfyrirtækjum, þar sem arðsemi var of lítil. Enginn hvati er af því að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum. Því ættu fjárfestar, sem fjárfesta í þeim, að fá umtalsverðar skattaívilnanir. Með þessu ætti að vera hægt að minnka lánsþörf nýsköpunarfyrirtækja.

Þróun á fjármálamarkaði hefur í för með sér ákveðið uppeldishlutverk fyrir hinn almenna borgara. Hugtakið gróði hefur nú ekki eins neikvæða merkingu fyrir almenning eins og áður, þar sem almenningur nýtur góðs af gróðanum. Því þarf að hvetja einstaklinga enn meira til fjárfestinga en gert er. Ný fjármagnstekjulög hjálpa, miðað við það sem áður var. Þetta varðar m.a. niðurfellingu frádráttar af arðgreiðslum.

Ný rammalög voru sett um kauphallarviðskipti á Íslandi um áramót 1997 og 1998. Verðbréfaþing Íslands varð hlutafélag og einkaleyfi afnumið. Reynsla í öðrum löndum sýnir að kauphöllum fjölgar ekki endilega við slíkar ráðstafanir. Þeir sem vilja reka verðbréfaþing þurfa að fá starfsleyfi frá yfirvöldum og sama á við aðra sem kunna að vilja fara í kauphallarviðskipti. Þetta leiðir til sjálfsagðrar samkeppni á markaðinum til dæmis ef áhugavert verður talið að setja upp nýsköpunarmarkað utan Verðbréfaþings Íslands.

Stofnanafjárfestar starfa undir reglum um hvað megi fjárfesta. Aðalreglan er að 90% fjárfestinga verða að vera í skráðum pappírurum en 10% eru eftir eigin ákvörðunum fjárfesta. Þarna gefst kostur á að fjárfesta í meira áhættusömum fyrirtækjum. Það virðist bara vanta áhuga stofnanafjárfesta á því að fjárfesta í nýsköpun.

Hlutabréfasjóðir stunda hins vegar almennar fjárfestingar og selja þeir bréf í sjálfum hlutabréfasjóðunum. Hlutabréf eru aðeins um 40-60% af eign hlutabréfasjóða á meðan 30% til 50% er í öðrum skráðum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum, sem takmarkar möguleikann á fjármögnun atvinnulífsins. Markmið sjóðanna með þessari eignaskiptingu er að dreifa áhættu eigna hlutabréfa. Sífellt fleiri fyrirtæki verða til og er líklegt að markaðurinn hafi möguleika á að stækka, e.t.v. þrefaldast miðað við horfur nú.

Markaður með hlutabréf á Íslandi er kominn til að vera og hefur með honum aukist valkostir við fjármögnun á starfsemi fyrirtækja. Áður stóðu nánast einungis bankar að baki fjármögnunar og voru útlánareglur banka þá mjög frábrugðnar þeim leikreglum sem gilda nú á fjármálamarkaði.

Almenn skoðun viðmælenda var að þolinmæði fjárfesta er að aukast frá því sem áður var. Almennur hefur aukið sparnað, þó nokkuð sé í land með það sem gerist í

nágrannaríkjum okkar. Aukinn sparnaður getur leitt til aukinnar eftirspurnar eftir hlutabréfum og leitt til stækkunar hlutabréfamarkaðar. Fleiri valkostir eru nú til að spara en áður var, til dæmis eru erlendir sjóðir að bjóða blandaðar lífeyristryggingar og sparnaðar. Um er að ræða nýtt form fyrir Ísland sem raunar þýðir að valkostir þeirra sem fjárfesta með sparnaði sínum eru mun fleiri en áður var.

Möguleiki er fyrir hendi á því að fyrirtæki sem þarf að auka utanaðkomandi fjármögnun geti leitað til t.d. verðbréfafyrirtækis um að það taki að sér að vera "sponsor" samkvæmt ákveðnum samningi og tryggi að hlutabréf sem boðin eru á markaði seljist. Þetta gæti myndað útgönguleið fyrir fjárfesta og þurfa þeir ekki að sitja uppi með óseljanleg bréf. En mikilvægt er að öll bréf á markaði séu seljanleg. Breytingar á verðbréfamarkaði eru mjög örar og erfitt að henda reiður á þeim. Stjórnvöld hafa það hlutverk að vinna að því að skýra ramman að viðskiptum og setja reglur um aðgang og stöðu fjárfestingakosta.

Hindranir

1. Fjármálamarkaður er mjög lítill á Íslandi miðað við löndin í kringum okkur. Lítill sparnaður veldur því að markaðurinn minni en hann gæti verið. Því skal leita allra leiða til að auka sparnað landsmanna. Meðal þess sem taka má til bragðs er að heimila skattaívilanir til óskráðra fyrirtækja, jafnvel koma á tengslum milli áhættu og ívilnana.
2. Skoða vandlega kosti og galla við sérstakan nýsköpunarlista í tengslum við Verðbréfaþing Íslands eða erlendar kauphallir, þar sem hægt verði að skrá nýsköpunarfyrirtæki og gera þar með fleyri fjárfestingarkosti sýnilega og auka möguleika fjárfesta á fyrri stigum að selja fjárfestingu sína fyrir.
3. Rýmka heimildir stofnanafjárfesta til að fjárfesta meira en 10% í óskráðum verðbréfum og heimila fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.
4. Hvetja skal til þess að nýsköpunarfyrirtæki geti leitað til verðbréfafyrirtækja sem taki þau að sér og tryggi að hlutabréf í þeim seljist. Þetta mun auka möguleika á útgönguleiðum frá fjárfestingum á fyrri stigum nýsköpunar.
5. Hlutabréf eru færð á nafnverð, verði þau seld er söluverð fært og myndast þar óeðlilega hár hagnaður af bréfunum.
6. Fjármagnstekjuskattur er af tekjum af sölu hlutabréfa en ekki er tekið tillit til mótvægis slíkra mála myndist tap.
7. Lög um hlutafélög byggja á forsendum sem ríktu þegar verðbréfamarkaður var ekki til. Ákveðin þróun er á lagasetningum en hún er mun minni en þróunin á verðbréfamarkaði. Þróun er einnig á skuldabréfamarkaði, né hún má vera hraðari og markvissari til að bæta þátttöku. Fara þarf skipulega yfir lög um hlutafélög og nýta sér í því starfi reynslu annarra landa sem hafa beitt sér fyrir útbótum á þessu sviði.
8. Ekki er heimilt að selja útlendingum hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum, sem eru einna áhugaverðustu fjárfestingakostir erlendra fjárfesta. Við þetta minnkar áhugi á fjárfestingum í öðrum tegundum fyrirtækja. Fjárfestingaskrifstofur víða um heim verja miklu fé til að örfa fjárfestinu í sínu landi. Stofnanafjárfestar hafa mestan áhuga á arði af fjárfestingu sinni en minni áhuga á völdum sem fylgja hlut. Hægt er notast við flokkun hlutabréfa eftir athvæðamagni þeirra, sbr. Svíþjóð. Slíkt er á færi hvers fyrirtækis, enda engin bönn við því.

Stuðningsumhverfi - Framboð og eftirspurn tæknilegrar aðstoðar

Talið er að ekki sé til nægilega góð þekking á þörfum eða skilyrðum atvinnulífs til að nýsköpun fái þrífist við bestu aðstæður. Dæmi um þetta er að verkefni á sviði hugbúnaðar verður að leysa í fyrirtækjunum sjálfum án mikilla möguleika á aðstoð utanfrá. Í stuðningssumhverfi nýsköpunar er lítil þekking á málefnum hugbúnaðar, enda um nýja grein að ræða, þar sem þróunin hefur verið mest meðal fyrirtækja í greininni. Fáir sérfræðingar hér á landi geta metið tækni og markaðsmöguleika greina eins og hugbúnaðar. Stuðningssumhverfið er á eftir því sem gerist annarsstaðar. Nokkrir viðmælenda töldu opinberan stuðning við atvinnulíf ekki eiga að eiga sér stað, þar sem skilning á atvinnulífunu skortir hjá opinberum aðilum.

Þá eru viðhorf til gjaldþrota allt of hörð en gjaldþrot eru í raun góður skóli, þar sem áhætta endurspeglast í gjaldþrotum. Þekkt kenning er sú að aðeins lítill fjöldi nýsköpunarfyrirtækja náí fótfestu, þar sem áhætta í slíkum rekstri er jafnan meiri en í fyrirtækjum sem eiga sér lengri sögu. Spurning er því hvort gjaldþrota sé ekki að vænta jafnvel í auknum mæli ef farið verður að hlú betur að nýsköpun. Á þessum málum þarf að taka.

Stuðningur í öllu formi er að margra mati raunar styrkur (hjálpaaðgerð), sem er til lítils gagns og jafnvel vísbending um að fyrirtækin séu ekki að vinna heilshugar að verkefnum sínum. Einn viðmælenda taldi vera línulega þróun með slíkum aðgerðum:

Styrkur=>Eiturlyf=>Deyfing=>Dauði.

Það væri því réttara að leggja áherslu á að skapa frekar faglegt ráðgjafaumhverfi hér á landi til að koma á grunngerð sem er jákvæð fyrir nýsköpun. Svífaseint kerfi gagnast ekki þar sem snöggra aðgerða er þörf. Það vantar raunar bæði þekkingu og þolinmæði inn í stuðningskerfið. Það þarf að virkja fólk með reynslu úr atvinnulífinu til að sjá um mat á verkefnum. Því ætti að koma á neti af aðilum sem starfa að þessum málum á samkeppnisverði og hafa bæði nauðsynlega reynslu og þekkingu til að geta metið verkefni. Því er ekki að neita að ýmiskonar þekking er fyrir hendi í landinu og því er bara að ná henni saman á skipulegan hátt.

Hvar er þá gulrótin fyrir þá sem vilja leggja fé í áhættusöm verkefni. Hvort sem um er að ræða stuðning eða fjárfestingu þarf að einblína á áætlaðan árangur, eða hvers má vænta að komi út úr verkefninu, auk þess að veita því aðhald. Það þarf að gera grein fyrir því hver verði framtíða árangur verkefnisins, hvernig það nýtist, og hver verði þjóðfélagsleg verðmætasköpun mæld í peningum.

Viðteknar venjur og hugmyndir manna um málefni atvinnulífsins, geta verið hindrun hvað varðar stuðningssumhverfið, sérstaklega í kerfinu. Hugmyndir breytast þó með breyttu umhverfi, þó það gangi seinna í opinbera kerfinu en í atvinnulífinu, sem fyrst stendur frammi fyrir breyttum forsendum. Allt of áberandi er sú skoðun manna að það þurfi að koma öllum hugmyndum, sem fram koma um ný fyrirtæki í framkvæmd í stað þess að veðja á vissar hugmyndir og fylgja þeim úr hlaði. Dæmi um þetta er að peningar hafa verið lagðir í líftækni-verkefni um langa hríð, en fyrst nú er farið að hilla undir árangur af því og þá ekki endilega fyrir atbeina stuðningssumhverfisins hér á landi. Spurning er hvort athugandi hefði verið að veðja á aðra hluti þar sem árangurs var frekar að vænta.

Umtalsverð þekking er til á rannsókn- og menntastofnunum en hún er oft meðhöndluð sem lítills virði. Lítið samstarf milli þessara aðila og fyrirtækja á sviði nýsköpunar ber vitni um þetta. Lítið hvati er fyrir starfsmenn þessara stofnana að leita eftir samstarfi við fyrirtækin. Starfsmenn stofnana búa við lítinn hvata við að fara með hugmyndir út í atvinnulífið, enda er "spin-off" allt of lítið hér á landi. Allir sem að þekkingaruppbygginu standa verða að fá einhverja umbun hvort sem hún er í formi nýrra tækifæra eða örfunar af öðru tagi.

Það sem helst vantar í stuðningsumhverfið er einföld og um leið ódýr stuðningur við frumkvöðla. Gott dæmi um slíkan stuðning er að Samtök iðnaðarins hafa sett smærri fjárhæðir í slík verkefni. Nefna má verkefnið: Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar. Þá má læra af Kanadamönnum sem hafa sett fram áætlanir þar sem forsendan er að samkeppnisandi ríki varðandi þátttöku. Aðilar senda inn hugmyndir sem eru metnar. Þær sem standa uppúr fá síðan stuðning. Þetta kemur í veg fyrir að verkefni sem ekki eiga sér möguleika séu unnin langt inn í gjaldþrot.

Þekking er til í stuðningsumhverfi nýsköpunar en það þarf samstarf aðila með margvíslega þekkingu til að hún komi að bestum notum. Dæmi um þetta er samstarf milli greina og eins milli aðila nýsköpunarkerfisins sem varðar til dæmis heilbrigðismál, þar sem framleiðendur og notendur leiða saman hesta sína. Skapa þarf vettvangi til þess að menn tali saman og vinni að sömu markmiðum. Samvinna frameiðenda og notenda nýrra afurða og ferla er mikilvæg og þurfa helst allir aðilar að ákveðnu verkefni að koma saman sem fyrst. Hugmyndir þurfa farveg til að ná landi. Þá þurfa hugmyndir fé og mannafla til að ná árangri.

Hindranir

1. Opinberir aðilar eru ekki og geta ekki verið í þeim tengslum við atvinnulífið að þeir skilji þarfir þess og skilyrði til fullnustu. Því þarf atvinnulífið sjálft að leggja þennan skilning til og leggja þar með grunninn að stuðningsumhverfi nýsköpunar.
2. Of margir aðilar eru að vinna í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Þörf er á því að fækka þeim með því að leggja saman krafta þeirra sem vinna að sömu málum. Koma þarf á verkaskiptingu á öllum sviðum stuðnings við nýsköpun þar sem takmörkuð skörun kemur fyrir en forðast að fleiri aðilar séu að vinna að sömu málum.
3. Hafa skal árangur í brennidepli í starfi aðila í stuðningsumhverfi nýsköpunar. Leggja þarf faglegt mat á verkefni og hvort þeim skuli hætt eða fram haldið. Hentugast er að aðilar úr stuðningsumhverfi myndi vettvang þar sem saman koma fyrirtæki með ný verkefni og aðilar úr stuðningsumhverfi. Með þessu mætti minnka miðstýringu og leyfa verkefnum með möguleika á árangri og virðisauka að halda áfram.
4. Nýta skal betur þá tæknilegu þekkingu sem er að finna á rannsóknastofnunum og við háskóla. Koma verður á betri samskiptum milli þessara aðila og þá á forsendum atvinnulífsins fremur en hins opinbera.
5. Koma mætti á einföldum og ódýrum stuðningsverkefnum og nýta þá reysnlu sem þegar hefur hefnist hér á landi og jafnvel erlendis. Mikilvægt er að samkeppni ríki við val á verkefnum og að samstarf sé milli greina og aðila stuðningsumhverfisins.

Samskipti aðila, flutningur á þekkingu og tækni - Nýsköpunarkerfið

Það þarf að leggja áherslu á að skapa skilyrði fyrir öll fyrirtæki gömul og ný, en ekki aðeins einblína á frumkvöðla. E.t.v. mætti hvetja til þess að frumkvöðlarnir kæmust meira inn í starfandi fyrirtæki til að vinna að lausnum þar. Ekki er endilega best að þeir séu að vinna einir sér að málum sem e.t.v. væru betur leyst annarsstaðar.

Áður fyrr var fyrirtækjum berlega mismunað í anda byggðastefnu jafnvel fremur en á milli greina. Þetta sér maður ekki lengur. Stjórnvöld verða að vita hvert atvinnulífið stefnir. Það þarf því að marka stefnu um leiðir bæði í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera. Ofuráhersla hefur verið á stóriðju í stað þess að skoða möguleika varðandi iðnað sem hentar aðstæðum hér á landi og hefur í för með sér meiri framleiðni en þá sem orkusala ein og sér gefur. Arðsemi umfram þá er kemur frá orku er helst að sjá í nýjum störfum við stóriðju sem eru oft fremur lágt launuð og lítil krafa gerð um þekkingu starfsmanna. Takmarkaður arður er af slíkri fjárfestingu. Það mætti til dæmis móta stefnu um rafeindaiðnað. Nokia í Finnlandi kom til vegna stefnu stjórnvalda um að koma á hátækniðnaði á sviði rafeinda. Þar var byggt var upp til framtíðar.

Nýsköpun þarf að hafa eitthvað nýtt í för með sér. Vöruþróun þarf að skipuleggja í samhengi við nýsköpun. Markmiðið ætti að vera að ná árangri og bæta eða skapa góða afkomu innan atvinnulífsins. Ekki má gleyma mikilvægi þess að þróa nýjar og bættar framleiðsluaðferðir í starfandi fyrirtækjum. Til dæmis má nefna í því sambandi vöruþróunarverkefni sem Iðntæknistofnun Íslands hefur komið á og byggir á samkeppni umsækjenda. Þeim eru boðinn stuðningur í ýmsu formi og eru t.d. reyndir tæknimenn til aðstoðar. Þá má nefna styrkform Rannís sem kallast: Tæknimenn í fyrirtæki. Ekki þar mikið fé til þess að stuðningsverkefni skili sér vel.

Óstöðugleiki leiðir jafnan til skammtímahugsunar. Menn leiðast þá frekar út í að taka fé út úr fyrirtækinu strax í stað þess að leyfa fjármagni að byggja upp fyrirtækið. Bæta þarf fullvinnslu í ljósi þess stöðugleika sem nú ríkir. Menn hafa litla trú á að stöðugleiki haldist um alla framtíð. Þá er virðisauki er mjög mismunandi í ólíkum atvinnugreinum. Þessi staðreynd er ekki skoðuð nægilega vel hér á landi. Það þarf að vita hver virðisauki hinna ýmsu útflutningsafurða sé til að hafa forsendur til að byggja á val um leiðir.

Íslendingar gætu orðið leiðandi í framleiðslu búnaðar fyrir sjávarútveg og í sértækum hugbúnaðarlausnum. Í þessu sambandi þarf að hlú sérstaklega að þeim auðlindum sem fyrir eru í landinu. Dæmi um þett er að fara þarf að varlega með fé og mannafla og sjá til þess að þessi gæði nýtist sem best. Starfsfólk í láglæuna störfum þar sem gerðar eru litlar kröfur gætu hamlað framboði eftir fólki í dýrmætari störf.

Hindranir

1. Þá má ekki einskorða stuðning við frumkvöðla og ný fyrirtæki. Starfandi fyrirtæki eru þau sem stunda hvað mesta nýsköpun og verður að sjá til þess að skilyrði þeirra séu engu síðri en frumkvöðla.
2. Tilraunir hins opinbera til atvinnuuppbyggingar hefur leitt til ofuráherslu á þröng svið og er arðsemi fjárfestinga og virðisauki afurða ekki alltaf í fyrirrúmi, t. d. stóriðja. Varast skal slíka þrönga nálgun en leita frekar leiða til þess að minni tilraunir einstaklinga og fyrirtækja fái brautargegni.

3. Við mat á nýjum fjárfestingarkostum skal alltaf hafa til hliðsjónar virðisauka og arðsemi fjárfestinganna. Vöxtur og ný atvinnutækifæri ætti að skoða sem afleiðingu slíkra fjárfestinga fremur en forsendur.

Innri geta fyrirtækja, menntun og önnur innri mál - Innra umhverfi

Það virðist enn örla á hræðslu við menntun meðal stjórnenda íslenskra fyrirtækja. Enn er ekki nægileg krafa er gerð til menntunar eða starfsmenntunar í ljósi þess að menntun er hornsteinn nýsköpunar. Fremur lítið er um menntað fólk í vissum greinum atvinnulífsins.

Menntað fólk virðist þó almennt taka minni áhættu en fólk sem ekki hefur langskólanám að baki. Umhverfi námsins, sérstaklega það kerfi sem á að gefa fólki jafna möguleika á námi er mjög hamlandi hvað varðar nýsköpun. Menntafólk kemur með há námslán út í atvinnulífið og velur sér starf þar sem öryggið er mest. Við vissar forsendur eru eftirstöðvar námslána felld niður, venjulega við háan aldur eða andlát. Hentugra væri að viss hluti af námslánum væri strax frá byrjun óendurkræfur og minnkaði þar með skuldabyrgði menntafólks strax. Með þessu mætti auka áhuga menntafólks fyrir áhættu. Menntakerfið allt er áhættufælið og leiðir fremur til stöðlunar en nýsköpunar.

Menntastefna stendur nýsköpun fyrir þrifum. Atvinnulíf hefur mótað skýra stefnu um framtíð sína en hið opinbera hefur ekki mætt þessari stefnu með því að vera með nauðsynlega menntunarmöguleika til að sinna þeim verkefnum sem koma upp. Samræma þarf atvinnulífsstefnu og menntastefnu landsins. Það vantar meira fagmenntað fólk bæði hvað varðar hátækni og aðra starfsemi. Spyrja þarf þeirrar spurningar; hver staðan verði eftir 20 ár og hvernig við uppfyllum þær þarfir fyrirtækja sem upp koma á því tímabili. Það þarf að leggja meiri áherslur á menntun en gert hefur verið, enda er þegar farið að skorta hæft starfsfólk í vissar greinar.

Í ýmsum fjarlægum löndum sem búið hafa við skert áhrif íbúanna eru hugtök eins og gróði og eignarréttur lítið þekkt. Ríkið hefur jafnan séð fyrir sínum. Ekki er langt síðan íslendingar bjuggu við forsjá ríkisins þar sem verðlagshöft, ríkisrekið atvinnulíf, ríkisrekinn orkugeiri og framleiðslu voru ríkjandi. Þá ríktu höft, bönn og leyfisveitingar. Spurning hvort þetta sitji í mönnum við ákvarðanir sem tengjast nýsköpun. Ljóst má vera að menning og saga lands og þjóðar móta þann veruleika sem við búum við í dag.

Landsmenn höfðu vanist því að geta keypt lausnir til skapa möguleika í rekstri eða koma í veg fyrir vandamál honum tengd. Erlend tækni var flutt inn til að koma á ýmskonar starfsemi eins og skóframleiðslu, spunastofum, sútun ofl. sem óx upp fyrir á árum. Þetta á þó ekki við um fiskveiðar og vinnslu þar sem, sérstaklega á síðari árum, Íslendingar hafa staðið frammarlega í lausn mála. Íslendingar fengu áður að nota erlenda þekkingu og oft án þess að borga fyrir hana. Þróunin hefur leitt íslendinga á það stig að standa að sínum vandamálalausnum sjálfir án þess að baki þeim sé sú þróun og aðlögun sem iðnríki vesturlanda búa að. Áherslan gæti því verið á að byggja upp atvinnulíf sem Íslendingar kunna vel á og er í sterku umhverfi með góðan og kröfuharðan heimamarkað.

Lítill og meðalstór fyrirtæki geta ekki staðið í öllum þeim verkefnum sem þau raunverulega þyrftu að geta. Tengja þarf þessi fyrirtæki við aðra aðila nýsköpunarkerfisins, svo sem þá sem ráð yfir fjármagni og þekkingu, svo þau nái að vaxa. Netsamstarf eða klasasamstarf (cluster) hefur reynst vel erlendis við þróun heilla greina. Skortur er enn á langtímahugsun innan fyrirtækjanna sjálfra en það er hindrun við nýsköpun, sem á rætur að rekja til fyrri óstöðugleika. Í dag vinna fyrirtæki meira eftir áætlunum en áður. En áður einkenndist atvinnulíf að skammtíma björgunaraðgerðum í sveiflukenndu efnahagslífi.

Hindranir

1. Eftirspurn eftir menntuðu fólki er að aukast í atvinnulífinu í dag. Áður hefur lítill krafa verið gerð á menntun og starfseminntun. Á sama tíma virðist menntað fólk kjósa að starfa hjá hinu opinbera, eða um 60% af menntuðu fólki á vinnumarkaði. Menntakerfið gerir einstaklingana áhættufælna og þarf að taka á því.
2. Skoða þarf námslánakerfið með það fyrir augum að menntað fólk sæki frekar í áhættuverkefni en nú er. Þetta má gera með því að hafa hluta námslána óafturkræfan, eins og raunin er í kerfinu í dag þar sem fæstir greiða öll lán til baka, hvort sem er. Þetta leiddi til lægri skuldabyrgði einstaklinga að loknu námi.
3. Fara þarf vandlega yfir menntastefnu hins opinbera með það fyrir augum að skapa jafnvægi á milli framboðs og eftirspurnar á ákveðinni þekkingu. Menntakerfið hefur brugðist atvinnulífinu með því að aðgangur að menntun sem atvinnulífið þarfnast er ekki fyrir hendi.

Viðtöl við stjórnendur fyrirtækja

Tekin voru viðtöl við á þriðja tug stjórnenda fyrirtækja úr ýmsum atvinnugreinum. Markmiðið með þessum viðtölum var að fá fram viðhorf þeirra til fjölda hugsanlegra hindrana sem nýsköpunarfyrirtæki standa frammi fyrir. Kynntur var fremur langur listi yfir hugsanlegar hindranir fyrir stjórnendunum og voru þeir beðnir um að gefa upp viðhorf sín gagnvart þeim þáttum sem þeir þekktu eða höfðu skoðanir á. Eftirfarandi listi var kynntur stjórnendunum:

- Áhrif skatta á nýsköpun í fyrirtækjum.
- Áhrif banns við fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi varðandi.
- Áhrif skattaávilnana sem tengjast nýsköpun í eftirfarandi tilfellum.
- Heimild skattaávilnana í tilfellum sem tengjast nýsköpun.
- Áhrif skilyrða til umsókna um einkaleyfi á fyrirtæki og einstaklinga.
- Áhrif eftirlitsaðar á nýsköpun.
- Áhrif hefðbundinnar atvinnugreinaskiptingar á nýsköpun.
- Eru markmið lagasetninga með stefnumarkandi skírskotun alltaf augljós fyrir löggjafavaldið?
- Stuðningur hins opinbera við nýsköpun er takmarkaður en líkist í ýmsu því sem gengur og gerist í samkeppnislöndum okkar. Hver eru áhrif stuðnings?
- Á slíkur stuðningur rétt á sér?
- Áhrif opinberra stofnana, viðhorf og þjónusta gagnvart nýsköpun.
- Fyrstu skref nýsköpunarfyrirtækja eru oft erfiðust. Ætti hið opinbera að byggja upp kerfi sem gerir frumkvöðlum (vísindamönnum og uppfinningamönnum) kleyft að prufa hugmynd sína?
- Fjármálamarkaður í landinu hefur þróast ört á þessum áratug með Verðbréfaþing Íslands og verðbréfafyrirtæki í fararbroddi. Hver eru áhrif skipulegs verðbréfamarkaðar (kauphöll og vaxtarlisti) á nýsköpun?
- Opinberir- og einkaaðilar hafa byggt upp stuðningsumhverfi nýsköpunar, til að veita tæknilega aðstoð til fyrirtækja, til að bæta samkeppnisstöðu og arðsemi, eða til að koma þeim af stað.
- Nýsköpunarfyrirtæki þarfnast jafnan menntaðs starfsfólks. Hvernig eru þau í stakk búin til að fá þann starfskraft sem þau þarfnast?
- Fyrirtækin sjálf og sá reynsluheimur sem þau eru sprottin úr hamla oft nýsköpun.
- Saga og menningarheimur atvinnulífsins mótar nýsköpunarstarf fyrirtækja

Hópurinn sem rætt var við var valinn með það fyrir augum að fá aðila með reynslu úr atvinnulífinu, til að gefa viðhorf sín til fjölmargra atriða. Engin tilraun var gerð til þess að mæla svörin með tölfræðilegum aðferðum heldur var leitast við að draga svörin saman og fá þannig yfirlit yfir og umsögn um hindranir gagnvart nýsköpun. Ljóst er að einstaklingar í hópnum þekktu misvel til ólíkra hindrana og höfðu jafnframt mismunandi skoðun á þeim. Þetta endurspeglast í þeirri úrvinnslu á viðtölunum sem hér fer á eftir.

Áhrif skatta á nýsköpun í fyrirtækjum.

Almennur tekjuskattur, eignarskattur og aðrir skattar

Tekjuskattur

Tekjuskattur á Íslandi, töldu viðmælendurnir, ekki vera hærri en gengur og gerist í þeim löndum sem við kjósum að bera okkur saman við. Áhersla var lögð á að hafa mætti ákvæði skattalaga líkari því sem gengur og gerist í öðrum löndum. Bent var á að ef s.k. B-vísitala (sjá viðauka I) væri hærri hér ætti að laga aðstæður svo hún verði

a.m.k. um meðaltal þess sem gengur og gerist í löndunum í kringum okkur. B-vísitalan gefur til kynna hver "vingjarnlegt" skattakerfi ríkja er í garð þeirra sem stunda rannsóknir. Tekjuskattur hamlar að jafnaði ekki nýsköpun hjá ungum fyrirtækjum sem ekki eru farin að mynda tekjur, því þau borga ekki skatt. Myndist hagnaður skal greiða skatt, við tap ekki.

Þróunin virðist hinsvegar vera sú að tekjuskattur fer að lækkandi í öðrum löndum og mikilvægt að fylgja þeirri þróun á Íslandi. Það er góður kostur fyrir fyrirtæki sem það geta að starfa á svæðum þar sem tekjuskattur er lágur, þetta á við um ákveðin skattasvæði. Í vissum löndum er hægt að velja lágt skattastig með því að starfa á "svæðum" þar sem ákveðin skilyrði þarf að uppfylla. Þetta er áhugavert og mætti skoða útfærslu á því hér á landi.

Hvað varðar fyrirtæki með engar tekjur eins og algengt er með ný fyrirtæki sem byggja á tækni, skiptir tekjuskattur ekki megin máli hvað varðar nýsköpun. Tekjuskattur mætti þó vera lægri, frá sjónarhóli lítilla fyrirtækja með lítið fjárstreymi. Helst ætti að vera sama prósentu fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Lítil fyrirtæki rekin af einstaklingum borga hærri tekjuskatt en þetta krefst þess að þessir einstaklingar skrái fyrirtæki, með miklum kostnaði áður en vissa er fyrir því að fyrirtækið eigi sér einhverja framtíð.

Skattameðferð nýrra fyrirtækja sem leita fjármögnunar er stærra vandmál. Vandamálið hér er að verðmætatamat hugmyndar frumkvöðuls, t.d. forrit eða grunngerð, sem byggir á starfi sem ekki hefur haft í för með sér neinar tekjur, getur leitt til skattlagningar. Jafnvel þó um sé að ræða einskonar fórnarvinnu sem frumkvöðull hefur lagt í án þess að hafa nokkra vissu um á fá til baka þann kostnað sem af henni hefur stafað, hvað þá að hann hafi af henni tekjur.

Leiti frumkvöðull til fjárfesta um að leggja fé til fjármögnunar viðskiptahugmyndar, þarf að leggja mat á verðmæti hugmyndarinnar. Þetta mat liggur til grundvallar eign frumkvöðuls í nýju fyrirtæki. Á skattskýrslu viðkomandi kemur síðan upp eign í hinu nýja fyrirtæki, upp á vissa upphæð og hefur þar með myndast tekjuskattsgrunnur. Þetta kemur beinlínis í veg fyrir að hugmyndir ná fram að ganga því frumkvöðlar hafa venjulega enga fjárhagslega burði til að standa straum af sköttum á þessu stigi. Skattayfirvöld hafa hingað til tekið hart á þessu. Til þess að komast í kring um þetta vandamál hefur hugmyndinni gefið nafnverð. Þegar síðan kemur að sölu á hlut í því fyrirtæki sem hugmyndin byggir á, er greitt margfalt nafnverð til að nálgast raunverulegt verðmæti hugmyndarinnar. Á þessu stigi er eðlilegt að myndist tekjuskattsgrunnur. Eðlilega ætti að haga skattareglum þannig að skattlagningu verði fresta til þess tíma er hugmyndin gefur af sér hagnað eða við innlausn hlutabréfa í hinu nýja fyrirtæki.

Fjárfestar sem leggja áhættufé í slíkar hugmyndir verða að setja margskonar fyrirvara fyrir kaupum sínum á hlutafé. Frumkvöðullinn sjálfur, þekking hans og reynsla er lykillinn að velgengni fyrirtækisins. Því verður að tryggja það að hann fylgi hugmyndinni þangað til möguleikar á afsetningu á bréfum í starfandi fyrirtæki verður að veruleika. Fyrirtæki sem byggir á þekkingu hefur oft fremur litlar efnislegar eignir að telja fram. Eignirnar eru hinsvegar óefnislegar svo sem þekking starfsmanna, rannsóknir þeirra, hugsanleg einkaleyfi og almennir burðir fyrirtækisins til að stunda nýsköpun. Aðferðir til að meta þessar óefnislegu eignir byggja á mati einstaklinga þar

sem engin tilraun hefur verið gerð til að staðla þær. Slík vinna er nú í burðarliðnum hjá ýmsum fjölþjóðlegum stofnunum svo sem Norræna iðnaðarsjóðnum, OECD og hjá Evrópusambandinu.

Einna stærstur hluti sparnaðar landsmanna hingað til hefur myndast hjá lífeyrissjóðum. Þeir hafa mjög litla möguleika og enn minni áhuga á að fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum m.a. vegna þess að takmarkaður hluti eigna má vera í óskráðum pappírur. Sá hluti sem hægt væri að nota til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum nýtist heldur ekki, þar sem engar hömlur meiga vera á þeim hlutabréfum sem sjóðirnir kaupa. Þetta veldur því að þeir aðilar sem hafa hvað mest fjármagn geta komið að litlu gagni við fjármögnun nýsköpunar. Lífeyrissjóðir hafa ekki sem venju að kaupa hluti í millifélögum eða til dæmis í skráðum félögum sem hafa það hlutverk að fjármagna nýsköpun.

Í Bandaríkjunum hafa fjárfestar eins og lífeyrissjóðir, möguleika á að mynda einskonar samstarfsvettvang (partnership) sem hefur að markmiði að fjárfesta í áhættusömum verkefnum. Viðkomandi vettvangur er ekki skattskyldur en eigendur greiða skatta af útkomu þessa samstarfs miðað við eignarhluta. Með þessu móti er hægt að laða fram umfangsmikið fé til áhættusamra verkefna.

Eignarskattur

Eignarskattur er vandamál hér á landi hvað varðar nýsköpun. Fyrirtækjum sem hefur tekist að mynda eign, er því refsað fyrir gott bú. Þetta hamlar nýsköpun þegar sterk fyrirtæki þurfa að leggja í áhættusöm verkefni á sviði nýsköpunar, en í slíku tilfelli þarf að taka þarf eignarskatt með í dæmið.

Sama á við þegar nýtt fyrirtæki eignfærir rannsóknakostnað sinn áður en tekjur fara að koma, getur farið svo að eignfærði kostnaðurinn myndi eingnaskattsgrunn. Eignarskattur breytir hugsanlega ekki rannsóknastarfinu, en er tæpast réttlátur. Ef eignarskattur er öðruvísi en í öðrum löndum ætti að fella hann niður. Ef safna þarf fé til fjárfestinga í nýsköpun, eða af einhverjum svipuðum ástæðum, fer það fé fljótt að mynda eignaskattsgrunn. Þetta, eitt og sér, gæti valdið því að fyrirtæki kjósi að fara erlendis fremur en að starfa í landinu. Eignarskattur er sér íslenskt fyrirbæri og til óþurftar.

Aðrir skattar og álögur

Aðrir skattar eins og virðisaukaskattur og aðrir veltuskattar, hindra nýsköpun meðal annars þar sem aðföng verða of dýr. Hinn venjulegi kaupandi vöru setur sig alls ekki inn í þá verðlagningarþörf sem stýrir verði ákveðinnar vöru. Hann sér ekki þann hluta sem rennur í ríkiskassann. Varan er einfaldlega of dýr.

Önnur gjöld eins og þinglýsingar- og þjónustugjöld ýmissa hamla tvímælalaust nýsköpun. Þessar upphæðir geta orðið verulegar þegar fyrirtæki verða að þinglýsa pappírur tengdum hlutabréfum, lántökum og samningum af ýmsu tagi. Þessi gjöld eru ekki til erlendis í sama mæli og hér.

Að dómi nokkurra viðmælenda eru aðrir skattar í samanburði við önnur ekki til vandræða fyrir nýsköpun. Skattar eins og tryggingagjald er ekki hátt á Íslandi miðað

við önnur lönd og hafa því lítið áhrif hvort ráðist verði í áhættusöm verkefni eða ekki. Raunar hafa verið boðaðar hækkanir á launatengdum gjöldum hér á landi.

Skattaleg meðferð eignaraðildar starfsmanna

Á Íslandi eru mjög óljósar reglur um meðferð s.k. “stock options” til handa starfsmönnum fyrirtækja í íslenskum skattalögum. Það skiptir miklu máli fyrir nýsköpunarfyrirtæki að reglur um þessi mál séu ljósar. Það opnar möguleikann fyrir nýsköpunarfyrirtæki að laða til sín gott starfsfólk til starfa, með því að bjóða eignarhlut í fyrirtækinu á ákveðnum tímapunkti fyrir ákveðið verð. Það vantar almennilegar vinnureglur um þetta. Enn eru “stock optin” lítið notað verkfæri og má e.t.v. kenna því um það að enginn veit hvaða áhrif slíkir samningar hafa í framtíðinni. Dæmi um þetta er umræðan um hlutabréfakaup starfsmanna Landsbanka Íslands hf árið 1998. Skattayfirvöld hafa tekið þá ákvörðun að skattleggja þetta og leggja á álögur vegna vanframtalinna tekna starfsmannanna.

Í Bandaríkjunum og í ýmsum Evrópulöndum eru dæmi um að fólk vinni fyrir lítið kaup eftir góðan “stock option” samning. Þessi möguleiki hefur skipt sköpun varðandi hvernig til hefur tekist í fjölda fyrirtækjum. Það er tvímælalaust hvatning til nýsköpunar að haga skattareglum þannig að mögulegt sé að gera samning milli fyrirtækis og starfsmanna um forkaup á hlutdeild í hagnaði og í arðsemi.

Fyrir á árum voru skattalög bæði flóknari og óvingjarnlegri í hlut nýrra fyrirtækja. Aðrir umhverfisþættir ollu mjög miklum vandamálum, svo sem að verðbólga var há, vöruverð var mikið hærra en í nágranalöndunum, svo eitthvað er nefnd. Þegar aðstöðugjald var lagt liður og efnahagslíf fór að komast í betri skorður gátu fyrirtæki lækkað vöruverð sitt án þess að afkoman færi illa út úr því. Verðlag á ýmsum vörum var eins og erlendis.

Skattakerfið er þó enn þann dag í dag, of flókið. Því verður að skoða hvaða möguleika hægt er að byggja inn í það, svo sem ívilnanir til ákveðinna verkefni. Taka skal þó mið af því að ferli sértækra lausna er venjulega of dýrt miðað við ávinninginn.

Afskriftarreglur mættu vera rýmri, og mætti í því sambandi nefna t.d. möguleika á hraðari afskriftum. Þá vantar möguleika á afskriftum óefnislegra eigna. Að því leiti eru aðstæður fyrirtækja eru mjög mismunandi. Það fer eftir tegund rekstrar hvort þau þurfi að standa í efnislegum fjárfestingum eða óefnislegum. Sum fyrirtæki verða að eiga miklar eignir til að stunda starfsemi sína. Önnur byggja meira á óefnislegum eignum eins og þekkingu. Þetta mismunar fyrirtækjum hvað varðar skattlagningu. Það þarf að koma þannig kerfi á að stofnendur fyrirtækja geti fært þróunarkostnað á hið nýja fyrirtæki án þess að þurfa að fara krókaleiðir. T.d. ef eigandinn greiðir sjálfur ýmsa liði og myndar það því ekki þróunareign hjá hinu nýja fyrirtæki.

Hindranir

1. Tekjuskattur á Íslandi er ekki hærri en gegnur og gerist í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Þróunin er hinsvegar sú í mögum löndum að tekjuskattur fer frekar lækkanði. Áherslu skal leggja á að tekjuskattur fylgi því sem gegnur og gerist í öðrum löndum og að skattakostnaður fyrirtækja sé ekki hærri hér en í þessum löndum. Með öðrum orðum skulu sömu skilyrði ríkja á Íslandi og í samkeppnislöndunum.

2. Taka skal mið af öðrum lödnum við mat á s. k. B-vísitölu, sem gefur til kynna hve jákvæðar skattareglur gilda um nýsköpunarkostnað fremst rannsóknir og þróunakostnað, og sjá um að þessi vísitala sé ekki hærri en gegnur og gerist.
3. Skoða skal möguleikann á sérstökum svæðum þar sem, samvæmt ákveðmun reglum, er hægt að hafa skatta lægri en gegnur og gerist. Á form um viðskiptafélög eru jákvæð í þessu samhengi.
4. Leita skal bestu leiða til þess að meta til verðlags hugmyndir frumkvöðla sem framlag í hlutafélag. Fresta skal skattlagningu þar til hluturinn er seldur eða þangað til hagnaður myndast af viðkomandi starfsemi.
5. Skoða möguleikann á að mynda samstarfsvettvang stofnanafjárfesta þ.m.t. lífeyrissjóða um fjárfestingar í nýsköpun, þar sem sjálfur vettvangurinn er ekki skattskyldur, heldur tekjur eigenda af honum.
6. Eignarskattar eru refsing til handa fyrirtækjum sem skilað hafa góðu búi. Tekjur ríkissjóðs árið 1997 af eignarsköttum voru um 4,2 milljarðar eða um 2,7% af heildartekjum. Lagt er til að þessir skattar séu felldir niður.
7. Fara skal yfir flóru gjalda eins og þinglýsingar- og þjónustugjalda og nema úr gildi þau gjöld sem ekki beinlínis standa straum af fjármögnun opinberrar starfsemi sem ekki er hægt að fella niður.
8. Leggja skal mat á kosti við "Stock option" samninga til handa starfsmönnum í íslenskum fyrirtækjum. Þessi aðferð hefur reynst vel erlendis til að hvetja til þess að lykilstarfsfólk komi til starfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum og starfi hjá þeim áfram á viðráðanlegum launum, í von um að hafa hagnað af hlutabréfaeign í fyrirtækinu í framtíðinni ef vel gegnur. Nýta skal þá reynslu sem fyrir liggur í Bandaríkjunum og í Evrópu, þar sem aðferðin er notuð.
9. Vinna að því að einfalda skattakerfið án þess þó að koma í veg fyrir að hægt sé að byggja inn í það ívilnanir tengdar ákveðnum verkefnum, svo sem rannsóknir og þróunarstarf.
10. Heimila rýmri afskriftareglur, svo sem hraðari afskriftir af efnislegum fjárfestingum og heimila afskriftir af óefnislegum eignum. Afskriftareglur mismuna fyrirtækjum eftir því hvort fjárfestingar þeirra séu efnislegar eða óefnislegar.

Áhrif banns við fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi.

Bann við fjárfestingum erlendra aðila á einum vettvangi hamlar vilja þeirra á fjárfestingu á öðrum vettvangi. Takmarkanir valda í sjálfu sér neikvæðum vilja erlendra fjárfesta.

Enginn viðmælenda var hlynntur banni við fjárfestingum erlendra aðila á Íslandi. Nokkrir töldu að nú þegar væri farið í kringum þetta bann á ýmsa vegu, svo sem með óbeinni eignaraðild erlendra aðila, í gegnum önnur fyrirtæki. Þá var bent á vandkvæði tengd eignaraðild starfsmanna, væru þeir af erlendu bergi brotnir. Bent var á að ef bönn við fjárfestingum erlendra aðila fyrirfinnast í hagkerfinu, virkar það neikvætt á allar fjárfestingar. Þetta getur leitt til þess að erlendir aðilar líta á þessi bönn sem hindranir, en það minnkar vilja þeirra til fjárfestinga jafnvel í greinum sem eru alveg opnar. Það mun vera eðli fjárfesta að amast við öllum bönnum sem tengjast á einhvern hátt því umhverfi sem þeir kjósa að starfa í.

Fram kom að ekki ætti að skipta máli hver eignaraðildin er, markmið með öllum fyrirtækjum er að skila arði og að mikilvægt er að langtímahugsun um hag viðkomandi fyrirtækis sé í fyrirrúmi. Þó var bent á mikilvægi sjávarútvegs, en þar eru

bönn við fjárfestingum erlendra aðila hvað mest áberandi og þörf fyrir því að vernda þá auðlind sem er svo mikilvæg fyrir efnahagslíf okkar. Það eru þó til fleiri lönd í heiminum sem hafa takmarkanir við erlendum fjárfestingum í sjávarútvegi.

Erlendar fjárfestingar hafa meira í för með sér en einungis fjárflæði inn í landið. Það kemur með erlendu fjármagni, þekking og viðskiptasambönd sem tæki langan tíma að byggja upp. Með þessu leiða erlendar fjárfestingar til ákveðinnar starfsvirkni (synergi). Hvati til erlendra aðila um fjárfestingar gætu hæglega leitt til samstarfi fyrirtækja á sama sviði og bætt þar með grunngerð atvinnulífsins í landinu.

Á meðan Íslendingar geta fjárfest án teljandi hindrana í þeim löndum sem þeir kjósa að eiga við skipt við eru hindranir við slíkt hér á landi. Frelsi í þessum málum myndi strax laga samkeppnisstöðu og auka víðsýni íslenskra fyrirtækja.

Reynslan sýnir að hindrun í flutningi á fjármagni, hamlar flutningi á þekkingu og markaðsnýtingu. Erlendir aðilar eru oft að leita að áhrifum með fjárfestingum sínum, ekki arðsemi eingöngu. Þó mætti skoða möguleikana á flokkaskiptum hlutabréfum eftir atkvæðamagni í einstökum tilfellum.

Hindranir

1. Fella niður allar hömlur á fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi. Þetta kemur í veg fyrir að landið sé talið búa við hömlur og á sama tíma leiðir til aukins flæði fjár inn í landið ásamt þekkingu og viðskiptasamböndum.
2. Íslendingar geta fjárfest án þess að hömlur komi fyrir, í flestum þeim löndum sem þeir hafa áhuga á. Sömu möguleikar ættu að bjóðast erlendum fjárfestum hér.

Áhrif skattaívilnana sem tengjast nýsköpun.

Auka ívilnanir til markvissrar nýsköpunar. Samstarf við erlenda aðila á sviði rannsókna og þróunar. Umsóknir um einkaleyfi. Fjárfestingar einstaklinga og fyrirtækja í nýsköpunarfyrirtækjum. Útrás íslenskra nýsköpunarfyrirtækja. Möguleikar að ívilna fyrirækjum í nýsköpun. Útflutningstekjur. Kostnaðar við frummarkaðsátak. Kostnaður við fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum.

Þeir stjórnendur fyrirtækja sem rætt var við voru flestir sammála um kosti þess að veittar væru heimildir í skattalögum til skattaívilnana vegna fjárfestinga í nýsköpun af einhverju tagi. Flestir höfðu þó sterkar athugasemdir um framkvæmd slíkra ívilnana. Þeir töldu að fyrirtæki í áhættusömum rekstri gætu haft ákveðna kosti af því að heimilað væri að þau lækkuðu tekjuskattsstofn sinn með ákveðnum álögum á raunverulegan kostnað.

Hið opinbera hefur á síðari árum boðið ákveðna skattalega hvata til að efla fjárfestingar í landinu. Um er að ræða kaup á hlutabréfum í skráðum fyrirtækjum eða sjóðum. Hlutina þarf síðan kaupandinn að eiga í ákveðinn tíma til að nýta fengnar skattaívilnanir. Vandamálið er að þessi hvati sem er miðaður við að fjármagna atvinnurekstur leiðir sjaldnast til þess að fyrirtækin fái nokkuð fjármagn í rekstur sinn, heldur endar arðurinn oft hjá eigendum þeirra bréfa sem seljast. Því er spurning hvort

ekki ætti að setja skýrari skilyrði til skattaívilnana af þessu tagi. Til dæmis mætti miða ívilnanir við nýtt hlutafé, aukningu á hlutafé eða e.t.v. markvisst á nýsköpun.

Nýsköpun er í eðli sínu áhætta og ætti því að heimila þeim sem hana taka að lækka skattstofn sinn og niðurgreiða þar með áhættuna. Eðlilegt er að fyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun á markvissan hátt fái að lækka tekjuskattstofn sinn með því að leggja ákveðna prósentu, t.d. 50% ofan á raunverulegan kostnað við þessa starfsemi.

Vissir sjóðir sem fjárfesta í fyrirtækjum setja það skilyrði að innan veggja þess sé stunduð rannsókn og þróunarstarfsemi, með það að markmið að bæta arðsemi, vöxt og samkeppnisstöðu fyrirtækisins. Þetta er dýrt en leiðir oftast en ekki til að fyrirtækin hafa betri burði í samkeppni en þau sem ekki vinna skipulega að rannsóknum og þróun.

Mikilvægt er að íslenskt atvinnulíf sitji við sama borð og atvinnulíf í öðrum löndum, hvað varðar skattalega meðferð, sérstaklega þegar um samkeppni er að ræða. Það þarf að skilgreina mjög vandlega hverskonar fyrirtæki eða verkefni skuli njóta slíkra ívilnana. Flestir voru sammála því að slíkar ívilnanir ættu að vera almennar og að það skuli varast að mismuna fyrirtækjum á nokkurn hátt. Sértekar aðgerðir töldu menn ekki besta kostinn enda væru innbyggðar í þær mismunun.

Nokkrir töldu þó að forgangur skattalegra ívilnana mætti liggja á fjárfestingum fyrst og fremst á sviði rannsókna og þróunarmála, en einnig varðandi útrás íslenskra fyrirtækja og við frummarkaðsáttak þar sem verkefnin hafa mikla þýðingu fyrir allt þjóðfélagið. Enginn taldi rétt að ívilna sérstaklega vissum greinum þó dæmi væru nefnd um greinar sem hefðu kost af sértekum leiðum, svo sem nytjaskógar. Við hönnun á skattalegum ívilnunum verður að hugsa til langs tíma og huga vel að undirbúningi. Hanna þarf mælistikur sem bakka upp allan slíkan stuðning.

Kostur við skattalegar ívilnanir til hvatningar á nýsköpun, er að þar sem um sé að ræða áhættusöm verkefni, er unnt að fá niðurgreiddan kostnaðinn við þau, fleiri taka þátt í áhættunni og að umbun þeirra er í takt við áhættuna. Takist vel til fá menn meiri arð en vænta má við almennar fjárfestingar í atvinnulífi. Takist hins vegar illa til, hafa menn tapað sínu fé, sem þó var niðurgreitt í formi skattaívilnana. Segja má að með þessu myndist ákveðið tryggingarkerfi um áhættusækna nýsköpun.

Mikilvægt er við undirbúning heimilda í skattalögum, sem miða að ívilnun við fjárfestingar í áhættusömum verkefnum, að sjá til þess að upplýsingar liggi fyrir um verkefnin og hvaða niðurstöðu má af þeim vænta. Í þessum ívilnunum þarf að vera hvati til að ljúka verkefnum. Þó var bent á að upplýsingar um nýsköpunarverkefni geta ekki alltaf legið á lausu af samkeppnisástæðum. Fyrirtæki vilja ekki í mörgum tilfellum, af samkeppnisástæðum, ekki láta vita hvað þau eru að gera og því vandamál hver ætti að meta verkefni eða fyrirtæki sem ættu að njóta skattalegra ívilnana.

Við hönnun á skattareglum sem taka til ívilnana þarf að reyna af fremsta megni að forðast að hægt sé að misnota þær og einnig sjá til þess að fyrirtæki geti ekki gert út á slíkar ívilnanir. Upp getur komið sú staða að fyrirtæki sjái sér fært að fara af stað með ákveðið verkefni eingöngu vegna skattalegra ívilnana, þó það eigi sér engan raunverulegan möguleika í framtíðinni. Tæplega er hægt að reikna með því fyrirfram að reglur um skattaívilnanir beri 100% árangur, einhverjum hlýtur að mistakast.

Hindranir

1. Lítill hvati er fyrir fjárfestingum í nýsköpun, en þar er áhætta jafnan meiri en í öðrum fyrirtækjum. Því skal veita heimild í skattalögum til handa þeim er fjárfesta í nýsköpun að þeir fái skattaívilnanir tengdar þeirri áhættu sem þeir taka.
2. Veita skal heimild í skattalögum, um skattaívilnanir til fyrirtækja sem stunda nýsköpun, samkvæmt ákveðnum reglum. Fyrirtækin fái að lækka tekjuskattstofn sinn með álögum á nýsköpunarkostnað. Undir þetta falli m. a. rannsóknir og þróunarkostnaður, frummarkaðs átak, kostnaður við öflun einkaleyfa og kostnaður við útrás íslenskra fyrirtækja.

Áhrif skilyrða til umsókna um einkaleyfi á fyrirtæki og einstaklinga.

Kostnaður við verndun þekkingar. Aðstoð við gerð umsókna um einkaleyfi. Hvati frá opinberum stofnunum fyrir starfsmenn þeirra til að sækja um einkaleyfi. "One-stop-shop" þar sem saman vinna uppfinningamenn, notendur og sérfræðingar. Sérhæfð í aðstoð.

Kostnaður við öflun einkaleyfa er mjög hár á Íslandi sem og erlendis. Sum fyrirtæki sjá sér engan hag í að sækja um einkaleyfi hér á landi þar sem innlendi markaðurinn er mjög lítill en kjósa að sækja um verndun erlendis. Þá er enginn hvati til frá hinu opinbera fyrir fyrirtæki og einstaklinga til að vernda þá þekkingu sem þau búa yfir. Hið opinbera ætti að hafa það hlutverk að aðstoða lítil fyrirtæki og einstaklinga á þessu sviði. Þetta má til dæmis gera veð víkjandi lánum. Rannís gæti boðið upp styrki sem stæðu straum af kostnaði við fyrstu umsókn. Rannís mun hafa við einhver tilfelli styrkt umsóknir um einkaleyfi.

Þá mætti auka aðstoð við fyrirtæki um öflun einkaleyfa þó skortur á slíkri aðstoð sé líklega ekki hömlur við nýsköpun. Umsóknir um einkaleyfi eru fremur flókin mál. Það vantar kynningu og þekkingu eða einhvern aðila sem hægt er að leita til um aðstoð og ráðgjöf. Oft eru litlar líkur á að umsóknir um einkaleyfi skili nokkru af sér vegna mikils kostnaðar við það ferli sem ganga þarf í gegnum. Mikið skortir á þekkingu á því hvað einkaleyfi í rauninni er og hvað það hefur í för með sér. Þá á það við um afurðir ýmissa greina, t.d. veiðafæraframleiðslu og vinnslu á hráefni, að þróun er of ör þannig að þegar vernd er komin á er viðkomandi afurð orðið úrelt.

Það þarf að meta snemma hvort þörf er á einkaleyfi til að verja þekkingu eða hvort viðskiptaleind sé nægileg. Hvetja ætti til stofnunar sérhæfðra fyrirtækja um mat á hugmyndum með tilliti til markaðar, tækni og viðskipta. Slík fyrirtæki gætu tekið við hugmynd og komið henni í gegnum einkaleyfaferlið og til notenda. Það gæti fengið hlut í arðsemi leyfisins jafnframt sem það tæki hluta af áhættunni. Einhver dæmi eru til um þesskonar vinnubrögð hér á landi.

Ekki eru allir á sama máli hvort og þá í hvaða mæli kostnaður við verndun þekkingar er fyrirstaða nýsköpunar. Einn viðmælenda sagði: "Þessi háí kostnaður hamlar nýsköpun. Fyrirtæki mitt hafði lagt mikið fé í umsóknir erlendis en varð að hætta við vegna mikils kostnaðar. Það er hættulegt að hætta við þegar stefna fyrirtækisins miðar að verndun á þekkingu. Þá má athuga aðrar leiðir til verndunar eins og að skrá vörumerki".

Hindranir

1. Aðilar sem hafa í hyggju að vernda þekkingu sína hafa engan "farveg" að fara í með verndunarmál. Þetta er dýrt ferli og ekki á allra færi að setja það í gang. Lagt er til að hið opinbera hvetji til að sett verði á stofn miðstöð í samvinnu við einkaaðila, sem hefur að markmið að afla einkaleyfa á áhugaverðum hugmyndum. Kostnaður væri niðurgreiddur og heimilaðar væru skattaívilnanir vegna þess kostnaðar sem umsækjendur um einkaleyfi bera.
2. Komið verði á fræðslu um gagnsemi einkaleyfa og hvernig staðið verði að umsóknum um slík leyfi. Með þessu verðu komið á þekkingu á þessum málaflokki sem gæti leitt til þess að einungis verði sótt um einkaleyfi, þegar það er talið gagnlegt.

Áhrif eftirlitsiðnaðar á nýsköpun.

Eftirlitsiðnaður krefst útgjalda og mannafla frá fyrirtækjum. Eftirlitsiðnaði væri best komið í höndum fyrirtækja. Gerir eftirlitsiðnaður það gagn sem af honum er vænst.

Viðmælendur voru ekki á sama máli um hvort eftirlitsiðnaður hafi vaxið eða minnkað á síðar árum. Skoðanir í þessu efni var gjarnan eftir því úr hvaða greinum þeir komu. Ljóst virðist að fulltrúar eldri atvinnugreina telji þennan iðnað hafa vaxið á meðan fulltrúar nýrri greina virðast verða minna varir við hann. Eftirlitsiðnaður hamlar þó ekki nýsköpun almennt, þó fyrirtæki verði vör við eftirlit sem bæði tekur tíma og kostar peninga.

Eftirlitsiðnaður er ekki alltaf til góðs og mætti ætla að markmið hans sé að viðhalda sjálfum sér. Hið opinbera hefur sýnt ósveigjanleika í aðferðum sínum á meðan fyrirtæki sem vinna eftir innri reglum geta sýnt meiri sveigjanleika sem samræmist betur þörfum fyrir eftirlit. Það mætti þróa eftirlitsiðnað í aðra átt sem er hentugri fyrir fyrirtækin.

Hentugt væri að gera samninga við skoðunarstofur sem þá tækju að sér það eftirlit sem í raun þarf að framkvæma. Gera þarf samanburð við það sem gengur og gerist á EES svæðinu. Hvetja mætti fyrirtæki til vottunar og minnka opinbert eftirlit í framhaldi af því. Flestir töldu samkeppni einna besta kostinn við eftirlit. Líklegt er að fyrirtæki hagi gæðum framleiðslu sinnar á þann hátt að markaðurinn sé ánægður. Bregðist þetta er ljóst að fyrirtækin gætu lent í vanda.

Nokkrir töldu þó að einhver eftirlitsiðnaður þurfi að vera til og hljóti því að kosta. Eins og málin standa nú eru þó of margir aðilar eru í þessum iðnaði og skörun oft á milli þeirra. Eftirlitsaðilar sem heyra beint undir mismunandi ráðuneyti fara í sömu fyrirtækin og framkvæma oft sama eftirlitið. Því þurfa fyrirtækin að borga allt of mikið fyrir eftirlit. Dæmi um þetta eru Fiskistofa og Heilbrigðiseftirlit sem eru í raun að skoða sömu hlutina. Það er mikilvægt að allir sitji við sama borð í þessum efnum.

Eftirlitsiðnaður virðist minna hindra fyrirtæki í greinum sem hafa vanist honum. Mikilvægt er að koma á góðu sambandi milli eftirlitsaðila og fyrirtækja, enda sparar það bæði fé og mannafla. Þar sem samkeppnissjónarmið eru ekki nægileg til eftirlits ætti að koma á einkareknu kerfi. Eftirlitsmenn ættu að skoða úttektir sem gerðar eru

hjá fyrirtækjunum sjálfum og falla frá eylífri tortryggni í garð fyrirtækja. Þetta þýddi væntanlega breytingar á fjöldanum öllum af reglum sem eftirlitsaðilar hafa sett.

Þá mætti til dæmis auðvelda fyrirtækjunum allt skattalegt eftirlit þannig að skatturinn gæti komið í fyrirtæki og gert kannanir í góðu samstarfi við starfsmenn. Um leið ættu skattayfirvöld að hætta að óska eftir ljósritum sem leiða til margföldunar á vinnu miðað við það sem þarf.

Ýmsar eftirlitsstofnanir svo sem Brunamálastofnun og Vinnueftirlit og fleiri stofnanir virðast vera ofvirkar í eftirlitsstarfi sínu og gera hver um sig mismunandi kröfur til fyrirtækja. Nýjar kröfur í til fyrirtækja koma sífellt fram á hverju ári. Þetta getur hamlað nýsköpun. Sá tími starfsmanna fyrirtækja sem fer í að sinna eftirlitsiðnaði þýðir að starfskrafturinn gerir ekki annað á meðan. Eftirlitsiðnaður þarf þó að vera til í einhverjum mæli, reglur þurfa að vera til en innan skynsemi.

Atvinnulífið getur sjálft séð um stóran hluta af því eftirliti sem nauðsynlegt er. Þetta hvetur fyrirtækin til að sjá um sig sjálf enda er um samkeppnismál að ræða sem er ákveðin hvatning í sjálfu sér. Taka mætti til aðferðir sem kallast "sel certification" í allmörgum tilfellum. Mikilvægt er að fylgja alþjóðlegum reglum hvað varðar öryggismál tengd atvinnulífinu.

Lausnin gæti einnig að hluta verið sú að hið opinbera láti eftirlit í hendur opinberra eða einkarekinna faggylltra aðila svo að fyrirtækin geti átt samskipti við færri aðila. Þeir skila svo skýrslu til stofnunar sem hefur stjórnvaldsrétt sem sér um að grípa til aðgera ef þörf. Þetta fækkaði til muna aðilum og sparaði tíma og peninga. Í sjávarútvegi hefur eftirlit verið í höndum fyrirtækja að einhverju marki. Þetta er góður kostur.

Fyrri aðferðir miða að því að settar voru reglur sem fara þurfti eftir. Nýrri reglur miða að eftirlitskerfi þar sem kerfi innan fyrirtækja eru tekin út og skoðað hvort þau geri það sem þau eiga að gera. Lykilorð er að taka út kerfi í stað þess að skoða einstaka þætti óháða heildarstarfsemi fyrirtækja.

Þar sem eftirlitsiðnaður krefst mikilla útgjalda og vinnu fyrir fyrirtækin er ljóst að breytinga er þörf. Það ætti að taka Bandaríkin og Evrópusambandið til fyrirmyndar og hvetja fyrirtæki til vottunar, en þá er átt við að þau fylgi þeim kerfum sem sett eru upp. Þá má setja upp staðla og forskriftir sem fyrirtækin fylgja. Ef eitthvað er að þá verður tekið á því. Þá þarf að gæta hagkvæmni við eftirlit. Einkareknar skoðunarstöðvar eru jákvæður kostur ef sparnaður næst við það. Það þarf að einfalda og samræma eftirlitsiðnað

Hindranir

1. Í atvinnulífinu eru uppi raddir um það að eftirlitsiðnaður í landinu hafi að markmið að viðhalda sjálfum sér. Opinberir eftirlitsaðilar eru ósveigjanlegir og vinna ekki í takt við þá þróun sem atvinnulífið gengur í gegnum. Allt þetta kerfi þarf að endurskoða.
2. Samkeppni í atvinnulífinu er hentugasta verkfærið til eftirlits. Hvetja skal fyrirtæki til vottunar og að þau sjái sjálf um eftirlit með afurðum sínum og ferlum. Lagt er til að komið verði á aðferð sem kallast "selv certification" sem gefur fyrirtækjum kost á eftirliti hjá sjálfum sér.

3. Þar sem utanaðkomandi eftirlit er nauðsynlegt skal gera samning við faggylltar, einkareknar skoðunarstofur sem sæju um hver sinn þátt eftirlitsins. Hlutverk þeirra væri að taka út kerfi þau sem fyrirtækin byggja starfsemi sína á. Þá gætu stofurnar byggt annað eftirlit á úrtökum.
4. Eftirlitsstofnanir sem vinna beint undir mismunandi ráðuneytum og sjá um sama eftirlit í sömu fyrirtækjum, kosta bæði tíma og peninga. Þessi skipan mála þarfnast endurskoðunar við.
5. Nokkrar stofnanir hafa verið gagnrýndar sérstaklega í tengslum við eftirlit. Þetta eru Embætti Tollstjóra og skattayfirvöld. Þá þykja t. d. Fiskistofa og Heilbrigðiseftirlit stunda sama eftirlitið í fyrirtækjum landsins. Þá hafa stofnanir svo sem Brunamálastofnun og Vinnueftirlit sýnt ósamræmi í vinnubrögðum.

Áhrif hefðbundinnar atvinnugreinaskiptingar á nýsköpun.

Ákvarðanir atvinnuvegaráðuneyta stangast á. Fyrirtækjum mismunað eftir greinum Ekki eru skoðaðar forsendur fyrirtækja á t.d. virðisauka heldur eru starfsgreinar í brennidepli opinberra aðgerða.

Flestir viðmælenda voru sammála um að hið opinbera kerfi sem byggir á hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu væri greinileg hindrun við nýsköpun. Atvinnulíf hefur þróast mikið hraðar en hið opinbera kerfi. Þó enn séu til atvinnuráðuneyti má sjá minni aðgreiningu en áður var. Áður var meira áberandi að sambærileg mál voru nánast alltaf meðhöndluð á mismunandi hátt á milli greina. Því má segja að atvinnugreinaskipting hafi valdið hindrunum. Þá má einnig segja að nýjar greinar (hugbúnaður, ferðaþjónusta og ýmiss þjónustuiðnaður) eigi sér engan málsvara.

Samtök atvinnugreina hafa einnig áhrif í þessa átt. Þessi samtök valda einnig hindrunum enda virka þau oft eins og framlengdur armur hins opinbera kerfis sem viðheldur atvinnugreinaskiptingu. Það mætti skoða möguleikann á að sameina samtök ólíkra atvinnugreina. Einnig verður að taka tillit til þeirrar staðreyndar að stærsta atvinnugrein landsins, sjávarútvegur, er alls ekki ein atvinnugrein. Mikill munur er á veiðum, vinnslu og sölu sjávarafurða og eiga ólík skilyrði við hvern af þessum þáttum. Sjávarútvegur á Íslandi stendur framar en í flestum öðrum löndum í heiminum og því líklega eðlilegt að hann njóti ákveðins forgangs.

Landbúnaðarfyrirtæki sem teljast vera í iðnaði (t.d. Osta og smjörsalan) njóta mikið betri kjara en almenn iðnfyrirtæki. Þau starfa í vernduðu umhverfi og allt aðrar reglur gilda um þau en önnur fyrirtæki. Landbúnaður sem atvinnugrein hefur jafnan haft forgang fram yfir aðrar greinar. Skírt dæmi um þetta eru ýmiss átaksverkefni og annar stuðningur við fiskeldi. Fiskeldi er einnig gott dæmi um atvinnugrein sem hefur hamlað sameiginlegum aðgerðum ráðuneyta. Ákvarðanir ráðuneyta, við skilyrði eins og uppbyggingu nýrra greina, stangast oft á og leiðir það til þess að þessar greinar eiga erfiðara uppdráttar en ef stefna um þróun þeirra væri á einni hendi.

Ákvarðanir atvinnuvegaráðuneyta stangast oft á, þegar þróun atvinnulífs er til umræðu, enda eru stjórnvaldsákvarðanir oft byggðar á illa undirbúnum stjórnmálalegum markmiðum. Landbúnaðar- og byggðamál hafa gert atvinnulífinu erfitt fyrir og hindrað eðlilega þróun. Dæmi er um að ýmsar álögur hins opinbera hafi leitt til þess að ákveðnar greinar hafa ekki náð fótfestu. Nefnt hefur verið í þessu sambandi að fóðurbætisgjald standi kjúklingaframleiðslu fyrir þrífum.

Þessi skipan endurspeglar ekki atvinnulíf í dag. Hið opinbera kerfi ætti að taka mið af þeirri þróun sem á sér stað í atvinnulífinu, enda hefur hið opinbera jafnan í valdi sínu hvort nýjar greinar náí að komast á legg. Dæmi um greinar sem passa illa inn í þetta kerfi eru hugbúnaðariðnaður og ferðaþjónusta. Því getur það getur valdið hindrunum við nýsköpun ef verkefni eða grein lendir utan ráðuneytakerfisins.

Mikilvægt er að nýta þá þekkingu sem til er í landinu, til heilla fyrir hentugustu þróun atvinnulífsins, enda er þessi þekking í mörgum tilfellum greidd fyrir af almanna fé. Einstaklingar hafa fengið menntun frá 7 ára aldri og þarf að virkja þessa þekkingu. Hugvitsiðnaður nýtur ekki sömu kjara og eldri greinar jafnvel þótt hann skapi mikið meiri virðisauka en þau.

Það þarf að finna form til þess að nýjar greinar geti starfað á eðlilegan hátt, þrátt fyrir forskot fiskveiða og iðnaðar tengdum þeim. Atvinnugreinaskipting er þröskuldur fyrir nýsköpun. Betra væri ef eitt atvinnurvgaráðuneyti væri til með öll mál á sinni könnu. Atvinnugreinskupting leiðir saman samstarf í ákeðinni grein á kostnað þeirra kosta að koma á samstarfi þvert á greinar. Til dæmi fá fyrirtæki sem heyra til iðnaðarhluta landbúnaðarráðueytisins mjög góð kjör og jafnvel meiri stuðning til vöruþróunar en sambærileg fyrirtæki geta vænst. Ráðuneytin eru föst í fortínni. Viðhorfin eru fortíðarinnar ekki framtíðarinnar. Skoða þarf forsendur atvinnurekstrar í framtíðinni og sérstaklega þarf að skoða vaxtargreinar.

Mikilvægt að skoða niðurstöður og virðisauka af verkefnum við opinberar ákvarðanir. Þá er mikilvægt að taka tillit til þeirrar þekkingar sem til er í nýjum fyrirtækjum og hlú að vexti þeirra og viðgangi.

Hindranir

1. Atvinnugreinaskipting í ráðuneytum, stofnunum hins opinbera og í samtökum fyrirtækja í ákveðnum atvinnugreinum er tímaskekkja sem takast þarf á við. Atvinnulíf þróast mjög hratt og getur hið opinbera kerfi undir stjórn aðila sem hafa takmörkuð tengsl engan veginn brugðist á besta hátt við þessari þróun. Meðhöndlun svipaðra mála í ólíkum greinum eru nánast alltaf mjög ólík og leiðir jafnan til misræmis í meðferð mála.
2. Samtök fyrirtækja í ólíkum atvinnugreinum eru undir sömu sök seld. Þessi samtök eru í sífelldum samanburði og samkeppni á milli greina. Þetta leiðir til þess að fyrirtæki í sömu grein kjósa að vinna saman á kostnað þeirrar hagræðingar sem samstarf á milli greina, getur gefið.
3. Því er lagt til að málefnum atvinnulífsins séu ekki stjórnað af ráðuneytum og stofnunum sem fást einungis við valdar atvinnugreinar, heldur að þessum málefnum sé stjórnað á sama stað óháð því um hvaða atvinnugrein er að ræða. Því er hvatt til endurskoðunar á hefðbundinni atvinnugreinaskiptingu hjá stjórnvöldum og samtökum atvinnugreina.
4. Nýjar greinar sem koma inn í íslenskt atvinnulíf eiga sér oft engan samastað og skortir samhæfingu og krafta til að njóta sömu kjara og eldri greinar. Lagt er til að í endurskoðuðu stjórnkerfi eigi nýjar greinar greiða leið að þeim kjörum sem atvinnulífinu eru byggð.

Eru markmið lagasetninga með stefnumarkandi skírskotun alltaf augljós fyrir löggjafavaldið?

Helstu hlutar nýsköpunarstefnu og tengsl við önnur stefnumið (stefnumál menntunar-, iðnaðar-, sjávarútvegs- og landbúnaðar). Er stefna í atvinnumálum til framtíðar fyrir hendi. Eru réttar forsendur fyrir vali á stefnumiðum um atvinnumál.

Viðmælendur töldu að mikilvægt væri að hið opinbera móti sér stefnu í nýsköpunarmálum, þar sem áberandi eru stefnumál sem varða grunngerð atvinnulífs. Þessi stefnumál verða jafnan að vera í tengslum við aðra stefnumörkun í þjóðfélaginu. Á Íslandi er í raun ekki til nein heilsteypt nýsköpunarstefna. Spurning er í hvaða mæli er rétt að ákveða leiðina. Hér hafa sprottið upp ný fyrirtæki sem ef til vill hefðu ekki komið fram ef stefna hefðir verið mörkuð of þröngt.

Nýsköpunarstefna er þó að verða til smám saman, án þess þó að hún sé sérstaklega skilgreind. Mikilvægt í þessu sambandi er að skapa almenn skilyrði með það að markmiði að samkeppnishæfi landsins nýtist sem best. Segja má að stefna mismunandi ráðuneyta sé ólík í málum sem bæði tengjast nýsköpun sem og í öðrum málum eins og t.d. umhverfismálum. Þessi stefna endurspeglar þó ekki sýn fyrirtækja á framtíðina.

Nýsköpun á sér fyrst og fremst stað í fyrirtækjum en ekki hjá stofnunum, sem þó hafa mikilvægt hlutverk. Lykilþættir nýsköpunarstarfsins í fyrirtækjunum er framlag einstaklinga. Stjórnvöld verða að hafa stefnu í nýsköpunarmálum en forðast þó alla forsjarhyggju sem er til trafala. Það gengur fremur seint að framkvæma stefnu hins opinbera eins og til dæmis hvað varðar framkvæmd útboða, sem hefur tekið nokkur á að koma í framkvæmd.

Stefna í menntamálum er ein sú mikilvægasta sem varðar nýsköpun en þessi stefna er erfið í framkvæmd. Eftirspurn eftir ákveðinni menntun eða þekkingu gengur í bylglum og eru tískusveiflur í gangi á hverjum tíma. Mikilvægt er að opna að fullu aðgang að öllu námi.

Það er hættulegt fyrir stjórnvöld, eða hvern annan sem er, að leggja línurnar í hvaða átt stefna skal með nýsköpun. Dæmin sanna að tilraunir til að meta hvaða greinar verði í mestri framsókn eftir ákveðinn árafjölda, hafa venjulega ekki gengið eftir. Hlutverk hins opinbera á sviði nýsköpunar er að hlúa að þeirri grunngerð sem fyrir er í landinu, svo sem á sviði, reglugerða, fjármagns, þjónustu, menntunar, rannsókna ofl., frekar en að velja sér ákveðnar greinar sem líklegar eru til að leiða til bættrar afkomu.

Þá þarf að vera fyrir hendi almennur stuðningur við atvinnulífið í ýmsu formi. Stjórnvöld ættu að styrkja rannsóknastarfsemi og bæta annan stuðning við atvinnulífið sem miðar að nýsköpun og bættri samkeppnisstöðu fyrirtækja. Miða skal allan stuðning við það sem gengur og gerist í öðrum löndum, sérstaklega á þeim sviðum þar sem við eigum í samkeppni við þessi lönd.

Mikið vandamál er að ný lög sem fram koma hjá Alþingi eru ekki alltaf hugsuð til enda og áhrif þeirra metin. Oftar en ekki veldur framkvæmd þeirra vandamálum, sérstaklega fyrst eftir gildistöku þeirra. Þetta þarf að laga og þarf að vanda sérstaklega vel til allra lagasetninga. Vissulega geta stjórnvöld markað ákveðna stefnu í atvinnu og nýsköpunarmálum. Hægt er að stefna á ákveðnar leiðir án þess að einskorða þær of þröngt. Dæmi um slíkt val á leiður er að fyrir nokkrum árum ákváðu stjórnvöld í Lúxembúrg að helga framtíð landsins fjármálageiranum og leggja áherslu

á málefni fjölmiðla. Þessi stefnumið hafa komið skýrt fram í atvinnulífi landsins. Af þessu má draga ákveðinn lærdóm.

Hindranir

1. Skortur á stefnu í nýsköpunarmálum og tengsl nýsköpunarmála og stefnumiða sem hafa áhrif á nýsköpun er vandamál varðandi lagasetningu. Mikilvægt er að hið opinbera móti nýsköpunarstefnu og að hún sé samofin efnahagsstefnu þjóðarinnar.
2. Stefna í menntamálum varðar nýsköpun í atvinnulífinu. Eftirspurn atvinnulífisins eftir þekkingu er erfitt að sjá fyrir og því mikilvægt að tengja þessi tvö stefnumið náið saman. Opin menntun er lykillinn að velgengni í nýsköpunarmálum og því mikilvægt að finna jafnvægi í framboði og eftirspurn eftir ákveðinni þekkingu.
3. Stjórnvöld eru vöruð við því að marka stefnu í nýsköpunarmálum of þröngt þannig að framtíðarsýn stjórnmalamanna sé látin ráða. Frekar er það hlutverk stjórnvalda að hlúa að grunngerð atvinnulífisins og láta það um þróun til framtíðar.
4. Ný lög sem fram koma á Alþingi eru ekki alltaf hugsuð til enda og hafa jafnan áhrif sem enginn vissi um fyrirfram. Því er lagt til að komið sé á hópum sérfræðinga sem fara yfir ný lög og meta áhrif þeirra á atvinnulíf og nýsköpun í heild sinni.

Stuðningur hins opinbera við nýsköpun. Áhrif stuðningsþátta.

Áhrif af styrkjum til rannsókna. Á þessi stuðningur rétt á sér. Skal stuðningur tengdur atvinnugreinum eða verkefnum. Er tenging stuðnings við niðurstöður rannsókna æskileg.

Flestir viðmælenda töldu stuðningur hins opinbera á rétt á sér. Þó skal fara varlega í allan stuðning og sjá til þess að láta eitt yfir alla ganga. Nefnd voru dæmi um hve vel heppnuð þátttaka í fjölþjóðlegum verkefnum hefðu reynst og nefndu menn styrki ESB til rannsókna í því sambandi. Opinber stuðningur á að tengjast verkefnum en ekki einstökum atvinnugreinum, á kostnað annarra. Hentugast er að stuðningur gangi þvert á greinar enda verkefni sífellt að verða meira þverfagaleg. Mikilvægt er að þau rannsóknaverkefni sem njóta stuðnings séu í takt við raunveruleikann, enda má sérstaklega greiða götu aðstandendur slíkra verkefna.

Gæta þarf ýrtrustu varkárni og skoða einstök verkefni í hverju tilfelli. Kostur er að sjá til þess að stuðningur smiti útfrá sér, helst um allt atvinnulífið. Sjálfsagt er að hafa byggðasjónamið í myndinni enda mætti kappkosta að gera atvinnulíf á hverjum stað nægilegt sjálfu sér.

Vitað er að stuðningur ríkja í Evrópu við rannsóknir, nýsköpun, tækniyfifærslu og hliðstæða hluti er margfalt meiri en hér á landi. Hér eru styrkir til rannsókna almennt lægri en í öðrum löndum, auk þess sem stuðningsumhverfi á í vissum erfiðleikum. Má nefna rannsóknastofnanir sem verða að veita sífellt stærri hluta starfa til öflunar sértekna og oft á sviðum sem þær eru í samkeppni við fyrirtæki í landinu. Þá eru fjölmargir aðilar í þessu umhverfi að fást við sömu hlutina án þess að um samræmingu sé að ræða. Hér vantar greinilega ákveðna heildarstefnu.

Rétt er þó að takmarka verulega þann tímaramma sem bindur stuðningsumhverfið á sviði rannsókna og nýsköpunar. Ekki má leggja í of langar áætlanir sem gætu staðið nýrri þróun fyrir þrifum. Dæmi um þetta er sá vandi sem hugbúnaður var í þegar hann passaði hvergi inn í hið opinbera kerfi.

Til að jafna aðstöðumuninn verða Íslendingar því að annaðhvort banna opinber framlög til stuðningsumhverfis í samkeppnislöndunum sínum eða vinna á svipaðan hátt og gengur og gerist í öðrum löndum. Líklegt er að seinni kosturinn sé vænlegri til árangurs.

Í litlu hagkerfi er ekki alltaf hægt að leita til sérfræðinga á öllum sviðum. Fjárfestar leita álits sérfræðinga á sviði tækni og annarrar þekkingu auk þess sem þeir nýta reynslu frumkvöðla við mat sitt á fjárfestingakostum. Við áframhaldandi rekstur er frumkvöðullinn venjulega tæknilegi sérfræðingur fyrirtækis en fjárfestar leggja oft með þekkingu á svið fjármála, stjórnunar, vinnuferla, framleiðni, markaðsmála o.fl.

Einn viðmælend gerði sérstaka grein fyrir vandamálum hugbúnaðar og samskiptum hans og hins opinbera.

Ytri vandi hugbúnaðarfyrirtækja.

Höfuðvandi hugbúnaðariðnaðarins er fölginn í þeirri staðreynd að öll greinin er undirmálgrein meðal annarra atvinnugreina. Í venjulegri atvinnustarfsemi er varla til svo aumt og lítið fyrirtæki, að því takist ekki að fá lánaþingreiðslu með veði í tækjum, framleiðslu eða húsnæði.

Meðal hugbúnaðarfyrirtækja, hvort sem tugir eða hundruð milljóna hafa verið lagðar í þróun eða framleiðslu, er verðhæfi í þessum eignum einskis metið. Náist ekki hlutfé að fyrirtækinu, neyðast aðstandendur þess, hluthafar jafnt og starfsmenn, að ljá því ábyrgðir. Slík ábyrgðarfyrirgreiðsla er neyðarbrauð, en oft eina leið aðstandenda til þess að halda lífi í málum sem þeir trúa á. Öll þessi atvinnugrein er meira og minna því marki brennd að hafa orðið að treysta á langlundargeð og ósérhlífni þeirra sem að þeim standa. Líklega eru mjög margir sem greininni tengjast mun ver staddir fjárhagslega vegna þessara sérstæðu aðstæðna, en annars væri. Í þessu efni er um alvarlegan vanda að etja og mjög hættulega öfugþróun.

Skortu á veðhæfi eigna er frumvandi hugbúnaðariðnaðar. Það þarf að leysa þennan vanda, þó ekki væri nema til þess að gera aðstöðu þessa fyrirtækja jafngilda aðstöðu annars venjulegs reksturs. Það þarf að skapa einhver þau skilyrði af hálfu umhverfisins, þannig að þessi undirstöðumarkmið megi ná fram. Spurning er hverjum stendur slíkt næst. Svarið við því er að líklega má telja eðlilegt að beina sjónum að ríkisvaldinu í þessu sambandi. Ríkisvaldið eða þar til bær stjórnvöld leyfa að þessi starfsemi sé við lýði og jafnvel hvetur til hennar í ræðu og riti, sérstaklega á tyllidögum. Greinin lýtur sömu kvöðum og önnur fyrirtæki, t.d. í því er varða skatta og skyldur. Eignaskattar eru lagðir á skattskylda eign, þó svo bú sé engin eign í bankalegu tilliti.

Takist ekki að greiða starfsmönnum laun, sem oftast en ekki eru verktakar, er þeim hægur vandinn að ganga út. Vegna þessa eru slíkir starfsmenn í lykilstöðu gagnvart fyrirtæki sínu. Ef þeir eru ómissandi, sem oftlega er, geta þeir nýtt sér aðstöðu sína til

Þess að fá hækkað kaup vegna þess að hugur er á markaði í slíka starfsmenn. Frammi fyrir þessari stöðu standa hluthafar varnarlausir er þeir hafa leiðst of langt í því að styðja við bakið á sínu fyrirtæki. Eygi þeir lítið tekjustreymi standa þeir oft frammi fyrir því að láta þetta yfir sig ganga með auknu hlutafé, lánsfé eða ábyrgðum frekar en að sprengja upp stöðuna og tapa öllu sínu.

Nokkuð virðist vera að birta yfir skilningi manna á nauðsyn þess að standa með einhverju móti betur með hugbúnaðariðnaði og þeirri nýsköpun sem þar á sér stað. Þetta hefur komið fram í vaxandi áhuga á því að setja á laggirnar áhættufjármagnssjóði og er það nokkur viðurkenning á hlutverki hrópandans í eyðimörkinni.

Leið til þess að bæta hér um er m.a. fólgin í því að kanna hratt og vel hvað framsækin lönd á þessum vettvangi gera fyrir hugbúnaðariðnað. Má hugsa sér að skoða hvernig ytra umhverfi vinnu með slíkum fyrirtækjum, t.d. í Finnlandi, á Írlandi og í Bandaríkjunum. Ugðlaust má læra af starfsemi í öðrum löndum hvað þetta varðar.

Innri vandi hugbúnaðarfyrirtækja.

Frumkvöðlar í litlum frumkvöðlafyrirtækjum eru sjálfir margoft mikil hindrun á því að þeim verði almennilega komið á legg. Þetta eru átakamenn, oft menn hugsjóna og framsýni, en oftast en ekki því marki brenndir að hafa takmarkað vit á fjármálum, rekstri og jafnvel oft svo að þeir rekast illa í mannlegum samskiptum. Við þessum vanda hafa menn stundum hugsað sér að fjármagnseigendur taki ráðin frekar í sínar hendur. Almennt má segja að slíkt sé ágætt að vissu marki, en slíkt getur líka leitt vanda yfir fyrirtækið og jafnvægi í því. Ljóst er að mjög góð alþjóðleg ráðgjöf þurfi að koma að þessum innri vanda slíkra fyrirtækja. Ekki er víst að almennt sé til nægilega góð þekking til í landinu svo að ganga meg út frá því að innri vanda á frumkvöðlastigi meg bæta með því einu að sterkir fjárfestar komi að málum og reki þau á rekstrarlegum forsendum. Frekar er að hér þurfi að koma að mikilsvert miðjuafli, sem sé fólgið í mikilli reynslu frá umhverfi utan Íslands. Skilningur á þessu virðist fara vaxandi.

Mörgum þykir sem svo að oft meg steypa saman litlum hugbúnaðarfyrirtækjum með skylda starfsemi. Þetta getur verið jákvætt en þarf að gerast á grundvelli góðrar óhlutdrægrar ráðgjafar. Fjármagnseigendur þurfa að lúta slíkum sjónarmiðum jafnt og frumkvöðlar. Einhvern veginn þarf að halda frumkvæði innan samsteypu ótrufluðu, þrátt fyrir áherslubreytingar og hagræðingu.

Hindranir

1. Opinber stuðningur við nýsköpun skiptir máli og er af samkeppnisástandum mikilvægur. Mikilvægt er að allir sitji við sama borð hvað varðar opinberann stuðning og að hentugasta form stuðnings sé notað í hverju tilviki.
2. Stuðningsumhverfi nýsköpunar er fremur umfangsmikið hér á landi þó fjárhagslegur og þekkingarlegur stuðningur sé af skornum skammti og ekki endilega hannaður á hentugasta hátt. Lagt er til að stuðningsumhverfi nýsköpunar verði endurskoðað, komið á verkaskiptingu og fjölda aðila í umhverfinu verði fækkað með samruna, þeirra sem vinna að sömu málum.

3. Stuðning skal beint að einstökum verkefnum en ekki atvinnugreinum. Þar sem takmarkað fé og þekking er til ráðstöfunar er alltaf vandaverk að velja þau verkefni sem skara fram úr í samkeppni við önnur verkefni.
4. Til að jafna aðstöðumun íslenskra fyrirtækja þarf að miða þann stuðning sem veittur er við það sem gengur og gerist í samkeppnislöndum okkar. Þetta kostar bæði fé og mannafla en ætti að borga sig til lengri tíma.
5. Forðast skal stór stuðningsverkefni til langs tíma sem hafa stefnumótandi áhrif á þróun atvinnulífsins. Önnur mikilvæg verkefni sem gætu verið að skjóta rótum á þeim tíma gætu aldrei náð fótfestu í samkeppni við betur þekkt verkefni.
6. Vandamál greina sem byggja á þekkingu er skortur á lánsfé, þar sem veðhæfi er ekki fyrir hendi. Því er lagt til að komið verði á fót ábyrgðartryggingarsjóði sem legði fram tryggingar. Það er tímaskekkja að óefnisleg verðmæti séu minna metin en efnisleg.
7. Hé er lögð fram hugmynd um ábyrgðartryggingarsjóð sem fjármagnaður væri myndarlega með hluta af því fé sem kemur úr einkavæðingu ríkisins. Ef menn ætla að vera með einhverja útrás þá þarf að setja einhvern fórnarkostnað. Óvillhóll stjórn mæti hver mál fyrir sig. Kunnáttumenn mætu hvað væri raunveruleiki og hvað væri óraunverulegt. Veittar ábyrgðir gætu síðan stjórnendur notað til þess að leita að bestu fjárfestingarkostum.

Áhrif opinberra stofnana, viðhorf og þjónusta gagnvart nýsköpun.

Vinna opinberar stofnanir í takt við tímann svo sem með því að færa sér í nyt nýjar starfshugmyndir eða er þjónustuferli of flókið. Er viðhorf þeirra til fyrirtækja eðlilegt (jákvætt, trúnaður eða neikvætt vantrú). Mætti leggja áherslu á að minnka skriffinnsku í tengslum við opinberar stofnanir.

Hið íslenska kerfi á langt í land hvað varðar jákvætt viðhorf og þjónustu gagnvart atvinnulífinu. Allflest fyrirtæki eru heiðarleg og borga sinn skatt og sinna sínum skyldum. Skattayfirvöld ættu að temja sér að vinna á jákvæðan hátt með fyrirtækjum og hætta að líta á þau sem uppsprettu ólöglegra athafna. Skattayfirvöldu eru jafnan að fást við önnur mál en þau ættu að vera að skoða, líklega bara það sem þeir ráða við.

Íslensk fyrirtæki sem náð hafa vissri stærð eru almennt ekki að svindla á yfirvöldum þó að auðvitað séu misjafn sauður í mörgu fé. Það er einfaldlega ekki hægt að vera með undanskot þegar fjöldi fólks úr starfslíðinu sér um ýmissa skráningu. Það er ekki hægt að margir í stóru fyrirtæki séu vitorðsmenn um lagabrot. Endalaus vandamál eru í samskiptum við tollayfirvöld en þar mætti m.a. tæknivæða vinnuferlið betur. Dæmi um neikvætt viðhorf tollayfirvalda er tilraun verslunarkeðju í Reykjavík sem hugðist færa út kvíarnar til nágrannalands. Þetta kallaði á meðhöndlun vöru án þess að hún færi um hendur tollayfirvalda. Þessu gátu tollayfirvöld ekki unnað og ekkert varð úr viðskiptunum

Nokkuð vantar á að opinberar stofnanir vinni í takt við tímann. Spurning er hvort um sé að kenna þeim ramma sem þær vinna innan eða hvort starfsmönnum sé um að kenna. Þetta hefur þó lagast mikið frá því sem var, en mætti batna. Þá eru of há gjöld á ýmissi þjónustu en það leiðir til þess að fólk leiðist út í allskonar undanskot. Skriffinnska opinberra stofnana er enn of mikil þrátt fyrir að hún hafi nokkuð minnkað.

Einn viðmælenda nefndi dæmi um hve mikið vandamál væri eiga við sumar opinberar stofnanir og tók hann Tollstjóraembættið sem dæmi. Fyrirtæki hans hefur átt mikið magn af gölluðum vörum sem ekki var hægt að selja hér á landi en í þessum vörum voru samt nokkur verðmæti kæmust þau til framleiðenda erlendis. Til að koma þeim í gegnum tollinn aftur til útlanda þarf að leggja í mjög mikla og dýra vinnu, jafnvel svo mikla að það tók því ekki. Verðmætin sem lenda í slíkri klemmu verða fljótlega að engu. Almennt má segja að fremur einfalt sé að flytja inn vöru en erfitt að flytja hana út aftur. Því veldur einkum vantrú á fyrirtækin og það viðhorf að þeim sé ekki treystandi til að fara að lögum.

Opinbert kerfi er svífaseint í samanburði við atvinnulífið og bregst ekki við þeirri framþróun sem á sér stað. Dæmi eru um stofnanir þar sem viðhorf er jákvætt og voru oft nefndar fagstofnanir á borð við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Opinberar stofnanir gera engan greinamun á fyrirtækjum í nýsköpun eða öðrum greinum, enda hafa þær lítinn skilning á slíkum málum.

Einn viðmælenda hélt því fram að launamál, sem ættu að vera samningsatriði milli vinnuveitenda og starfsmanna, væru mikið vandamál. Launamál starfsmanna á Íslandi eru galopin. Menn sjá einfaldlega laun samstarfsmanna og annarra í skattaksrá eftir hverja álagningu, og því er ekki hægt að halda launum einstaklinga leyndum. Hver sem vill hefur aðgang að upplýsingum um laun hvers sem er. Það er því erfitt fyrir stjórnendur að gera vel við góða starfsmenn án þess að fjöldinn fái vissu um það þetta þarf að stoppa.

Hindranir

1. Viðhorf skattayfirvalda gagnvart fyrirtækjum er fremur neikvætt. Þetta veldur því að óþarfa vinnuálag og kostnaður leggst á fyrirtækin, þegar skattayfirvöld koma með, að því er virðist óþarfar kröfur.
2. Viðhorf tollayfirvalda gagnvart fyrirtækju er einnig fremur neikvætt. Fyrirtæki sem hyggjast færa út kvíarnar mæta tortryggni af hálfu þeirra.
3. Mjög mismunandi er hve hið opinbera kerfi er fljótt að átta sig á þeirri þróun sem íslenskt atvinnulíf vinnur í. Sumar stofnanir taka seint við sér á meðan aðrar, oft fagstofnanir, eru fljótari til.
4. Leggja skal af hið fyrsta þá opinberun á launum íslenskra launþega, sem á sér stað reglulega með birtingu álagningarskrár skattayfirvalda. Það kemur í veg fyrir þá leynd á launamálum sem stjórnendur og starfsmenn fyrirtækja kjósa að hafa.

Fyrstu skref nýsköpunarfyrirtækja eru oft erfiðust.

Ætti hið opinbera að byggja upp kerfi sem gerir frumkvöðlum (vísindamönnum og uppfinningamönnum) kleyft að prófa hugmynd sína? Setja á stofn "útungunarstöð" fyrir ný fyrirtæki (incubation centre).

Ýmsar stofnanir og samtök hafa til hagsbóta fyrir ný fyrirtæki, komið á verkefnum til að auðvelda fyrirtækjunum að komast á legg. Áætlanir eins og Útflutningur og hagvöxtur sem Útflutningsráð og fleiri standa að er mjög áhugavert. Þekking á ýmsum sviðum kemur þar saman og gerðar eru áætlanir sem eiga að leiða til útflutnings. Slík átaksverkefni mætti þróa áfram.

Stuðningur við frumkvöðla má þó ekki hefta þau fyrirtæki sem þegar eru til og eru að byggja upp reynslu. Reynt hefur verið að mynda kjarna þar sem fyrirtæki geta unnið saman, einskonar tæknigarða. Vandamál með tilraunir eins og tæknigarða geta verið að fyrirtæki sem þar starfa einangrist. Mikilvægt að hlú að frumkvöðlum en ekki endilega í tæknigarðaforminu. Þá skal einnig hlúð að nýsköpun í starfandi fyrirtækjum þar sem þekking og reynsla er fyrir hendi.

Það vantar reynslu og hefð í áættununargerð meðal fyrirtækja í landinu. Það vantar að kenna þeim gera heimavinnuna sína svo sem að setja saman raunhæfa viðskiptaáætlun. Þá þarf að aðstoða sérstaklega ný fyrirtæki við gerð viðskiptaáætlunar. Þá þarf að vera hægt að benda á snemma í ferlinu, að ekki er rétt að stofna fyrirtæki ef fé er ekki tryggt til stofnunar þess og vaxtar, a.m.k. í byrjun. Þá ættu aðilar eins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins að taka þátt enn fyrr í ferlinu og leggja mat á hugmyndir. Frumkvöðlar hafa oft litla reynslu af stjórnun en mikilvægt er að aðgangur sé að stjórnunarþekkingu hjá nýjum fyrirtækjum.

Hindranir

1. Koma ætti á markvissum stuðningsáætlunum um þá margvíslegu þætti í starfsemi sem nýsköpunarfyrirtæki þurfa að taka sér fyrir hendur, í upphafi reksturs. Nýta má þá reynslu sem þegar hefur áunnist hér á landi og erlendis.
2. Mikilvægt er að benda á varðandi stuðningsáætlanir að starfandi fyrirtæki eru þau sem stunda hvað mesta nýsköpun. Miða þarf stuðning við allt atvinnulífið með hliðsjón af þeim nýjungum sem það leggur stund á.
3. Skoða vandlega hvort frumkvöðlar og ný fyrirtæki geti leitt saman hesta sína í nýsköpunarstarfinu. Frumkvöðlar geta lagt fram hugmyndir en starfandi fyrirtæki, mótað starfsumhverfi.

Þróun fjármálamarkaðar á Íslandi og áhrif á nýsköpun?

Eru áhættufjárfestar nægilega margir og öflugir til að fjárfesta í áhugaverðum fyrirtækjum. Verðbréfabréfasjóðir eru með á bilinu 40-60% skráð hlutabréf, restin opinber verðbréf. Stofnanafjárfestar verða að fjárfesta a.m.k. 90% í skráðum hlutabréfum, 10% í óskráðum. Hvað þarf til að hlutabréfamarkaður geti vaxið þrefalt. Væri kostur með lista á Verðbréfaþingi með aðeins nýsköpunarfyrirtækjum. Væri það kostur að skrá íslensk nýsköpunarfyrirtæki á NASDAQ. Kemur til greina flokkun á atkvæðamagni hlutabréfa t.d. til aðila sem leita arðs fremur en áhrifa. Fjárfestar telja útgönguleiðir fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum rýrar. Er arðsemi fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum minni en skráðum fyrirtækjum.

Ekki er samræmi í yfirlýsingum um framboð áhættufjár annars vegar og framboð áhugaverðra nýsköpunarhugmynda. Viðmælendur úr fjármálaheiminum töldu að það ætti ekki að vera vandamál að finna fjárfesta á Íslandi. Viðmælendur sem búa yfir áhugaverðum hugmyndum telja að fremur vanti fjármagn en góðar hugmyndir. Þeir segja einnig að hlutur frumkvöðla í nýjum fyrirtækjum sé oft vanmetinn. Fjármagnseigendur eiga það til að taka til sín allt stærri hluta af nýju fyrirtæki en framlagi þeirra nemur þar sem verðmætamat hugmynda er mikið vandamál. Fjármagnseigendur leggja fram fé en það eitt er ekki nóg til að fyrirtækið geti vaxið.

Fyrirtæki með afurð tilbúna fyrir markaðinn lenda oft fljótlega í vanda með afurð sína þar sem lítill markaður gefur ekki nægilega arðsemi. Þróunarkostnaður er oft mikill í nýsköpunarfyrirtækjum og eru dæmi um að fyrirtæki gefast upp þegar lokahnykkurinn er eftir. Slík fyrirtæki þarfnast verulega möguleika á að fjárfestar séu með burði og vilja til að fjárfesta auk þess sem fyrir hendi sé þekking til að koma afurðinni á stærri markað. Það er mikilvægt að leggja þekkingu með fjármagni inn í fyrirtækin.

Mikil þróun hefur verið á verðbréfamarkaði á þessum áratug. Til hafa komið sjóði sem versla með verðbréf, bæði hlutabréf og önnur bréf. Hlutabréfasjóðir eru samansettir af hlutabréfum í skráðum fyrirtækjum, opinberum verðbréfum og erlendum verðbréfum. Stofnanafjárfestar eða sjóðir verða að fjárfesta í amk 90% í skráðum pappírur en restina í öðru. Þetta eru alþjóðlegar viðmiðanir sem líklega breytast ekki hér á landi. 90% reglan er eðlileg enda eiga sjóðir að passa að áhætta fjármagnseigneda sé ekki of mikil. Hins vegar væri ekki óeðlilegt að sjóðirnir settu einhverjar reglur sjálfir um þessi mál.

Fjárfestingar í nýsköpun eru fremur stutt komnar á Íslandi miðað við önnur lönd. Margt er þó að breytast enda eru flestir sjóðir í samvinnu við erlenda aðila. Verðbréfasjóðir eru sameiginleg fjárfesting fólks sem eiga einingar í þeim, því sjóðurinn sjálfur á ekki fé. Skráð bréf eru það eina sem þeir mega fjárfesta í, þ.m.t. ríkisverðbréf sem einnig eru skráð. Slíkir sjóðir bera enga skatta. Ekki er hægt að hafa innan ramma slíkra sjóða fjárfestingar í óskráðum pappírur, eins og nýsköpunarhlutabréf. Eina leiðin er að stofna hlutafélög um slíkar fjárfestingar en tekjuskattur í þeim væri 30%. Einstaklingur sem greiðir 10% fjármagnsskatt fær því 90% af 10% eða 90% af 70% í tilfelli félags sem fjárfestir í nýsköpun. Það er í þessu tvísköttun. Löggjöf á þessu sviði er eftir á miðað við það sem gerist á þróaðri mörkuðum erlendis.

Ávöxtun af nýsköpun er háð öðrum lögmálum en í venjulegum skráðum bréfum. Raunar er þessi ávöxtun talin betri þegar upp er staðið. Útgönguleiðir fjárfesta eru að verða betri og batna með hverju ári m.a. sem afleiðing aukinna viðskipta með bréf og með fyrirtæki.

Það væri kostur ef það mætti koma því við að lífeyrissjóðir fjárfestu meira á verðbréfamarkaði, en það er líklega einna stærsti vaxtamöguleikinn hvað varðar eftirspurn sem hægt er að koma auga á. Það mætti skoða vel að leyfa meira en 10% fjárfestingar í óskráðum pappírur en finna verður hentuga útfærslu á þessu.

Hlutabréfamarkaður mun vaxa á komandi árum. Ríkið er að selja fyrirtæki sín og munu orkufyrirtæki verða í þeim hópi innan skamms. Þessi fyrirtæki fara inn á verðbréfamarkað. Áhættufjárfestingar á Íslandi hafa verið að breytast. Það eru í gangi ýmiss boð frá aðilum sem leita fjármagns. En til að stækka verðbréfamarkað þarf að auka veltuhraða. Þetta leiðir til aukins sparnaðar og eykur þátt almennings í hlutafjárkaupum.

Fjármálakerfið á Íslandi er lítið og markaður vanþróaður þrátt fyrir öfluga þróun síðustu ára. Það vantar enn ferla eða vettvang fyrir þróun nýsköpunar á þessu sviði. Til dæmis er líklegt að ef mörg minni verkefni sem hér eru í þróun væru erlendis er líklegt að mörg hver væru orðin stór eftir skamman tíma og væru að stefna á skráningu á markaði.

Þó þróun verðbréfavíðskipta hér á landi hafi verið hröð og fremur jákvæð hefur verðbréfamarkaður ekki séð raunveruleikann ennþá. Hann hefur vaxið jafnt og þétt frá stofnun en aldrei fengið á sig kollsteypur. Tilvist verðbréfamarkaðar eykur möguleika á fjármögnun nýsköpunar. Margir telja að það skuli varast að færa fyrirtæki of snemma á markað. Til þess að fyrirtæki geti farið á markað þarf það að hafa myndað tekjur og fjárstreymi og sýnt ákveðinn aga við reksturinn. Þá þarf að vera vissir fyrir því að hægt sé að selja bréf í viðkomandi fyrirtæki. Það er betur heima setið en af stað farið að fyrirtæki með enga reynslusögu fer á markað og að vonlaust sé að selja hluti í því. Því eru reglur Verðbréfaþings mikilvægar. Víðskipti á verðbréfaþingi gefa upplýsingar um verðmætamat markaðarins á viðkomandi fyrirtæki, sem ekki væri hægt ef engin sala verður.

Verðmætamat á fyrirtækjum sem byggja á þekkingu og tækni er vandasamt. Besti mælikvarðinn er mat markaðarins, sem þó byggir ekki nema af vissu leiti á mælingum á eignum fyrirtækjanna, efnislegum og óefnislegum. Það er mikilvægt að koma á þekkingu á mati á óefnislegum þáttum fyrirtækja þar sem oft á tíðum er verðmæti þeirra töluvert hærri en á hinum efnislegu eignum. Það ætti að huga að því að koma á einskonar þekkingarþókhaldi í fyrirtækjum, eins og verið er að vinna að víða erlendis.

Víðmælendur voru ekki á sama máli varðandi kosti víð sérstakan nýsköpunarlista á Verðbréfaþingi Íslands. Margir töldu þó áhugavert að setja fram nýjan lista með nýsköpunarfyrirtækjum eingöngu. Á þeim lista mætti gera minni kröfur en til Vaxtarlistans en þó væru gerðar vissar kröfur um upplýsingar frá fyrirtækjunum. Með slíkum lista mætti etv. auka valkosti og aðgang nýsköpunar að fé. Það þyrfti að sjá til þess að fyrirtæki með tap komist inn á slíkan markað.

Hvað varðar sérstakan nýsköpunarmarkað utan Verðbréfaþingsins er spurning hvort fyrirtækin sem væru skráð þar væru ekki of fá. Sérstakur nýsköpunarlisti mundi vissulega auka umfjöllun og væri þetta að því leiti góð hugmynd. Aðrir töldu slíkan lista ekki bæta úr neinni þörf. Fyrirtæki sem eru á Vaxtarlista eru ekki alltaf mjög hátt metin á markaði. Vissulega vantar vettvang fyrir nýja aðila þar sem fáir eru að fjárfesta í nýsköpun. Athuga þarf hvort víðhorf til nýsköpunar sé of neikvætt til að slíkur listi komi að gagni.

Þá voru víðmælendurnir með ólíkar skoðanir varðandi skráningu íslenskra fyrirtækja á bandaríska NASDAQ markaðinum. Nokkrir töldu ekki líklegt að íslensk fyrirtæki teldu kost á fara inn á NASDAQ listann. Það er mjög dýrt auk þess sem þar eru settar of miklar kröfur. Hinsvegar töldu aðrir að skoða mætti möguleikann á að skrá íslensk fyrirtæki á NASDAQ eða aðra erlenda nýsköpunarmarkaði svo sem NASDAQ, EASDAQ ofl.

Fólk metur gjarna nýsköpunarsjóði eins og NASDAQ ranglega og heldur að þar eigi að skrá fyrirtæki sem varla hafa slitið sig frá víðskiptaáætlun. Benda má á að á Nasdaq eru fyrirtæki eins og Microsoft, Volvo og Ericson, sem varla teljast ný, þó um sé að ræða virk nýsköpunarfyrirtæki í hátækni.

Vel má skoða mismundandi atkvæða vægi hlutabréfa. Þetta gæti hjálpað frumkvöðum um fjármögnun án þess að þeir misstu of mikið af áhrifum sínum. Það verður þó að

taka tillit til þess að markaðurinn er mjög lítill. Þetta mál þolir þó vel að verða skoðað vel.

Mjög erfitt er að bera saman arðsemi ólíkra fyrirtækja. Samanburður á arðsemi nýsköpunarfyrirtækja annarsvegar og gamalreynndra fyrirtækja lúta mjög ólíkum lögmálum. Arðsemi fjárfestinga í nýsköpun þarf ekki endilega að vera minni en í skráðum fyrirtækjum. Það er erfitt að taka meðaltal af þessu því að samkvæmt reynslu eru það örfá nýsköpunarfyrirtæki sem sett eru á stofn eiga að mynda arðsemi fyrir alla fjárfestinguna. Þessu er venjulega ekki eins háttað við skráð bréf.

Hindranir

1. Mikilvægt er að koma á jafnvægi milli fjárfesta og frumkvöðla um samstarf. Á meðan auðvelt er að mæla verðgildi framlagðs fjármagns, er fremur erfitt að mæla verðgildi hugmynda eða þekkingar. Misræmi í gildismati á kostnað eigenda þekkingar getur valdið óvilja á samstarfi.
2. Skoða þarf vandlega 90% regluna um fjárfestingar stofnanafjárfestingar í skráðum verðbréfum. Meta þarf kosti og galla við að rýmka hlutfall fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, án þess þó að stofan til óþarfa áhættu.
3. Heimila skal í skattalögum fjárfestingar ákveðinna aðila í nýsköpunarfyrirtækjum, þannig að þeir búi við sömu skattalegu skilyrði og verðbréfasjóðir.
4. Vinna skal markvisst að því að þau ríkisfyrirtæki, þar með orkufyrirtæki, sem seldu eru fari sem fyrst á verðbréfamarkað. Þetta eykur framboð og kallar um leið á eftirspurn.
5. Gæta skal þó fyllstu varkárni við þróun reglna um verðbréfamarkaði þar sem íslenskur hlutabréfamarkaður hefur fremur stutta sögu og hafa engar meiriháttar kollsteypum átt sér stað á þeim tíma sem Verðbréfafélag Íslands hefur verið vettvangur fyrir viðskipti.
6. Skoða skal kosti þess og galla að koma á nýjum lista við Verðbréfafélag Ísland, eða leita samvinnu við erlendar kauphallir á sviði nýsköpunar. Þetta eykur útboð hlutabréfa og vekur athygli á þeim fjárfestingarkostum sem nýsköpunarfyrirtæki eru.
7. Leita skal leiða við að auðvelda íslenskum fyrirtækjum sem telja skráningu á erlenda verðbréfamarkaði, svo sem NASDAQ. Mikilvægt er að koma á þekkingu á slíku ferli hjá verðbréfafyrirtækjum.
8. Skoða þarf kosti þess og galla að koma á fleiri þrepum atkvæðamagns hlutabréfa í landinu, hugsanlega á sama tíma og hömlum verði létt af erlendum fjárfestingum í landinu.
9. Erfitt er að meta verðgildi ófenislegra eigna fyrirtækja enda engin reynsla á því hér á landi. Það þarf að leggja drög að því að koma á þekkingarþókhaldi í íslenskum fyrirtækjum eins og er að gerast víða erlendis.

Stuðningsumhverfi nýsköpunar, aðstoð við nýsköpun fyrirtækja.

Hvernig má koma stuðningi við frumkvöðla/rannsóknarmenn best fyrir. Er ofuráhersla á ný fyrirtæki á meðan starfandi fyrirtæki njóta minni þjónustu. Hefur hið opinbera nægilegan skilning á atvinnulífinu til að geita veitt því stuðning. Er nægilega mikið vitað um forsendur ólíkra verkefna, t.d. virðisauka til forgangsroðunar. Er til nægileg þekking í stuðningsumhverfinu til að veita nauðsynlega tæknilega aðstoð. Er til kerfi í stuðningsumhverfinu til að meta þörf nýsköpunarfyrirtækja og bregðast við henni. Eru vandamál með samskipti fjármagns og tækni.

Flestir viðmælenda töldu að ákveðin tegund stuðnings ætti fullan rétt á sér. Nefnt var sem dæmi að Rannís hefur styrkt fyrirtæki til að ráða til sín tæknimenn og mætti halda slíku áfram og jafnvel auka það. Ljóst er að einhver fjöldi tæknimanna sem kemur inn í fyrirtækin á þessum forsendum haldi áfram starfi eftir að verkefninu lýkur.

Þó eru stundum brögð að því að ýmiss stuðningur sé á forsendum hins opinbera. Virðist vera eins og verið sé að skapa vinnu fyrir einstaklinga fremur en verðmæti fyrir fyrirtækin. Það þarf að gera greinarmun á stuðningi til nýsköpunar og almennri ráðgjöf. Það ætti að aðskilja ráðgjafþjónustu frá ríkinu að öllu leiti.

Þá má leiða líkur að því að þekking og skilningur fyrir þörf nýsköpunarfyrirtækja sé ekki fyrir hendir hjá hinu opinbera. Mikilvægt er þó alltaf að hafa að leiðarljósi að verkefnin sem stuðningsumhverfið setur af stað sé í tengslum við þarfir fyrirtækja. Það mætti koma stuðningi við frumkvöðla þannig fyrir að það væri tengt einhverskonar ábatakerfi svipað og launahvetjandi kerfi. Þá þarf að vera aðgangur að ýmiskonar þjónustu sem ekki hefur verið til þessa. Vandamál nýsköpunarfyrirtækja er gjarnan skortur á stjórnunarþekkingu, en slík þekking er nánast forsenda þess að nýsköpun heppnist. Það hefði t.d. átt að nota einstaklinga með stjórnunarþekkingu til að veita nýjum fyrirtækjum þá þjónustu sem þau þarfnast til að komast á skrið.

Það er mikilvæg spurning hvernig best megi koma verkefnum til loka þeirra. Svarið við þessu er virk verkefnastjórn og samstarf á milli aðila með þekkingu á þeim sviðum er málið varðar. Fyrirtækið verður þó sjálft að hafa vald til að dreifa peningum milli samstarfsaðila. Fag- og markaðþekking þarf að vera fyrir hendi á því sviði sem varðar samstarfið.

Það er ekki til nægilega mikil þekking á þörf nýsköpunarfyrirtækja í stuðningsumhverfinu en skilningur virðist þó fara vaxandi. Þá má halda því fram að ekki alltaf valin réttu verkefnin til að veita stuðning og þarf því að skoða hvert verkefni fyrir sig og fyrirhugaða útkomu þeirra betur áður en lagt er af stað með þau.

Leggja þarf áherslu á að koma upp aðstöðu og þekkingu til að að uppfæra grunngerð (prótótýpu) til fullrar framleiðslu (upscaling). Þessi uppfærsla úr smáum stíl til fullrar framleiðslu er mikilvæg þar sem í þessu ferli eru jafnan margir flöskuhálsar.

Opinberir aðilar verða að taka skipulega á málum og setja hugmyndir sínar varðandi stuðning við nýsköpun í ákveðinn búning og huga að samræmingu milli hinna ýmsu aðila stuðningsumhverfisins. Það er mikilvægt að hjálpa til á frystu stigum nýsköpunar og hvetja til vaxtar. Yfirvöld hafa sýnt þessum málum meiri athygli en áður en mættu gera betur. Sem dæmi um vel heppnaðar aðgerðir má nefna að Iðntæknistofnun Íslands hefur haft með að gera nokkur stuðningsverkefni sem hafa gengið prýðilega.

Starfandi fyrirtæki hafa hlutverki að gegna hvað varðar nýsköpun enda liggja að baki því bæði innri og ytri ástæður. Of mikil áhersla virðist vera lögð á stuðning við ný fyrirtæki meðan starfandi hafa ekki notið nauðsynlegrar þjónustu. Oft hafa yfirvöld lagt áherslu á röng verkefni enda hefur ekki verið tekið nógu markvisst á málum.

Frumkvöðlar hafa ekki alltaf til að bera þá þekkingu sem til þarf svo að fyrirtæki þeirra nái fótfestu. Skorti þá aðstoð á ýmsum sviðum geta gjaldþrot orðið afleiðingin

af því. Nýsköpun er í eðli sínu áhættusöm og því við því að búast að ekki takist vel til með öll verkefni á sviði nýsköpunar. Við þessu er lítið að gera annað en að haga skipulagi verkefna og aðstoð við frumkvöðla á þann hátt að sem mest sé dregið úr áhættu.

Umfangsmikil þekking er til í stuðningsumhverfi nýsköpunar en oft er erfitt að nýta hana á bestan hátt. Stuðningur fer oft of mikið í rekstur stofnana eða jafnvel til að greiðan niður kostnað sem fyrirtækin þurfa hvort sem er að leggja í. Mikilvægt að byggja upp þekkingu til að taka á móti þeirri starfsemi sem á henni byggir.

Hvað varðar matskerfi fyrir verkefni og fyrirtæki mætti láta reyna á Nýsköpunarsjóðinn og aðferðir hans. Líklega mætti setja upp hóp af sérfræðingum á sem flestum sviðum sem væri aðgengilegur þeim sem vildu. Vandamál með samskipti fjármagns og tækni ætti að leysa í samtölum en ekki með nýjum stofnunum.

Hindranir

1. Verkefni á borð við “Tæknimenn í fyrirtæki” sem Rannís hefur styrkt er dæmi um vel heppnaðan stuðning. Skipuleggja þarf stuðningsverkefni með heildarþörf fyrirtækja í huga.
2. Lítil þekking og skilningur er á þörf fyrirtækja fyrir stuðningi í formi, þekkingar, fjármagns og menntunar hjá hinu opinbera. Koma þarf skipulagi yfir þessa þætti.
3. Sérstaka áherslu þarf að leggja á að innan stuðningsumhverfisins sé til aðgengileg þekking á þáttum eins og verkefnastjórnun, þróun frá grunngerð (prótótýpu) til fullrar framleiðslu, markaðsmálum og sértækum tæknilegum lausnum. Þá þarf að finna farveg fyrir tækniyfirfærslu, sem ætti að hlú sérstaklega vel að.
4. Setja þarf stuðningsumhverfið í gegnsæjan farveg. Víða í kerfinu er til mikilvæg þekking sem þarf að koma að sem bestum notum, í víðu samhengi. Til dæmis þar að vera til stöðluð þekking á matsaðferðum verkefna, þannig að skilningur sé á því erlendis að verkefni metið á Íslandi, njóti skilnings erlendis.

Þörf nýsköpunarfyrirtækja fyrir menntað starfsfólk.

Lítill krafa gerð til menntunar eða starfsmenntunar í fyrirtækjum. Óhentugt námslánakerfi letur menntað fólk til að taka áhættu. Áhrif starfs frumkvöðla á efnahagslífið í heild. Forkaupsréttur launþega á hlutabréfum telst til hlunninda, er hægt að auka notkun þess. Er menntastefna í landinu í tengslum við stefnu atvinnulífs til framtíðar ef skoðað er framboð og eftirspurn.

Krafa fyrirtækja um menntun starfsmanna er að aukast enda hefur reynsla starfsmanna að aukast frá því sem var. Námskerfið er þó þannig uppbyggt að það hvetur ekki til áhættu. Frumkvæði og áhætta ætti að vera innbyggt í menntakerfið. Því þarf að koma inn í skólana hvernig er að vera frumkvöðull og hvernig brugðist skuli við áhættu í rekstri. Fáir vilja taka áhættu eftir dýrt nám. Hefur verið erfitt að finna fólk sem vill taka við nýjum fyrirtækjum ef áhætta fylgir með.

Vart hefur orðið við jákvæða þróun hvað varðar menntastefnu. Viðskiptaháskólinn er góður kostur að mati flestra viðmælenda og má segja að með því framtaki sem stofnun skólans sé er kerfið að taka við sér. Nýsköpunarfyrirtæki gera kröfur til

menntunar fólks á ýmsum sviðum. Nýsköpun byggir á þekkingu starfsmanna og menntun sem leiðir til þess að fyrirtæki sækja æ meira eftir menntuðu fólki.

Það vantar þó enn fólk með ýmsa sérþekkingu sem gagnast nýsköpun. Það þarf nánast að ala fólk upp í námi þannig að það læri þá þætti í fyrirtækjarekstri þar sem þörfin er einna mest. Skortur er t.d. á fólki með viðskipta og upplýsingatækniþekkingu. Því er mjög áhugavert verkefni ríkisstjórnarinnar sem hefur ákveðið að veita 580 milljónum til Roð á sviði upplýsinga- og umhverfistækni. Meðan ekki er forgangsraðað í vísindum verður þó að fara varlega við val á leiðum. Mikilvægt í þessu sambandi er að mynda strax tengsl milli fyrirtækja og fólks í námi t.d. líftækni. Mikilvægt að námslánakerfið styrki nemendur fyrir skólagjöldum sem oft eru há, en það gæti verið liður í að bæta enn betur möguleika einstaklinga á umfangsmikilli menntun sem gæti nýst við nýsköpun af ýmsu tagi.

Vandamál er að æðri menntastofnanir hafa takmarkað fjármagn sem hamlar því að í boði sé það nám sem atvinnulífið kallar eftir. Það er fyrirsjáanlegt að fólk vantar í vissar greinar í framtíðinni. Það þarf því að byggja upp "safn" þekkingar í landinu og er liður í þeirri söfnun að samræma stefnur um nýsköpun, atvinnulíf og menntun.

Einn viðmælenda taldi að eftirspurn yrði að menntun á eftirfarandi sviðum:

- Tölvuforritarar,
- Stærðfræðingar
- Eðlisfræðingar
- Stjórnendur MBA

Menntun ein og sér er ekki nægileg til að gagnast atvinnulífinu, til þess þarf agað uppeldi ungs fólks til starfa. Ungt fólk sem kemur upp úr grunnskóla og framhaldsskólum er illa agað og illa undirbúið undir virka þátttöku í atvinnulífinu. Um þetta er að kenna bæði skólakerfinu og heimilunum. Þetta fólk skrifar illa ef það kann það og kann varla að reikna. Fyrirtæki þurfa að taka þetta fólk og aga það og koma því í réttan farveg. Þetta eru frískir einstaklingar en illa undirbúnir undir þátttöku á vinnumarkaði.

Mikilvægur feill í kerfinu er bæði námsefni og kennararnir. Námsefni er of seint endurnýjað og kennaraflotinn er háður samþykki kjarafélögum kennarafélaga. Þetta þýðir lélegar bækur og lélegir kennarar. Þetta mál er erfitt viðureignar enda er það verndað.

Það ætti að vera heimilt að nota Stock options meira, en þetta er mjög erfitt nú vegna óklárra skattareglna. Þetta er tvímælalaust litið á sem hindrun meðal eigenda nýsköpunarfyrirtækja. Ekki eru almennt þekktar reglur um Stock options en þetta þarf að taka föstum tókum. Það skapar eldmóð innan fyrirtækisins ef nýtt og hæft starfsfólk getur vænst þess að fá ávinning ef fyrirtækið gengur vel. Það er meira skortur á hæfu fólki sem er hindrun en að fyrirtæki vilji ekki leita til menntaðs hæfs fólks.

Hindranir

1. Byggja þarf inn í námskerfið hvata til áhættu og frumkvæðis.

2. Mikilvægt er að koma á tengslum milli fyrirtækja og námsmanna þegar á námstímanum. Rannsóknánámssjóður er liður í þessu, en opna þarf augu bæði fyrirtækja og hins opinbera fyrir þessum möguleika.
3. Byggja þarf inn í menntastefnu landsmanna þá framtíðarþörf sem fyrirtækin hafa fyrir sérstakri þekkingu. Þetta er best gert með því að auka útböð námsgreina.
4. Mikilvægt er að skólayfirvöld geri sér grein fyrir þeirri þýðingu sem ungt fólk á vinnumarkaði hefur fyrir atvinnulífið. Búa verður fólk betur undir atvinnulífsþátttöku en gert er í dag og þarf m. a. að sjá atvinnulífinu fyrir öguðum einstaklingum. Liður í þessu er að bæta námsefni og kennslu.
5. Heimila í skattalögum að einstaklingar sem koma til starfa hjá nýsköpunarfyrirtækjum fái forkaupsrétt á hlutabréfum miðað við ákveðið gengi og við ákveðinn tímapunkt. Heimila þarf umburðarlinda skattameðferð slíkra samninga.

Fyrirtækin sjálf og sá reynsluheimur sem þau eru sprottin úr hamla oft nýsköpun.

Er skortur er á langtímahugsun, skipulagðri áætlanagerð, stefnumótun og sjálfsgagnrýni og er andstaða við utanaðkomandi mat á hugmyndum.

Innan fyrirtækja er langtímahugsun og áætlanagerð enn vandamál þótt nýjar skoðanir á þessum sviðum séu að ryðja sér til rúms. Mikilvægt er að fyrirtæki sýni aga í rekstri sínum. Stærri fyrirtæki hafa náð nokkru valdi á áætlunargerð á tímum aukins stöðugleika í umhverfinu. Stöðugleiki er mikil nauðsyn þegar fyrirtæki móta stefnu um framtíð sína. Þó má almennt má segja að íslensk fyrirtæki séu alls ekki nægilega skipulögð. Þetta er þeim sjálfum að kenna. Það vantar ögun og skipulag hvað varðar stefnumótun, markmiðasetningu, góða stjórn og það að velja gott fólk í stjórn. Það skortir á sjálfsgagnrýni stjórnenda, sérstaklega í fjölskyldufyrirtækjum.

Þá vantar sárlega sérhæfða gæðaumfjöllun um viðskipti í fjölmiðlum. Fjölmiðlar hafa lítinn skilning á málefnum atvinnulífsins. Þeir fjalla mjög almennt um atvinnulíf og nota gjarnan upphrópanir í æsifréttastíl. Fyrirtæki geta of mikið notað sér fjölmiðla til að koma eigin málum á framfæri. Markaðurinn treystir ekki upplýsingum úr fjölmiðlum. Undantekning er þó Viðskiptasíður Morgunblaðsins og Viðskiptablaðið. Stórum upphrópunum og fyrisögnum er aldrei fylgt eftir af fjölmiðlum.

Það þarf að hlúa að nýsköpun innan fyrirtækja en umhverfi inni í fyrirtækjum getur verið hamlandi, þó sjá megi að þetta er að batna. Áhugavert er að taka eftir því að áætlanagerð og skipulag að koma meira fram í sjávarútvegi þó skammtímahugsunargangur sé enn víða ríkjandi.

Almennt er mikil gerjun og framfarahugur í íslensku atvinnulífi og eru málin alltaf að batna. Veidimannahugsunin er þó enn of sterk sem verður skorti á langtímahugsun. Í byrjun þessa áratugar var mikið óþol eftir hagnaði. Nú er vöxtur fyrirtækja að verða mikilvægur enda eru fyrirtækin farin að skilja gildi vaxtar.

Skortur er á fagmennsku í stjórnun í nýjum fyrirtækjum. Oft eru litlar kröfur gerðar um t.d. bókhald og aðra skráningu frá bönkum sem fyrirtækin versla við. Þá reyna frumkvöðlar koma til fjárfesta og ætla að "blaðra" sig í gegnum ákveðin mál. Segja má að enn sé agaleysi ríkjandi í rekstri fyrirtækja.

Samstarf á sviði nýsköpunar snýst um mannleg samskipti. Mikilvægt er að frumkvöðlar og vísindamenn tali sama mál en um það er ekki alltaf að ræða. Fyrirtæki eru veik að nýta nýja tækni og verður því að skapa þeim möguleika á að byggja upp þekkingu innan fyrirtækjanna til að taka við nýrri tækni og vinna sjálfum að lausnum á þeim málum sem koma upp.

Ný kynslóð sem er að koma fram nú sem stjórnendur fyrirtækja virðast þó koma með skipulegri og faglegri starfsanda. T.d. þeir sem eru fæddir eftir ca 1950 eru með nýjar víddir í stjórnun og eftir 5-10 ár mun breytingin sjást vel. Fyrirtækin eru að gera það sem þau kunna best. Nú er meira gert til að finna réttu aðilana til að bæta upp það sem á vantar innan fyrirtækja. Ekki endilega sjálfgefið að fyrirtækin sjálfi geri all hluti sjálf. Sjá má í þróun dagsins í dag að fjölskyldan sem áður stjórnaði öllu og vissi allt er ekki við stjórn lengur.

Bæði hjá hinu opinbera og í atvinnulífinu, til að mynda í sjávarútvegi er verið að leita til ráðgjafa um stefnumótun og aðra þætti stjórnunar. Þetta var mjög fátítt áður. Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðari árum sérstaklega í verslun og byggingariðnaði. Fyrirtæki sem voru sterk á 7. áratugnum eru ekki til lengur en ný komin í þeirra stað. Áhugavert væri að kortleggja það sem olli þeim breytingum.

Hindranir

1. Lítill heimamarkaður stendur fyrirtækjum fyrir þrífum, þar sem þau ná ekki nógu mikilli veltu og þar með hagnaði. Þetta krefst þess að nýsköpunarfyrirtæki verða að hafa útrás að markmiði frá fyrsta degi.
2. Mikilvægt er að fyrirtæki byggi upp áætlanir og stefnumótunarferli. á þessu er misbrestur í of mörgum íslenskum fyrirtækjum. Stöðugleiki í efnahagslífinu er forsenda þess að slíkt sé gerlegt.
3. Gæðumfjöllun um viðskipti í fjölmiðlum er tæpast fyrir hendi. Það væri kostur fyrir fyrirtækin að fagleg umræða um þau eigi sér stað. Þetta hefði einnig kosti fyrir hlutabréfamarkað með íslensk fyrirtæki.
4. Skortur er á langtímahugsun innan fyrirtækja, þrátt fyrir að stöðugleiki í efnahagslífinu hafi verið viðvarandi um hríð. Þessu þarf að breyta.
5. Auka þarf möguleika innlendra fyrirtækja að nýta nýja tækni bæði með því að bæta móttökumöguleika þeirra fyrir nýrri tækni og um leið auka flæði þekkingar og tækni í nýsköpunarkerfi landsins.

Saga og menningarheimur atvinnulífsins mótar nýsköpunarstarf fyrirtækja
Stutt er síðan fyrirrákin fóru að leita lausna sjálf en áður voru lausnir innfluttar. Skammtímalausnir hafa lengi verið í hávegum hafðar vegna sveiflna í efnahagslífi fyrri ára. Fyrirtækin vilja sjálf finna lausnir fremur en að gera það í samstarfi

Auka þarf með skipulögðum hætti fagmennsku í stjórnun fyrirtækja og er agi sá lykill sem skapar virkisveggi um fyrirtækin, en innan þessara veggja geta þau starfað með meira frjálsræði og virkjað þar sköpunargáfu starfsmanna sinna. Þar getur frumkvöðullinn verið með nýjungar.

Fyrirtæki er eins og fótboltalið. Liðinu þarf að stjórna því að það hefur margvíslegt hlutverk á vellinum. Ekki nóg að vera góður í sókn heldur þarf að æfa vörnina eins

vel. Þetta gátu fyrirtækin sem eru nú að hverfa ekki gert. Þau voru alltaf í sókn og áttuðu sig ekki á því að andstæðingurinn var að skora mörk. Meðal annars þess vegna er það mikilvægt að í stjórn sitji hæfir menn og jafnvel að hlutabréf fylgi með í því sa, sambandi, jafnvel skipti á hlutabréfum. Það koma alltaf upp mál sem stjórnendur þekkja ekki og vitja jafnvel ekki að þeir kunna ekki. Þá er mikilvægt að hafa menn með þekkingu í stjórn eða hafa aðgang að þeim annarsstaðar.

Hindranir

1. Mikilvægt er fyrir framþróun nýsköpunar að í stjórn nýsköpunarfyrirtækja sitji menn með þekkingu á sem flestum sviðum atvinnulífsins. Stjórnir bera mikla ábyrgð á þróun fyrirtækja og mætti því koma á kerfi umbunar, t.d. í formi hlutabréfa, í tengslum við stjórnarsetu.

Viðauki I: B-vísitala tekjuskatta í nokkrum ríkjum OECD.

Land	Frádráttur vegna Roð í %	Afskrift-ir Roð fjárfestinga	Skilyrði flutnings útgjalda v/ Roð.	Skatt frestun %	Grunnur skattaafláttar	Skatta frestun leyfð	Kostn. við hverja Roð krónu eftir skatt	B-vísitala	Frádráttur útgjalda	Skattaprósenta
Ítalía	100	vaxandi	engin	engin		já	0,192	0,410	kostn.	53,2
Kanada	100	100% ekki bygg.	7 ár	20		já	0,407	0,502	kostn.tæki oph.	18,9
Holland	100	eins og aðrar fjárf.	8 ár	12,5/25	Roð launa-kostnaður	já	0,368	0,631	kostn.	40,0
Spánn	100	100% eða afskrifað	5 ár	15	viðbótarkostnaður	já	0,428	0,658	kostn.tæki oph.	35,0
Kórea						já	0,573	0,814	kostn.	36,5
Ástralía	150 (í 125)	3 ár	engin	engin		já	0,569	0,889	kostn.tæki oph.	36,0
Bandaríkin	100	3 ár en 15 fyrir bygg.	3/15 ár	20	viðbótarkostnaður	já	0,527	0,893	kostn.	41,0
Frakkland	100	3 ár, þó ekki bygg.	3 ár	50	viðbótarkostnaður	já	0,616	0,923	kostn.	33,3
Austurríki	105	vaxandi	5 ár	engin		já	0,615	0,932	kostn.	34,0
Japan	100	beinar afskr. eða föst %	engin	20	viðbótarkostnaður	já	0,579	0,935	kostn.	38,1
Danmörk	125	100%	5 ár	engin		nei	0,660	1,000	kostn.tæki oph.bygg.	34,0
Írland						nei	0,900	1,000	kostn.tæki oph.bygg.	10,0
Bretland	100	100%	5 ár	engin		nei	0,670	1,000	kostn.tæki oph.bygg.	33,0
Sviss	100	eins og aðrar fjárf.	2 ár	Roð samningar		nei	0,905	1,003	kostn.	9,8
Belgía	100	3 ár en 20 ár bygg.	5 ár	engin		já	0,603	1,008	kostn.	40,2
Finnland						nei	0,726	1,008	kostn.	28,0
Grikkland						nei	0,656	1,008	kostn.tæki oph.	35,0
Tyrkland						já	0,800	1,000	kostn.tæki oph.bygg.	20,0
Mexíkó						nei	0,670	1,015	kostn.	34,0
Svíþjóð	100	30% á ári en 4% bygg.	skatta skuld	engin		nei	0,731	1,015	kostn.	28,0
Noregur	100	eins og aðrar fjárf.	10 ár	engin		nei	0,733	1,017	kostn.	28,0
Portúgal						nei	0,651	1,017	kostn.	36,0
Ísland	100	8 ár en 40 ár bygg.	5 ár	engin		nei	0,689	1,028	kostn.	30,0
Þýskaland	100	30% á ári en 4% bygg.	1/5 ár	engin		nei	0,456	1,051	kostn.	56,6
Nýja Sjáland						nei	0,758	1,131	enginn	33,0

Heimild:OECD

B-vísitala er mælistika á hve gefandi skattameðferð Roð fær. Aðferðin gerir ráð fyrir ýmisskonar skattameðferð en gefur samt möguleika á samanburði milli landa. Almennt má segja að því lægri B-vísitala sem á við ákveðið land er, því meria gefandi er skattakerfi landsins gagnvart Roð.

Ef B-vísitala er sama og einn, þýðir það að tekjuskattkerfi fyrirtækja er hlutlaust gagnvart fjárfestingum í Roð, jafnvel þótt aðrir skattar í kerfinu sem hafa ekki áhrif á B-vísitala, séu það ekki.

B-índes er skilgreindur sem núvirði tekna fyrir skatt sem þarf til að dekkja kostnað við Roð og til að borga tekjuskatt, þannig að það borgi sig að framkvæma rannsóknir.

Stærðfræðilega er B-vísitala sama og *kostnaður eftir skatt* einnar krónu útgjalda til Roð, deilt með einn mínus tekjuskattsprósentan. *Kostnaður eftir skatt* er nettókostnaður við fjárfestingu í Roð, þar sem tekið hefur verið tillit til mögulegra skattaívilnana.

$$\text{B-vísitala} = \frac{(1-A)}{(1-c)}$$

Þar sem c er tekjuskattsprósenta og A er netto verðgildi afskrifta, skattaíviljana og annarra sérstakra frádrátta vegna stofnkostnaðar tengdum Roð.

Í landi sem heimilar fullan frádrátt af Roð útgjöldum og veitir engar skattaívilnanir er $A=\infty$ og þar með $B=1$. Því hentugri fyrir fyrirtækin sem skattaleg meðferð er vegna Roð því lægri er B-vísitalan. Þó er bent á að útreikningar á þessari vísitala hafi í för með sér vissa einföldun og ætti því að skoða B-vísitöluna í samhengi við aðrar viðeigandi mælistikur.

B-vísitalan gengur út frá því að viðkomandi fyrirtæki greiði skatt, þannig að það geti nýtt sér skattaívilnanir, séu þær fyrir hendi.

Raunveruleg áhrif á skattaívilnanir í hvaða formi sem er á kostnað við Roð eftir skatt er undir áhrifum á tekjuskattsprósentu. Hækkun á tekjuskattsprósentu lækkar B-vísitöluna aðeins í þeim löndum sem hafa hagstæðustu meðferð á skattalega meðferð vegna Roð.

Viðauki II: Skattar á hagnað fyrirtækja, arð og fjármagnstekjur á Íslandi og í nokkrum ríkjum Evrópu.

Tillögur EVCA (European Ventur Capital Association) um skattamál komu fram í "The EVCA White Paper" frá 1995. Tax and Legal Committee.

1. Löggjafarfar ættu að innleiða skattahvata og aðhæfa þeim aðilum sem bera hvað mesta áhættu.
2. Jákvæður munur þarf að vera á milli fjármögnunar með eigið fé og með lánsfé, þar sem eigið fé hefur meiri áhættu í för með sér. (engar tryggingar).
2. Innleiða ætti fjárhagslegna hvata til að hvetja einstaklinga til að fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum.

Málefni	Ísland	Bretland	Frakkland	Þýskaland	Ítalía	Spánn	Portúgal	Danmörk	Belgía	Holland	Finnland	Svíþjóð
Skattlagning á hagnaði og arði. Hver er tekjuskattsprósenta fyrirtækja í hverju landi.	30% á tekjur og fjármagnstekjur. Fjármagnstekjur frádráttarbærar gegn kaupum á öðrum hlutabréfum.	33% á tekjur og fjármagnstekjur. Ef hagnaður er minni en 300.000 pund er prósentan venjulega 25%. Milli 300.000 og 1,5 milljónunda er prósentan á bilinu 24% til 33%.	33,33% (langtíma fjármagnstekjur eru með 19% skatti). Skattur frestast á 10% af skattgreiðslu.	30% á yfirfærðan hagnað og 45% á hagnað ársins. Aukaskattur upp á 7,5% tekjuskatt. Samanlögð skattaprósenta er um 33% við yfirfærðan hagnað og rúm 48% á tekjur sem haldið er eftir.	53,2%	35%	36% ásamt aukagreiðslu til nokkurra sveitafél. allt að 10% af tekjusk. Hæsti skattur því 39,6%	34%	40,17% (getur lækkað hjá SME með hagnað allt að BEF 13 millj.).	Skattur að hagnað, hvaðan sem er í heiminum. Hagnaður að NLG 100 þús með 40%, jöfnuður við 35%.	28%	28%
Þegar fyrirtæki greiðir út arð hver er skattur móttakenda, hlutafa sem eru fyrirtæki skrásett í landinu.	Skattur móttakanda er 30% eins og tekjuskattur	Engin. Arður meðhöndlaður sem almennar fjárfestingar tekjur og njóta vissra skattfríðinda.	Sérstakar undanþágur gilda ef móðufélag á amk. 10% hlutafjár í því er greiðir arð.	Upphæð sem greiðandi fyrirtæki heldur eftir meðhöndlað sem innborgun á skatti. Skattavívilnair í vissum tilfellum	Tekjuskattur félaga að fullu en njóta skattaívilnana í vissum tilfellum	Greiddur tekjuskattur á bruttó arðgreiðslur en skattaívilnair í vissum tilfessum. T.d. ef móttakandi arðs á meira en 5% hluti í hinu félaginu í a.m.k. 2 ár	Venjulega greiddur 5% gjafa og erfðaskattur. Nema ef móttakandi er hluti af sk. skattahópi eða eignarhaldsfélag	66% af bruttó arði er hluti skattstofns. Skattaívilnair veittar í vissum tilfellum.	Skattað sem venjulegar tekjur. Frádráttur af 95% arðs ef: a) hlutr hærri en 5% og b) tengsl greiðanda og móttaknda uppfylli vissa reglur	Skattlagt nema um vissar undanþágur sé að ræða: T.d. eignaraðild meira en 5%.	Ekki sérsköttun en leggst á tekjuskattstofn. Skattaívilnair í vissum tilfellum.	Venjuleg álagning tekjuskatts. Fellur niður ef eignaraðild er meiri en 25% eða um sé að ræð eignarhaldsfélg.

Fjármagnstekjuskattur Hver er fjármagnstekjuskattur þegar hluthafi selur hlut sinn ef hann er einstaklingur skráður í landinu	10% sem haldið er eftir af greiðanda	Ýmisst 25% eða 40% eftir skattstigi. Frádráttur í tengslum við endurfjárfestingu og verðbólguhagnað	Fjármagnstekjuskattur 19,9% ef upphæð fer yfir visst lágmark	Fjármagnstekjur hluti skattstofns ef selt innan 6 mán. frá kaupum eða hlutur hærri en 25%. Ýmsar undanþágur leyfðar	Fjármagnstekjuskattur 25% af hagnaði í óskráðum félögum Enginn fjármagnstekjuskattur í skráðum fyrirtækjum	Fjármagnstekjuskattur enginn ef slaa er undir 500 þús Pts. Skattur frá 20% til 56% við hærri upphæð. Fellur niður eftir 10 ár fyrir óskráð félög og 15 ár fyrir skráð.	Fjármagnstekjuskattur við sölu hluta er 10% enf fellur niður eftir 1 árs eign.	Við sölu innan 3 ára er fjármagnstekjuskattur allt að 58%. Tap frádráttar-bært. Eftir 3 ár meðhöndlað sem tekjur af hlutum. Undantekningar eru til	Engin fjármagnstekjuskattur ef hlutur meiri en 25% af útgefnum hlutum síðustu 5 ár. Ef selt er til útlanda, ef seljandi er fjárfestir eða hluti í eigu hans skemur en 5 ár eru skattur 16,995%	Enginn fjármagnstekjuskattur nema ef einga var 1/3 eða meira af hlutafé á síðustu 5 árum en þá er 20%	Fjármagnstekjur skattaðar með 28%.	Fjármagnstekjuskattur er 30%
Hver er fjármagnstekjuskattur þegar hluthafi selur hlut sinn ef hann er einstaklingur skráður í landinu	10% fjármagnstekjuskattur. Reglum um eign ákeðinna bréfa í amk. 3 ár.	Tekjuskattur 33% en ýmiss frádráttur leyfður svo sem vegna verðbólguhagnaðar	Ef hlutur er eldri en 2 ár og ekki hluti af fjárfestingar pakka 19%. Getur farið upp í 33,3%	Tekjuskattur með aukagjaldi um 48,38% af hagnaði. Í vissum tilfellum einnig skattur stíl sveitarfélags	Tekjuskattur 53,2%	Fjármagnstekjuskattur fastur við 35%	Fjármagnstekjuskattur 36% auk skatts til sveitarfélaga allt að 10% af því	Innan 3 ára meðhöndlað sem grunnur tel tekjuskatts. Tap frádráttar-bært frá fjármagnstekjuhagnaði innan 3 ára	Engin svo framarlega sem sótt er um það.	Meðhöndlað sem hluti tekjuskattstofns nema um sé að ræða undanþágu	Fjármagnstekjur með 28% sem venjulegar tekjur	Meðhöndlað sem hluti tekjuskattstofns

